

Hafnarfjörður, 20.04.2026
Mál: 2025-01-0052

Málefni: Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna svara framkvæmdaaðila við umsögn Haffrannsóknastofnunar um áform um landeldi í Hvalfirði.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Haffrannsóknastofnunar vegna áforma Aurora fiskeldis um landeldi við Grundartanga í Hvalfirði og þann 17. Febrúar 2026 óskar eftir frekari umsögn Haffrannsóknastofnunar svör framkvæmdaaðila.

Haffrannsóknastofnun hefur kynnt sér svör framkvæmdaaðila við athugasemdum sem koma fram í umsögn stofnunarinnar. Eðli og umfang framkvæmdarinnar felur í sér áhættu á breytingum á vistkerfi Hvalfjarðar. Því er þarft að viðhafa varúðarnálgun og meta eins vel og kostur er hugsanleg umhverfisáhrif starfseminnar.

Líkt og áður kom fram þá er losun uppleystra næringarefna sambærileg við 28.000 tonna eldi í opnum sjókvíum, og losun á föstum úrgangi er sambærileg við 8.400 tonna eldi í opnum sjókvíum. Skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi er Haffrannsóknastofnun ekki gert að framkvæma burðarpólsmat þegar um landeldisstarfsemi er að ræða, en þegar slíkt mat er gert þarf það að byggja á upplýsingum um hafstrauma í firðinum auk fleiri gagna.

Á grunni þeirra upplýsinga og gagna sem lögð eru fram og vísað í í umhverfismati, og svörum framkvæmdaaðila, telur stofnunin ekki vera nægilega vel gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vistkerfi Hvalfjarðar og að áhætta sé á umhverfisáhrifum umfram þau sem lýst er í niðurstöðu umhverfismatsskýrslunnar.

Athugið að gögn um umhverfismælingar í Hvalfirði sem áður var vísað í hafa nú verið gerð aðgengilegri. Í ljósi ofangreinds ítrekar stofnunin einnig fyrri ábendingu um að öflugt haffræðilegt líkan (ROMS) hefur verið þróað fyrir Hvalfjörð. Er tilefni til að nýta það til að meta umhverfisáhrif hverskonar, auk þess að taka til greina þau umfangsmiklu gögn sem nú eru hafa verið gerð aðgengileg.

Straummælingagögn:

- Seasonal oceanography of Hvalfjörður in southwest Iceland 2024-2025 – mooring data - <https://www.seanoe.org/data/01021/113246/>

Sjómælingagögn:

- Seasonal oceanography of Hvalfjörður in southwest Iceland 2024-2025 - CTD data - <https://www.seanoe.org/data/00993/110439/>
- Seasonal oceanography of Hvalfjörður in southwest Iceland 2024-2025 – discrete samples - <https://www.seanoe.org/data/00992/110401/>

Sértækar athugasemdir og svör við þeim.

11.3

Í svari er vísað í sérfræðiskýrslu Vatnaskila og helstu niðurstöður umhverfismatsskýrslu. Hafrannsóknastofnun telur áfram tilefni til þess að framkvæma ítarlegra mat á umhverfisáhrifum á grunni líkans sem hermíur betur aðstæður og á grunni mun viðameiri gagna en þeirra sem niðurstaðan byggir á.

11.4

Hafrannsóknastofnun telur enn verulega óvissu ríkja um niðurstöðu líkanareikninga og benda má á að líkanið byggir á takmörkuðum gögnum. Bendir framkvæmdaaðili á að stofnunin hafi ekki gert athugasemdir við matsáætlun þann 27. febrúar 2025, en þær athugasemdir sem koma frá stofnunninni hér byggja á niðurstöðu umhverfismatsskýrslu sem þá lágu ekki fyrir. Jafnframt má benda á að þekkingasköpun um vistkerfi Hvalfjarðar hefur verið mikil á síðastliðnu ári árum sem horfa þarf til í ljósi mikilvægi þess að varúðarnálgun sé höfð að leiðarljósi og áhættu sem fylgir umræddri starfsemi.

11.5

Tvær mælingar að vori eru ekki nægjanlegar til að meta stöðu á næringarefnum né magni svifþörunga. Mælingar Hafrannsóknastofnunar 2024-2025 sýna mikinn árstíðabundin breytileika á næringarefnum og blaðgrænu, mæling tekin fyrir næringarefni í maí mánuði er á tíma þar sem styrkur næringarefna hefur farið minnkandi frá vetrarhámarki m.a. vegna upptöku svifþörunga. Vöxtur svifþörunga getur farið vaxandi frá síðla mars í firðinum og sem dæmi má taka að magn blaðgrænu mældist yfir 7 ug/L á fleiri stöðum nálægt þar sem frárennsli Aurora fiskeldis er áætlað og hæstu gildi vorum yfir 10 ug/L í apríl 2025. Gögn eru aðgengileg (sjá að ofan).

Varðandi þann hluta sem snýr að kræklingi og kræklingafjörum. Það er rétt að ekki er til nýleg úttekt á hvar kræklingur er tíndur í Hvalfirði en almenn vitneskja til dæmis úr ritinu Íslenskir sjávarhættir eftir Lúðvík Kristjánsson er talinn upp þessi fjölda staða og ætla má að fólk nýti sér þær fjörur sem það kemst að.

11.6

Hafrannsóknastofnun telur óvissu gæta um niðurstöður hermunar strauma og þar með óvissu gæta um dreifingu fasts úrgangs og mögulega uppsöfnun hans á óæskilegum stöðum, til að mynda á viðkvæmum búsvæðum. Hafrannsóknastofnun meðtekur ábendingu um mismun agnastæra frá sjókvíaeldi og landeldi en við skoðun á uppsöfnun lífræns efnis er varðar sjókvíaeldi er verið að m.v. að fast efni sé einnig í smærri einingum en ekki stærri (t.d. fóðurköggjar) og eiga því er staðið við athugasemdir í fyrri umsögn.

11.7

Hafrannsóknastofnun telur að ekki hafi verið óeðlilegt að draga fram möguleg áhrif landeldis í Hvalfirði á villta stofna lax og sjóbirtings í ljósi varúðarreglu. Ef um er að ræða álag á vistkerfi Hvalfjarðar í heild getur það haft áhrif á afkomu villtra stofna laxfiska, gönguseiði laxa á leið til sjávar og sjóbirtings á beitarsvæðum í firðinum.

Það að fallið hafi verið frá áformum um að flutning á seiðum frá landeldi í Hvalfirði dregur úr umferð flutningstækja og þar með úr áhættu á óhöppum sem geta leitt til stroks en jafnan er flutningur fiska á seiða eða unglaxastigi það lífsskeið sem hefur mestar líkur á að lifa af sjávardvöl. Það að um er að ræða eldislax af norskum uppruna sem er frábrugðin íslenskum laxi eykur hættu á erfðablöndun ef strok verða. Þótt að viðhafður sé varnarbúnaður í landeldi eru strok ekki útilokuð og hafa komið fram nokkur strok úr landeldi á síðustu misserum.

Hafrannsóknastofnun vill ítreka að í fyrri umsögn var tekið fram að óvissa gæti verið um ýmsa þætti enda er ekki komin löng reynsla á landeldi af þeirri stærðargráðu sem hér er fjallað um og því óvissa til staðar.

11.8

Varðandi fjarlægðir frá ám með villta stofna laxfiska og áhrif frá frárennsli á þá ríkir óvissa enda ekki fyrirbyggjandi þekking eða dæmi til að vísa til. Augljóst er að um mikið rennsli er að ræða. Hafrannsóknastofnun telur engu að síður rétt að benda á varúðarreglu og þeim möguleika að grípa þurfi til mótvægisáðgerða ef ófyrirséð neikvæð áhrif koma fram.

Það að fallið hefur verið frá flutningum seiða og ungfiska frá stöðinni dregur úr áhættu á því að inn í Hvalfjörð berist sjúkdómar frá eldissvæðum með brunnbátum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Hrönn Egilsdóttir
Sviðstjóri Umhverfissviðs

23. janúar 2026

Minjastofnun hefur kynnt sér skýrsluna: *Landeldi í Hvalfirði – 28.000 tonna eldi á ári. Umhverfismatsskýrsla* (Efla, dags. 20.11.2025).

Stofnunin hefur ekki athugasemdir við efni hennar.

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Þór Ingólfsson Hjaltalín



Sviðsstjóri minjavarðasviðs / Director for Regional Heritage Management

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Islands
kulturarvsstyrelse

Suðurgata 39, | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701314 | Farsími: 845 8510

thor@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is

Hafnarfirði 22.01.2026
Mál: 2025-01-0052

Skipulagsstofnun
B.t. Sigurður Ásbjörnsson

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna áforma Aurora fiskeldis um landeldi við Grundartanga í Hvalfirði.

Framkvæmdin

Aurora fiskeldi ehf. áformar að byggja landeldisstöð fyrir lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 28.000 tonn á ári. Stöðin verður staðsett á lóð nr. 34 á Grundartanga, sem er austast á iðnaðarsvæðinu, og verður byggð í þremur áföngum. Sjó verður dælt beint inn í stöðina úr Hvalfirði en áætluð vatnspörf er um 25 m³/sek og gert er ráð fyrir um 70% endurnýtingu á sjó. Áætluð meðal ferskvatnspörf er um 7 l/s en gert er ráð fyrir 99% endurnýtingu á ferskvatnshluta framleiðslunnar. Vatnstaka er áætluð úr Hvalfirði þar sem sjó verður dælt í landeldisker og ferskvatn unnið úr sjó til seiðaeldis í endurnýtingarkerfi (RAS). Frárennsli er til vatnshlotsins Hvalfjarðar (104-1330-C). Gert er ráð fyrir að föst efni verði hreinsuð úr frárennsli og að um 70% af föstum efnum náist, en 30 % af föstum úrgangi og 100 % af uppleystum efnum renni til sjávar. Í hreinsun er áætlað að við fullan rekstur muni skólphreinsivirki stöðvarinnar anna meira en 150.000 persónueiningum.

Gert er ráð fyrir að mest af eldisframleiðslunni fari til slátrunar á nærliggjandi svæðum en hluti framleiðslunnar 1000 til 2000 tonn af seiðum og/eða unglaxi fari til áframeldis í sjókvíum.

Almennt er í umhverfismatsskýrslu tekið á flestum þátta sem snerta álagsþætti vegna framkvæmdarinnar. Ljóst er að þótt að um landeldi sé að ræða þá mun starfsemi leiða til umtalsverðar aukningar í frárennsli efna og þá einkum næringarefna sem getur valdið markverðu álagi á lífríki og vistkerfi sjávar. Þegar álag er til staðar í afmörkuðum hluta vatnshlots getur það leitt til ákvörðunar um að skipta vatnshloti upp og afmarka við svæðin sem eru undir álagi. Umtalsverð iðnaðarstarfsemi er einnig fyrir í Hvalfirði við Grundartanga.

Almenn ábending varðandi mat á álagi vegna framkvæmda eða starfsemi er að strandsjávarvatnshlot eru almennt stór að flatarmáli og því þarft einnig að meta umhverfisáhrif á afmarkaðra svæði sem geta reynst umtalsverð þó ekki sé búist við mælanlegum áhrifum á vatnshlotið í heild. Þá er bent á að þeir gæðapættir sem liggja til grundvallar mati á ástandi vatnshlota gefa vissulega miklar upplýsingar um ástand þeirra en við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og starfsemi þarf iðulega að horfa til fleiri þátta.

Straumar og dreifing næringarefna

Spár um dreifingu næringarefna byggja á straumlíkani sem fjallað er um í skýrslu Vatnaskila. Skv. líkani er straumhraðinn við losunarstað um 0,25 m/s í aðfalli og 0,1 m/s í útfalli í stórstreymi. Talið er að þynning sé hröð vegna mikla sjávarfallastrauma auk iðustreymis nálægt losunarstaðar.

Styrkur sjávarfallastrauma í miðjum firði eru í samræmi við mælingar Hafrannsóknastofnunar með siritandi mælum frá apríl 2024 – apríl 2025. Það er hins vegar ekki hægt að sannreyna líkananiðurstöður varðandi hvirfla („iðustreymis“) nálægt strönd, þar sem engar mælingar liggja fyrir á þvæi svæði.

Í skýrslu Vatnaskila vantar upplýsingar um gerð líkansins og ytri krafta, þ.m.t. vinda, hita, sólargeislun og aðstreymi ferskvatns. Svo er ekki getið um hvort spár um dreifingu næringarefna byggji yfir lengri tímabil með bæði smá- og stórstreymi.

Það má búast við að næringarefnin munu dreifast um allan Hvalfjörð vegna sjávarfallastrauma og annarra strauma. Þrátt fyrir að sjávarföll í Hvalfirði séu mikil, er endurnýjun sjávar þó mun hægari. Miðað við mælingar Hafrannsóknastofnunar á meðalinnstreymi og útstreymi við fjarðarmynnið má meta að dvalartími sjávar í firðinum gæti orðið nokkrar vikur. Líkanreikningar Vatnaskila gera ráð fyrir að styrkur næringarefna verði fyrir neðan viðmiðunarmörk fyrir „mjög gott“ ástand innan við 800 m radíus frá útstreymi. Vegna langs dvalartíma sjávar í firðinum getur stöðug losun af fyrirhugaðri stærðargráðu þó leitt til uppsöfnunar á næringarefnum í firðinum öllum.

Hannað hefur verið öflugt líkan af óhagnaðrdrifnu fyrirtæki, [C]Worthy í samstarfi við Röst Sjávarrannsóknasetur, sem byggir m.a. á mæligögnum Hafrannsóknastofnunar og getur gefið mun meiri upplýsingar um haffræði svæðisins og áhrif losunar hverskonar efna út í sjó á tilteknum stað. Hægt er að nýta það til fá mun betri upplýsingar um dreifingu og áhrif losunar næringarefna og annara efna í fjörðinn.

Áhrif aukningar næringarefna á svifþörungum í Hvalfirði

Samkvæmt niðurstöðum í umhverfismatsskýrslu skv. útreikningum Vatnaskila er talið að fyrirhuguð losun Aurora fiskeldis uppfylli kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ auk þess sem losun næringarefna verður ekki til þess fallin að hafa áhrif á efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti strandsjávarhlota í Hvalfirði og þar af leiðandi umhverfismarkmið þeirra hvað þetta snertir.

Hafrannsóknastofnun vill benda á að áætlað er skv. umhverfismatsskýrslu að með frárennsli eldisstöðvarinnar berist 81 tonn af köfnunarefni (N) á föstu formi og 870 tonn af uppleystu köfnunarefni til Hvalfjarðar á ári. Auk þess 44 tonn af fosfór (P) á föstu formi og 64 tonn uppleyst.

Til að setja framkvæmdina í samhengi, þá er losunin af uppleystum næringarefnum á sama stærðargráðu og 28.000 tonna eldi í opnum sjókvíum, og losun á föstum úrgangi er sambærilegt og við 8.400 tonna sjókvíaeldi.

Búast má við að aukið framboð næringarefna valdi aukningu í vexti svifþörungum. Í matsskýrslunni kemur fram mjög lágt gildi af svifþörungum í mælingu í yfirborði á grunnástandi í júní 2025. Hafrannsóknastofnun telur þó að vegna mikillar breytileika dugi ein mæling ekki til að greina magn svifþörungum. Umfangsmiklar mælingar

Hafrannsóknastofnunar frá apríl 2024 til maí 2025 sýna að blaðgræna fer þegar upp að efri mörkum grunnástands *Gott*. Því er mögulegt að með losun frá landeldi fari blaðgræna yfir þau mörk sem teljast *Ekki viðunandi ástand* á tímum vor og haustblóma.

Hvalfjörður er svæði sem mikið er nýtt til fæðuöflunar á ýmsum villtum tegundum sjávargróðurs og dýra. Hafrannsóknastofnun vill benda á að í Hvalfirði eru eiturbörungar hluti af svifþörungaflórunni allt árið um kring. Eiturbörungar innhalda eiturefni sem safnast upp í kræklingi og gerir þá óhæfa og hættulega til neyslu. Í Hvalfirði eru skráðar 13 kræklingafjörur og þar af munu a.m.k. níu þeirra vera nýttar. Einnig eru tvær kræklingafjörur við mynni fjarðarins. Kræklingarækt var áður stunduð á línunum í Hvalfirði en var hætt 2020, vöktun á eiturbörungum og þörungaeitri í kræklingakjöti er bundin við þann iðnað og er því engin vöktun á svæðinu sem stendur. Niðurstöður reglubundnar vöktunar og þeirra rannsóknaverkefna sem fram hafa farið í firðinum, sýna að fjöldi fruma eiturbörunga af ættkvísl *Dinophysis* og *Pseudo-nitzschia* fara yfir áhættumörk til neyslu. Vert er að benda á að svörun *Pseudo-nitzschia* tegunda, sem finnast í Hvalfirði, við auknu aðgengi að köfnunarefni, er aukin vöxtur og eiturframleiðsla. Áður hefur stofnunin vakið athygli á mikilvægi aukins eftirlits með þörungaeitri í krækling og eiturbörungum almennt, ekki síst í Hvalfirði. Hafrannsóknastofnun mælir með að möguleg áhrif á svifþörunga verði skoðuð nánar og ef framkvæmdin verður að veruleika er enn mikilvægara að náíð verði fylgst með eiturbörungum og eiturefnum í kræklingi, og að gefnar séu viðvaranir til landeiganda og almennings þegar tilefni er til. Lögformlega er Matvælastofnun eftirlitsaðili og samráð þarf að vera um vöktun á svæðinu.

Áhrif fasts úrgangs á búsvæði á hafsbotni

Framkvæmdaraðilar gera ráð fyrir að 30% af föstum úrgangi lossast út í umhverfi. Losun á kolefni og næringarefnum í föstu formi má því bera saman með losun frá 8.400 tonna sjókvíaeldisstöð. Súrefnispörf fyrir niðurbrot á lífrænum úrgangi nemur um 100.000 persónueiningum sem er álíka og skólþrosun frá stærri sveitafélögum.

Skv. skýrslunni einkennist búsvæði á hafsbotni nálægt útrásunum af kalkþörungum og er sýnt að fjölbreytileiki botndýra sé mikill. Kalkþörungurif skilgreinast sem viðkvæm búsvæði skv. OSPAR (2008) sem eigi að vernda. Búast má við að losun á lífrænum úrgangi í föstu formi valdi raski á búsvæðum á hafsbotni.

Í matsskýrslunni er ekki getið um stærðarsamsetningu á föstum efnum, og er því ekki hægt að spá um um hversu stórt svæði fastur úrgangurinn mun dreifast frá útrásunum. Möguleg áhrif landeldisins á þessi viðkvæmu búsvæði þyrfti að skýra betur.

Staðsetning og álag á villta laxastofna

Hvalfjörður er ekki á meðal þeirra svæða sem talin eru upp í auglýsingu nr. frá 27. maí nr. 460/2004, um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er heimilt, og óheimilt er að starfrækja eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum. Auglýsingin var sett á sínum tíma til að megin framleiðsla á eldislaxi af norskum uppruna væri stunduð fjarri ám með stærri nytjastofna laxa. Til Hvalfjarðar falla ár með villtum stofnum laxa og sjóbirtings, þ.m.t. Botnsá, Brynjudalsá, Laxá í Kjós og Kiðafellsá. Fram til ársins 1997 var stunduð netaveiði á laxi frá tveimur bæjum í Hvalfirði og því ljóst að göngulaxar eru nærri landi í Hvalfirði.

Gert er ráð fyrir að í eldinu verði sjótaka og frárennsli þess um 25 m³/sek. Til samanburðar þá er það um fimm sinnum meira en meðalrennsli Elliðaánna svo dæmi sé tekið. Þekkt er að göngulaxar gangi með ströndum og komi við í ám á gönguleið sinni í heimaá og að vatnsmagn sem og lykt af löxum dragi laxa að. Almennt nýta göngulaxar lyktarskyn til að greina umhverfið og finna sína heimaá. Líkur eru til að sú laxalykt (og jafnvel lykt af öðrum efnum) sem berst með frárennslinu geti mögulega haft áhrif á rötun fiska. Með frárennslinu geta sjúkdómar, séu þeir til staðar í eldinu, borist í villta fiska en einnig geta sjúkdómar frá villtum göngulaxi borist í eldið með inntaksvatni. Taka verður fram að um þessa þætti er óvissa.

Ráðgert er að í starfseminni felist einnig eldi á seiðum og unglaxi til áframeldis í sjókvíum eða öðru landeldi. Það hefur væntanlega í för með sér umferð brunnbáta til og frá sjókvíaeldissvæði eða svæðum. Eins og staðan er nú þá er t.d. nýrnaveiki útbreidd í laxi sjókvíum á Vestfjörðum og að blóðþorri hefur borist með brunnbátum milli eldissvæða á Austfjörðum. Umferð brunnbáta getur því fylgt áhætta bæði fyrir eldið sem og villta laxfiska sem ganga um eða alast upp í Hvalfirði. Mikilvægt er að viðhafa sérstaka aðgát og sótthreinsun brunnbáta og annarra flutningatækja.

Fjarlægð

Vísa má til 1 gr. laga nr. 71/2008 en þar er m.a. tekið fram að uppbygging laxeldis hafi sem minnst röskun á vistkeri villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra verðu ekki stefnt í hættu.

Ráðgert er að frárennsli frá fyrirhuguðu landeldi nái 500 – 700 metra frá strönd og verði á um 5 m dýpi. Fjarlægð eldissvæðisins er um 4 km frá Laxárvogi og um 6 km frá ósum Laxár í Kjós. Það er mat Hafnannsóknastofnunar að vegna nálægðar þurfi að viðhafa sérstaka gát varðandi aðgerðir til að koma í veg fyrir stök laxa. Jafnframt er rétt að viðhafa vöktun á ánum í Hvalfirði með greiningu á uppruna fiska í hreistri og vöktun á uppruna göngulaxa og seiða. Til hliðsjónar má líta til þeirra fjarlægðartakmarkana sem fram koma í reglugerð nr. 540/2020. Þar segir m.a. í 2.mgr. 6. gr. að við svæðisskiptingu skuli taka tillit til fjarlægðartakmarka á milli sjókvíaeldissvæðisstöðva ótengdra aðila, sbr. 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar, og fjarlægðartakmarka frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu, sbr. 6. mgr. 18. gr.

Niðurstaða

Starfsemi landeldis í Hvalfirði gæti haft þónokkur áhrif á vistkerfi fjarðarins og þörf á að gera mögulegum áhrifum betur skil. Greina þarf betur afdrif fastra efna og næringarefna sem berast í fjörðinn og áhrif þeirra á vistkerfið, þ.m.t. blóma og virkni eiturbörunga. Benda má á að þegar liggja fyrir umfangsmiklar upplýsingar um umhverfi og lífríki fjarðarins sem mætti nýta við frekara mat á umhverfisáhrifum. Þá er til staðar öflugt hafræðilegt líkan fyrir Hvalfjörð þróað af fyrirtækinu [C]Worthy sem nýta má til að meta betur blöndun og þynningu næringarefna og áhrif á vöxt svifbörunga.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Guðni Guðbergsson

Guðni Guðbergsson



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 12. janúar 2026

Málsnúmer: 202511-0049

S.S.

Efni: Umhverfismatsskýrsla – Landeldi í Hvalfirði.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun dags. sem barst gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmdar Aurora fiskeldi ehf. á 28.000 tonna landeldi á Grundartanga í Hvalfirði.

Náttúrufræðistofnun óskaði eftir frest til að skila umsögninni og var hann veittur til 12. janúar 2026. Er þakkað fyrir veittan frest.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um framkvæmdina á fyrri stigum umhverfismatsferilsins, um fyrirspurn vegna matsskyldu þann 8. ágúst 2024, og um matsáætlun framkvæmdar þann 18. febrúar 2025 og er vísað í þær umsagnir hér á eftir eins og við á. Þess má geta að umfang áætlaðrar framleiðslu er tvöfalt meira í þeirri framkvæmd sem umhverfismatið fjallar um en upphaflega var óskað eftir ákvörðun um matsskyldu fyrir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Vert er að leiðrétta að svæðið Hvalfjörður hefur ekki verið samþykkt á framkvæmdaáætlun Náttúruuminjaskrár eins og fram kemur í kafla um verndarsvæði, heldur er meðal tillögunsvæða Náttúrufræðistofnunar. Um það svæði gilda því ekki réttaráhrif skráningar á B-hluta. Skráning strandlengju Hvalfjarðar á C-hluta náttúruuminjaskrár er hins vegar sannarlega í gildi þar sem svæðið er skráð á núgildandi náttúruuminjaskrá frá 1996.

Lítils háttar breytingar hafa orðið á framkvæmdinni frá því sem fjallað var um í matsáætlun m.a. er þörf á sjóvatni lítið eitt minni.

Í umsögninni mun Náttúrufræðistofnun rýna þá umhverfispætti er tengjast fagsviði stofnunarinnar – einkum vistgerðir og gróðurfar og fuglalíf en einnig áhrif á lífríki í viðtaka og landslag og ásynd.

Um fjöllum um einstaka umhverfispætti:

Viðtaki og lífríki hans

Gerð var úttekt á áhrifum losunar fráveitu frá landeldinu á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlota í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. Varðandi lífríki viðtakans voru áhrif á líffræðilegu gæðapættina svifþörungum, hryggleysingja á mjúkum botni og botnþörungum á hörðum botni sérstaklega skoðuð. Stuðst var við fyrri athuganir á botndýralífi áhrifasvæðisins sem eru nýlegar en ekki farið í frekari gagnasöfnun. Einnig voru unnin líkön á líklegri þynningu innan áætlaðs



þynningarsvæðis fráveitu út frá magni og efnisinnihaldi afrennslis sem og lagt mat á áhrif á seltu og hitastig.

Umtalsverð vöktun á áhrifum mengunar frá núverandi starfsemi á Grundartanga fer fram árlega m.a. á lífríki sjávar. Mengun er talin gæta í óverulegum mæli utan flæðigrýfjugarða. Einnig hafa mælst PAH efni í sjávarseti. Þó um annars konar mengun sé að ræða en getur stafað frá starfsemi landeldis er mikilvægt að horfa til samlegðaráhrifa frá mismunandi uppsprettum mengunar á lífríki áhrifasvæðisins.

Mat á grunnástandi líffræðilegra grunnþátta í strandsjávarvatnshlotinu sem verður fyrir áhrifum af fráveitu frá áformuðu landeldi er almennt gott þó það sé mjög misgott fyrir ólíka hópa botnþörungna og metið áberandi síst fyrir rauðþörungna.

Áhrif framkvæmdar á seltu og hitastig eru metin lítil eða óveruleg sem og á súrefni. Styrkur næringarefna reiknast samkvæmt líkönnum töluvert hár næst útfalli, bæði fyrir nítrat og fosfat, og langt yfir viðmiðunargildi fyrir vetrarstyrk. Útþynning er þó metin vera mikil og áhrifasvæðið því ekki metið stórt. Sökum þessa er talið að staðbundin áhrif af losun næringarefna muni valda staðbundinni aukningu á blaðgrænu en það sé ólíklegt til að valda því að ástandi vatnshlotsins hraki. Staðbundið álag verður á hryggleysingja næst útrás og þar sem styrkur næringarefna verður hæstur. Áhrif á botnþörungna eru metin lítil.

Fram kemur að óhjákvæmilegt er að losa óhreinsaðar lyfjaleifar út í viðtakann og er þekkt að slík efni brotna hægt niður á norðlægum slóðum. Upplýsingar vantar um hvort hætta geti stafað af þessum efnum og lítið eftirlit er með þeim. Er það óheppilegt.

Stefnt er að vöktun á strandsjó m.t.t. þeirra mengandi efna sem berast með fráveitunni og mögulegum áhrifum þeirra á ástand strandsjávar og lífríkið.

Beint rask vegna framkvæmda við sjóinntöku- og frárennslislagnir í fjörum mun valda staðbundnum áhrifum á lífríki fjörunnar en er ekki metið umfangsmikið.

Niðurstaða umhverfismatsins er að áhrif á viðtaka og lífríki eru metin óveruleg. Í umfjöllun um áhrif á umhverfisþáttinn er ekki vikið að sammögnunaráhrifum við mengun frá annarri starfsemi á Grundartanga, og í ljósi varúðarsjónarmiða og þar sem umfang starfsemi landeldisins er mikið telur Náttúrufræðistofnun að ekki sé hægt að útiloka að áhrif á lífríki sjávar geti orðið nokkuð neikvæð.

Vistgerðir og gróðurfar

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina var bent á að þrátt fyrir að ýmis gögn væru til frá nálægum svæðum þá mætti bæta þekkingu á grunnástandi svæðisins hvað varðar gróður, fugla og fjöru- og botndýralíf. Jákvætt er að þeim ráðleggingum var fylgt og farið var í athugun á vistgerðum og gróðurfari á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og nágrenni þess.

Eins og sést skírlega á mynd 4.4 er framkvæmdasvæðið algróið og votlendis- og graslendisvistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi eru þar ríkjandi. Framkvæmdasvæðið verður fyrir miklu raski vegna uppbyggingar landeldismannvirkja og ekki er hægt að útiloka að rask verði einnig á nálægum svæðum þar sem votlendi er einnig umtalsvert.

Fjöruvistgerðir á svæðinu virðast ekki hafa verið kortlagðar m.t.t. vistgerðaflokkunar fjöruvistgerða heldur er einungis strandvistgerðin malarstrandarvist tilgreind. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er klóþangsfjöruvist (F1.31) að finna á svæðinu, sem hefur mjög hátt verndargildi en ekki kemur fram í greinargerðinni eða viðauka um hvort sú vistgerð hafi verið staðfest og í hvað miklum mæli. Hins vegar segir að um þangfjöru sé að græða með stórgrýti neðst í fjöru. Lagnir munu liggja um fjöruna og þörf er á að fleygja eða sprengja rásir í og við strandlengjuna til þess að koma þeim



fyrir. Framkvæmdin mun því valda beinu og varanlegu raski á fjöruvistgerðum svæðisins og óheppilegt að ekki komi fram hversu mikið sé um fjöruvistgerðir með mjög hátt verndargildi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um framkvæmdina á fyrri stigum var bent á nýlega endurheimt votlendis við Katanestjörn sem leiðir af sér að votlendi á svæðinu sé í framrás og útbreiðsla þess því líklegt til að aukast ef til framkvæmdarinnar kæmi ekki. Fram kemur að samráð verði haft við líffræðing til að tryggja að raska ekki Katanesstjörn og þeirri endurheimt á votlendi sem hefur átt sér stað á svæðinu. Mikilvægt er að huga vel að þessu en óneitanlega mun nærumhverfi Katanesstjarnar verða fyrir miklum beinum áhrifum og áhrifasvæði endurheimtarinnar mun því verða umtalsvert minna en það er í dag. Verndargildi núverandi gróðurs er metið minna þar sem áhrifa framræslu gætir enn en þar sem endurheimtin hefur farið fram má áætla að votlendistegundum muni fjölga og útbreiðsla votlendisvistgerða aukast. Framkvæmdin mun því raska þeirri framvindu og þar með gróðurlendi með mikið verndargildi sem myndi líklega aukast enn meir í framtíðinni.

Áhrifin eru í heild metin nokkuð neikvæð. Náttúrufræðistofnun telur það lágmarksmat og að í ljósi þeirrar gróðurframvindu sem endurheimt votlendis hefur leitt af sér, og þar sem mat á verndargildi fjöruvistgerða er líklega nokkuð ábótavant í matinu, sé ekki hægt að útiloka að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir verði talsvert neikvæð.

Fuglalíf

Fuglalíf var metið með athugunum á vettvangi á varptíma og að fartíma að vori og hausti. Hins vegar var ekki farið í vetrarfuglatalningar heldur stuðst við niðurstöður talninga Náttúrufræðistofnunar. Hins vegar eins og bent var á í fyrri umsögnum stofnunarinnar hafa talningar ekki farið fram á svæðinu frá Katanesi og austur að Saurbæ síðan 1997 og því vantar nýjar upplýsingar um fuglalíf svæðisins að vetrarlagi. Í umfjöllun skýrslunnar um fuglalíf er reyndar ekkert minnst á vetrarfugla eða vísað í niðurstöður vetrarfuglatalninga frá nálægum svæðum og vantar því skýrari umfjöllun um hver áhrif gætu orðið á fuglalíf að vetrarlagi, en Hvalfjörður er m.a. skilgreint mikilvægt fuglasvæði vegna vetrarfugla t.d. fyrir sendling sem er tegund skilgreind í hættu sem og flórgoða.

Fuglalíf var metið fjölbreytt bæði á varptíma og fartíma. Fram kemur í töflu 4.5 að allmargar tegundir eru skilgreindar í yfirvovandi eða nokkurri hættu á nýuppfærðum válista Náttúrufræðistofnunar fyrir fugla, og þrjár í hættu eða bráðri hættu. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni munu búsvæði fuglategunda raskast af framkvæmdinni, sérstaklega þeirra sem nýta sér votlendi og graslandi sem varp- og fæðuöflunarsvæði en einnig munu framkvæmdir raska að hluta fjörubúsvæðum. Truflandi áhrif geta orðið á framkvæmdatíma og á rekstartíma munu tegundir sem eru viðkvæmari fyrir áreiti einnig geta orðið fyrir truflun, en starfsemin gæti laðað að t.d. máffugla þó hugað verði að því að allt fiskeldi, fóður og fiskimykja verði geymd í lokuðum kerfum.

Áhrif á fuglalíf eru metin nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en óverulega neikvæð á rekstartíma. Þó framkvæmdasvæðið sé ekki mjög stórt, verða búsvæði fugla sem eru skilgreind innan mikilvægs fuglasvæðis þ.e. fjörusvæði fyrir neikvæðum áhrifum og fuglategundir sem standa höllum fæti á landsvísu missa búsvæði þó staðbundið sé. Í matið vantar umfjöllun um áhrif á fugla að vetrarlagi. Þá er í umfjöllun um áhrif á fuglalíf ekki ávarpað hvort áhrif á lífríki í viðtaka geti haft áhrif á fuglalíf, en ljóst að ýmsar fuglategundir nýta sér fjöru- og sjávarlífríki til fæðuöflunar og ef rask verður á því fæðuframboði vegna áhrifa frá rekstri lagareldisins, þarf að taka það með inn í matið eins og hægt er. Sökum þess að í umfjöllunina vantar lykilmulfjöllun er að mati Náttúrufræðistofnunar ekki hægt að útiloka að sumar fuglategundir geti orðið fyrir talsvert neikvæðum áhrifum af framkvæmdinni.



Landslag og ásjúnd.

Mikil mannvirkjagerð vegna framkvæmdarinnar mun gjörbreyta ásjúnd svæðisins sem um ræðir. Mannvirkin eru umfangsmikil og áberandi. Iðnaðarsvæði Grundartanga er mjög nálægt og því mun það svæði í Norðanverðum Hvalfirði sem einkennist af mannvirkjum stækka töluvert. Það er sérstaklega áberandi þegar horft er úr fjarlægð t.d. yfir Hvalfjörðinn úr Kjósinni. Sökum þessa er næmni landslags á svæðinu metin lítil fyrir breytingum. Í meiri nálægð er meira áberandi að landeldissvæðið verður aðskilið frá núverandi iðnaðarsvæði með náttúrulegum svæðum á milli. Það uppbrot á náttúru getur því vegið þyngra úr þeirri nálægð og næmni landslagsins fyrir áformuðum breytingum ætti að vera meiri þar eins og myndir 4.8 og 4.10 sýna ágætlega. Þess má geta að gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu á milli sem mun hafa enn meiri áhrif á landslag.

Niðurstaðan er að áhrif á ásjúnd og landslag eru metin nokkuð neikvæð vegna umfangs mannvirkja. Náttúrufræðistofnun telur það líklega niðurstöðu í heild en að frá ákveðnum sjónarhornum geti ásjúndaráhrifin verið það mikil á svæði þar sem lítt snortin náttúra er ríkjandi umhverfi í dag, að staðbundin áhrif geti sums staðar verið talsvert neikvæð. Þá er framkvæmdin stórt skref í áframhaldandi breytingu á landslagi Hvalfjarðar í átt að manngerðu landslagi.

Heildaráhrif, samlegðaráhrif og mótvægisáðgerðir.

Eins og áður hefur komið fram vantar í suma kafla í umhverfismatinu betri mat á samlegðaráhrif vegna áhrifa frá annarri starfsemi á svæðinu. Einnig vantar sérstaka umfjöllun um samlegðarþáttinn þegar heildaráhrif eru metin í samantekt. Um stóra framkvæmd er að ræða sem bætir við ýmsum nýjum álagsþáttum á svæði sem þegar er undir margvíslegu álagi m.a. vegna mengandi starfsemi. Töluvert rask verður á lítt röskuðu gróður- og fjörusvæðum sem er að hluta í endurheimtarfasa. Þó áhrifasvæðið sé ekki stórt tapast vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi og búsvæði lífvera m.a. fugla. Ýmis konar vöktun á áhrifum framkvæmdarinnar og ekki síst reksturs landeldisins er áformuð og er það mjög mikilvægt, sérstaklega til að fylgjast með áhrifum á viðtaka. Auk vöktunarinnar snúa mótvægisáðgerðir einkum að því að lágmarka rask og reyna að halda í umhverfi Katanestjarnar. Ef að öðrum uppbyggingaráformum verður á svæðinu mun það reynast þeim mun mikilvægara en jafnframt meira krefjandi. Huga ætti að því að horfa til endurheimtar votlendis annars staðar til að bæta upp það sem mun raskast vegna framkvæmdarinnar. Þá er mikilvægt í ljósi verndargildis fjörusvæða og mikilvægi búsvæða fugla í Hvalfirði að huga að þolmörkum svæðisins í heild fyrir áframhaldandi uppbyggingu iðnaðar og annar atvinnustarfsemi og hvernig tryggja megi að verndargildi nálægra svæða rýrni ekki til framtíðar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar



Skipulagsstofnun
Hvalfjarðarsveit
Erindi skilað í skipulagsgáttina

12. janúar 2026

Umhverfismatsskýrsla – Landeldi í Hvalfirði – 28.000 tonna eldi á ári, mál 75/2025.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu unnin af Eflu um ofangreint mál og viðaukahefti sem fylgdi gögnum málsins. Umsögn heilbrigðiseftirlitsins er eftirfarandi.

Eftir að umhverfismatsskýrslan var kynnt hefur tekið gildi reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, sem leysir af hólmi eldri reglur sem skýrslan vísar til (m.a. 798/1999). Uppfæra þarf umhverfismatsskýrsluna þannig að upplýsingar um fráveitu og hreinsun auk áhrifum losunar sé sett fram með skýrum hætti miðað við kröfur reglugerðar nr. 1450/2025. Upplýsa um hvað telst nægileg hreinsun á grundvelli nýrrar reglugerðar miðað við >150 þúsund persónueiningar. Ef byggt er á að viðtaki teljist „síður viðkvæmur“ þarf að liggja fyrir forsendumat og eftir atvikum afstaða Umhverfis- og orkustofnunar, enda er flokkun viðtaka ekki sjálfgefin.

Betur þarf að upplýsa um losun lyfjaleifa í sjó, um hvaða magn og hvaða efni er ræða og möguleg áhrif í Hvalfirði, sýna þarf með vísindalegum aðferðum hvað verður um efnin í viðtaka.

Ítrekuð eru fyrri ábendingar þar sem upplýst er að skv. 2. gr. b í reglugerð nr. 506/2010 (vegna innleiðingar á EB nr. 852/2004) er vísað til þess að matvælafyrirtæki skuli ekki staðsett nálægt atvinnurekstri sem getur haft mengandi áhrif á starfsemina. Stofnun hefur áður hafnað að gefa út starfsleyfi fyrir hveitimyllu Líflands á Grundartanga vegna regluverks. Nauðsynlegt er að fá úrskurð Matvælastofnunar/Atvinnumálaráðuneytis um gildi ákvæðisins með tilliti til fiskeldis á Grundartanga áður en lengra er haldið.

Í fyrri umsögn stofnunarinnar um aðalskipulagsbreytingu Hvalfjarðarsveitar vegna starfseminnar var bent á að mörgum atriðum væri ósvarað um tæknilega útfærslu mengunarvarna og að stærðargráða starfseminnar væri fordæmalaus því væri ekki tímabært að eyrnamerkja starfseminni staðsetningu á þessum stað þar sem allt of mörgum spurningum er ósvarað. Mjög mörgum spurningum er enn ósvarað með útfærslu búnaðar og mengunarvarna.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.



Skipulagsstofnun – Skipulagsgátt

12.1.2026

Viðauki við umsögn máls nr. 75/2025 Landeldi í Hvalfirði – 28.000 tonna eldi á ári

Greinargerð vegna fyrirhugaðs landeldis Áróra fiskeldis ehf. í Hvalfirði

Viðauki við umsögn um umhverfismatsskýrslu – mál nr. 75/2025

1. Inngangur og tilgangur greinargerðar

Þessi greinargerð er lögð fram sem viðauki við umsögn mína við umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðs landeldis Áróra fiskeldis ehf. á laxi í Hvalfirði, með allt að 28.000 tonna ársframleiðslu (mál nr. 75/2025).

Markmið greinargerðarinnar er að setja fyrirhugaða framkvæmd í víðara samhengi við þá þróun sem nú á sér stað á Íslandi hvað varðar stóriðju, orkuvinnslu, sjó- og landeldi og losun iðnaðarúrgangs í náttúru landsins. Fjallað er um heildaráhrif slíkrar uppbyggingar á náttúru, lífríki, samfélag og komandi kynslóðir, með sérstakri áherslu á viðkvæmni íslenskra vistkerfa, einkum hafsvæða og laxastofna.

Greinargerðin er hugsuð sem frekari rökstuðningur og bakgrunnur við umsögnina og er ætlað að varpa ljósi á langtímaafleiðingar framkvæmda af þessu tagi, umfram það sem fram kemur í einstökum köflum umhverfismatsskýrslunnar.

2. Álag stóriðju og orkuvinnslu á íslenska náttúru

Ísland er lítið land með einstaka og viðkvæma náttúru. Þol hennar gagnvart umfangsmiklum framkvæmdum og iðnaðarrekkstri er afar takmarkað. Samhliða áformum fjölda rekstraraðila má vart komast hjá þeirri ályktun að hér sé um að ræða sívaxandi álag, sem í sumum tilvikum minnir á stjórnlausu græðgi á kostnað náttúru og íbúa landsins.

Vindorkuver með tuttugu vindrafstöðvum eða fleiri eru risavaxnar framkvæmdir á íslenskan mælikvarða og hafa óumdeilanlega bein neikvæð áhrif á náttúru og samfélag. Nú liggja fyrir áform um 40–50 vindorkuver víðs vegar um landið, flest í eigu erlendra fjármögnunaraðila. Eitt slíkt er þegar í byggingu, Vaðölduver Landsvirkjunnar.

Við skoðun þessara áforma vaknar sú spurning hvort vernd íslenskrar náttúru og hreinleiki landsins sé í raun í forgangi. Ísland er viðkvæmt land. Okkar kynslóð hefur náttúru Íslands að láni og ber ábyrgð á að skila henni til barna okkar og barnabarna í ásættanlegu, helst betra, ástandi en við tókum við henni.

Sífelld stærra mannvirki virðast vera markmiðið, þar sem stærstu vindrafstöðvar sem völ er á eru valdar, þrátt fyrir að slíkar stærðir samrýmist illa sérstöðu Íslands sem smáríkis með viðkvæm landsvæði. Hvað hefur vindrafstöð sem jafnast á við þrjá Hallgrímskirkjuturna í hæð að gera í íslenskri náttúru?

Á nærliggjandi svæðum höfuðborgarsvæðisins má einnig sjá dæmi um þessa þróun. Orkuveita Reykjavíkur og Zephyr hafa sameinast um áform um fjögur risavaxin vindorkuver, með verulegum og neikvæðum áhrifum fyrir svæðið og íbúa þess. Mosfellsbær er handan við hornið, sem og efri byggðir Reykjavíkur og Kópavogs.

3. Mengun sjávar og lofts – úrehtar forsendur og raunveruleg áhrif

Ekki er einungis verið að reisa mengandi starfsemi innanlands. Jafnframt liggja fyrir áform um að flytja til Íslands evrópskan iðnaðarúrgang til niðurdælingar, svonefnt koldíoxíð, undir yfirskini loftslagsaðgerða. Með þessu er Ísland í raun gert að urðunarstað fyrir losun annarra ríkja. Spyrja má hvort allt sé falt fyrir nægilega háar fjárhæðir.

Fjöldi umhverfismata sýnir að vindorkuver geta haft alvarleg og varanleg áhrif á náttúru Íslands. Þau valda dauða og örkuþun fugla, raska búsvæðum þeirra, spilla jarðvegi og vatni og valda hljóðmengun sem hefur áhrif á menn og dýr langt út fyrir framkvæmdasvæðin. Að vetri til geta slík iðnaðarsvæði jafnframt skapað verulega hættu fyrir ferðafólk.

Við stendur Íslands eru þegar starfandi stóriðjuver sem byggja á þeirri forsendu að hægt sé að losa mengandi efni í hafið með svokölluðum flæðigryfjum. Gert er ráð fyrir að sjórinn „sjái um“ mengunina, þar á meðal þungmálma. Loftmengun frá slíkri starfsemi er einnig áhyggjuefni, þar sem efni á borð við flúor berast með lofti og dreifing þeirra ræðst af veðurfari.

Viðhorfið að „hafið taki við“ er löngu orðið úrelt, en virðist engu að síður enn móta ákvarðanir alþjóðlegra iðnrekenda.

4. Landeldi, mengun og samræmi í stjórnsýslu

Nú eru uppi stórtæk áform um landeldi í Hvalfirði, þar sem gert er ráð fyrir að hafið taki við mengandi efnum frá starfsemi. Slíkar áætlanir byggja á sömu forsendum og áður hafa verið gagnrýndar, þrátt fyrir skort á fullnægjandi langtímamati á áhrifum á strandsjávarvistkerfi.

Samkvæmt gildandi regluverki er óheimilt að staðsetja matvælafyrirtæki í nánd við atvinnurekstur sem getur haft mengandi áhrif á starfsemi. Slíkar takmarkanir eru settar til að tryggja öryggi og heilnæmi matvæla og eru bindandi við töku stjórnvaldsákvæðana.

Drátt fyrir þetta liggur fyrir að opinber stofnun hefur áður hafnað útgáfu starfsleyfis fyrir Hveitimyllu Líflands á Grundartanga, einmitt á grundvelli þessa regluverks. Sú ákvörðun staðfestir skýrt hvernig túlka ber reglurnar í framkvæmd.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki séð að málefnalegar forsendur séu fyrir því að víkja frá þeirri stjórnábyrgð í sambærilegu máli. Slík frávik myndu brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnábyrgðar og skapa ósamræmi í beitingu laga og reglna, sem grafar undan trausti á stjórnábyrgð og tilgangi regluverksins sjálfs.

Úrgangefni frá iðnaðarstarfsemi, svo sem hjá Rio Tinto í Hafnarfirði, eru leidd í flæðigryfjur þar sem sigvatn og uppleysanleg efni skolast út í sjó. Þetta fyrirkomulag byggir á þynningu í viðtaka og er ekki sjálfbært til lengri tíma litið.

5. Varúðarreglan, ábyrgð stjórnvalda og framtíðarkynslóða

Hér er um að ræða kerfisbundið álag á náttúru Íslands. Í ljósi viðkvæmni vistkerfa landsins og þeirra óvissuþátta sem fylgja umfangsmiklum iðnaðar- og eldisframkvæmdum verður að beita varúðarreglunni.

Þegar fyrir liggur að framkvæmdir geti haft alvarleg, langvinn eða óafturkræf áhrif á náttúru og lífríki ber stjórnvöldum að grípa til aðgerða áður en slíkur skaði verður að veruleika, jafnvel þótt full vísindaleg víska liggja ekki fyrir.

Þessi þróun verður ekki stöðvuð nema með skýrum og afgerandi ákvörðunum núna. Framkvæmdaáætlunir verða að axla ábyrgð sína gagnvart íslenskri náttúru, samfélaginu og komandi kynslóðum. Jafnframt ber stjórnvöldum að tryggja að ákvarðanir um skipulag og leyfisveitingar byggji á heildstæðu mati á langtímaáhrifum, samfélagslegum kostnaði og vernd náttúruauðlinda, í samræmi við varúðarreglu og markmið laga um sjálfbæra þróun.

Með vinsemd,

Hákon Jóhannesson

Matvælafræðingur,
viðurkenndur þjónustuaðili í vinnuvernd
efni og efnahættur, umhverfisþættir
201 Kópavogur
hakon.johannesson@gmail.com

Skipulagsstofnun

Skipulagsgátt

11.1.2026

Mál: Landeldi í Hvalfirði, 28.000 tonna eldi á ári.

Mál nr. 75/2025

Umsögn við umhverfismatsskýrslu

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu hyggst Aurora fiskeldi ehf. byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er allt að 28.000 tonn á ári. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði byggð upp í þremur áföngum, þar sem hver áfangi taki um tvö ár í uppbyggingu og lífmassi aukist línulega á framkvæmdatímanum. Sjó verður dælt beint inn í stöðina úr Hvalfirði, áætluð vatnspörf er um 27,0 m³/sekúndu og gert er ráð fyrir um 75% endurnýtingu sjóvatns. Áætluð ferskvatnspörf er um 7,2 l/sekúndu með um 99% endurnýtingu ferskvatnshluta framleiðslunnar. Þetta kemur þá mögulega til framkvæmd til viðbótar við stórfellda uppbygginu í hvalfirði. M.a. skipulagsferli 2025 sem lýsir breytingum þar sem 49 ha athafnasvæði (AT5) við Grundartanga er fært í iðnaðarsvæði, m.a. með það að markmiði að heimila fjölbreyttari starfsemi.

Hvalfjörður er eitt af verðmætari náttúrusvæðum landsins, bæði vegna sérstöðu sinnar og nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Fjörðurinn sameinar ósnortna náttúru, fjölbreytt lífríki sjávar og lands, mikið útivistargildi, búsetu sumarhúsaeygenda og mikilvægt menningar- og náttúruarfleifðargildi fyrir komandi kynslóðir. Því vekja áform um umfangsmikið landeldi á Grundartanga verulegar áhyggjur.

Samkvæmt kynntu umhverfismati er um að ræða framkvæmd sem er fordæmalaus að stærð í þessu viðkvæma umhverfi. Vatnsnotkunin er gríðarleg, bæði hvað varðar sjó og ferskvatn. Þrátt fyrir fyrirhugaða endurnýtingu er ljóst að slík starfsemi mun hafa veruleg áhrif á vistkerfi Hvalfjarðar.

Mengunaráhrif af landeldi af þessari stærðargráðu takmarkast ekki við sjálfa stöðina heldur geta haft afleidd áhrif á sjó, botndýralíf, strandlengju og lífríki í heild. Úrgangur, losun næringarefna, möguleg efnamengun og hætta á slysum eða bilunum í kerfum geta haft langvarandi áhrif á viðkvæmt jafnvægi náttúrunnar. **Hvalfjörður er ekki hefðbundið iðnaðarsvæði heldur lifandi náttúrusvæði sem á að njóta vafans.**

Sérstök ástæða er til að nefna náttúrulegan lax og villta laxastofna á Íslandi. Þótt um landeldi sé að ræða er ekki hægt að útiloka áhættu sem tengist sjúkdómum, **slysasleppingum, erfðablöndun** eða öðrum óbeinum áhrifum á villta fiskistofna. Ísland hefur hingað til notið orðspors sem land hreinnar náttúru og heilnæmra fiskistofna — orðspor sem er brothætt og auðvelt að glata.

Í umhverfismatsskýrslu, dags. 25.11.2025, kemur fram yfirlit yfir mat á áhrifum framkvæmdarinnar. Samkvæmt þeirri töflu eru allir matsþættir, nema einn, metnir þannig að áhrif séu annað hvort nokkuð neikvæð eða óveruleg. Fimm þessara þátta varða bein áhrif á náttúru.

Þetta mat dregur skýrt fram að framkvæmdin felur í sér áhrif til hins verra í flestum tilfellum og að gengið er verulega á náttúruauðlindir Hvalfjarðar (sjá meðfylgjandi töflu).

	VIÐTAKI OG LÍFRÍKI Í VIÐTAKA	VISTGERÐIR OG GRÓÐURFAR	FUGLALÍF	STROK OG ERFDABLÖNDUN	LANDSLAG OG ÁSÝND	FORMINJAR	LOFTSLAG
Verulega jákvæð							
Talsverð jákvæð							
Nokkuð jákvæð							
Óveruleg	X		X	X			X
Nokkuð neikvæð		X	X		X		
Talsverð neikvæð							
Veruleg neikvæð							
Engin áhrif						X	
Óvissa (vantar upplýsingar)							

Einnig verður að taka tillit til áhrifa á sumarhúsaeygndur og íbúa svæðisins. Athygli vekur að ekkert er fjallað um mögulega hávaðamengun frá starfsemi. Ekki stafur er um hljóðvist í umhverfismatsskýrslunni?

Margir hafa valið Hvalfjörð sem svæði til hvíldar, útivistar og náttúrunjóta. Umfangsmikil iðnaðaruppbygging, aukin umferð, hávaði, sjónmengun og breyting á ásýnd svæðisins ganga gegn þessum gildum og skerða lífsgæði þeirra sem þar búa eða dvelja reglulega.

Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að verulegt magn laxaseiða verði flutt lifandi í brunnbátum og tankbúnaði yfir opinn sjó til áframeldis annars staðar. Slík starfsemi, einkum í nágrenni laxgengra áa, felur í sér verulega áhættu sem ekki hefur verið metin með fullnægjandi hætti.

Í skýrslu NASF, sem undirritaður tekur undir, segir meðal annars:

„Að mati NASF eru verulegir annmarkar á umhverfismatsskýrslunni hvað varðar mat á áhættu slyasleppinga og erfðablöndunar, greiningu á flutningi seiða sem lykiláhættuþætti, mat á áhrifum umfangsmikillar skólplosunar á viðtaka og samræmi matsins við kröfur vatnatilskipunar ESB eins og þær hafa verið skýrðar í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins. NASF telur að fyrirhuguð framkvæmd, í þeirri mynd sem henni er lýst í umhverfismatsskýrslu, feli í sér óásættanlega áhættu fyrir villta Atlantshafslaxastofna, einkum vegna hættu á slyasleppingum og óafturkræfri erfðablöndun í nágrenni laxgengra áa. Slík áhætta verður ekki réttlætt með almennum

mótvægisáðgerðum eða óskilgreindum verklagsreglum þegar um er að ræða áhrif sem eru að eðli sínu varanleg og óafturkræf.“

Þá ber einnig að horfa til framtíðar. Stækkun höfuðborgarsvæðisins í átt að Hvalfirði er raunhæfur og líklegur kostur til lengri tíma lítið. Í því samhengi verður enn mikilvægara að vernda svæðið, tryggja hreina náttúru, ómengaða strönd og heilnæmt umhverfi fyrir komandi kynslóðir. Skammtímahagsmunir mega ekki ráða för þegar um er að ræða óafturkræf inngríp í náttúru sem tilheyrir okkur öllum.

Fyrirhuguð framkvæmd Aurora fiskeldis er ekki lítið landeldi heldur stórfelld iðnaðarstarfsemi með losun sambærilega heilli borg, staðsett í viðkvæmum firði og innan friðunarsvæðis villtra laxastofna. Notkun brunnbáta og tankbíla við flutninga á lifandi laxi innan friðunar- og verndarsvæðis Faxaflóa felur í sér **óásættanlega áhættu**. Í ljósi þess að áhrif á erfðasamsetningu villtra laxastofna eru óafturkræf verður að beita varúðarreglu af fullum þunga.

Á Grundartanga eru þegar starfrækt mörg fyrirtæki í þungaiðnaði og þjónustu, og samlegðaráhrif þeirra eru veruleg. Viðbót af þessari stærðargráðu eykur álag á svæðið enn frekar.

Hvalfjörður er í reynd **eitt samfellt vistfræðilegt og samfélagslegt kerfi**, en ekki safn af aðskildum lóðum eða skipulagssvæðum. Strandbundin iðnaðarstarfsemi nýtir sameiginlega auðlind fjarðarins sjó, strandlengju, strauma og lífríki og áhrif hennar berast óhjákvæmilega um allan fjörðinn, óháð sveitarfélagamörkum eða afmörkun iðnaðarsvæða.

Við mat á fyrirhugaðri framkvæmd verður því að líta til **uppsafnaðra og samverkandi áhrifa** allrar núverandi og áætlaðrar starfsemi við strandlengju Hvalfjarðar. Verkefni-fyrir-verkefni nálgun er ófullnægjandi í þessu samhengi og stenst hvorki varúðarreglu né kröfur um heildstætt mat á áhrifum á fjörðinn sem náttúru- og búsetusvæði.

Af framangreindum ástæðum er brýnt að staldra við. **Frekar en að ganga freklega á náttúruauðlindir Hvalfjarðar, bæði í sjó og á landi, ætti að stefna að friðun, vernd og sjálfbærri nýtingu svæðisins**. Hvalfjörður á að vera áfram tákni hreinnar náttúru, virðingar fyrir umhverfi og ábyrgðar gagnvart framtíðinni.

Komandi kynslóðir eiga Hvalfjörð skilið hreinan, ómengaðan og lifandi. Það er okkar ábyrgð að tryggja að svo verði.

Ég mótmæli fyrirhugaðri framkvæmd Aurora fiskeldi ehf. og krefst þess að Skipulagsstofnun hafni framkvæmdinni í heild sinni.

Með vinsemd,

Hákon Jóhannesson

Matvælafræðingur,
viðurkenndur þjónustuaðili í vinnuvernd
efni og efnahættur, umhverfisþættir
201 Kópavogur

hakon.johannesson@gmail.com

11. janúar 2026

Góðan daginn,

Ég er hvorki sérfræðingur né beinn hagsmunaaðili að þessu máli en dvel mikið í Kjósinni sem sumarhúsaeygandi og fylgist með þróun mála. Ég fann mig knúinn til að senda inn eftirfarandi tillögu eftir lestur skýrslunnar sem Efla gerði.

Í skýrslunni kemur skýrt fram (sjá viðhengi) að mesta hættan á sleppingu er við flutning seiða/sláturfisks í brunnbát, verði sá kostur fyrir valinu.

Ég las alla skýrsluna og finnst viturlegasta niðurstaðan, ef farið verður í þessa miklu framkvæmd, vera sú að takmarka leyfið við vinnslu á landi, og sleppa þar með þessum mikla áhættuþætti sem felst í flutningi lifandi fiskis úti báta.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á viðskiptaáætlun þessa landeldis og tel ég eðlilegt í ljósi gríðarlegra hagsmuna annara atvinnuvega í og við Hvalfjörð ásamt hættunar fyrir náttúru svæðisins, að gera þessa breytingu að skilyrði fyrir leyfinu.

Alvarleiki málsins kallar á skýra umgjörð um eftirlit með framkvæmd og skýlausa kröfu um að framkvæmdaraðili hanni og byggi starfsstöðina á þann hátt að hættan á slysasleppingu lax verði í algjöru lágmarki.

Sömuleiðis tel ég afar óskýrt í skýrslunni hvernig fyrirkomulag vöktunar og eftirfylgni verði háttað.

Hinsvegar tel ég að ekki ætti að veita leyfi fyrir þessari framkvæmd miðað við núverandi útfærslu þessa landeldis.

Virðingarfyllst,

Svavar Jónatansson

kt 090881-5079

UMSÖGN OG MÓTMÆLI

Umhverfismatsskýrsla Aurora Fiskeldis ehf. vegna fyrirhugaðs 28.000 tonna „landeldis“ við Grundartanga í Hvalfirði

Til: Skipulagsstofnunar

Umsagnaraðili: Reynir Þrastarson, fyrir hönd Grettisstillu ehf, leigutaka Hítarár á Mýrum

Dagsetning: 9. janúar 2026

Hagsmunir umsagnaraðila

Undirritaður er annar leigutaka Hítarár á Mýrum í gegnum félagið Grettisstillur ehf og hefur þar beina, verulega og lögvarða hagsmuni af vernd villtra lax- og silungsstofna á Vesturlandi. Umsögn þessi er sett fram á grundvelli:

- laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum,
- vatnatilskipunar ESB 2000/60/EB,
- laga nr. 36/2011 um Árósasamninginn,
- og almennra meginreglna um varúð, meðalhóf og lögmæti stjórnsýslu.

Undirritaður mótmælir harðlega fyrirhugaðri framkvæmd Aurora Fiskeldis ehf. og krefst þess að Skipulagsstofnun hafni umhverfismatsskýrslunni og þar með framkvæmdinni í heild sinni.

Brot gegn vernd Faxaflóa fyrir framandi laxastofnum

Faxaflói og tengdir firðir hafa í stjórnsýsluframkvæmd og stefnumörkun stjórnvalda verið meðhöndlaðir sem verndarsvæði gegn fiskeldi með framandi laxastofnum vegna verndar villtra lax- og silungsstofna. Með fyrirhugaðri framkvæmd Aurora er í reynd:

- fluttur frjór norskur eldislax inn á friðunarsvæði,
- með eldiskerfi sem byggir á opnum flutningum lifandi fisks. Ef strok verður við dælingu eða flutning í Hvalfirði eða Faxaflóa er raunhæft að eldislax gangi í ár á Vesturlandi s.s. í Borgarfirði og Mýrum. Villti íslenski laxastofninn í heild telur aðeins

50–70 þúsund laxa, á meðan hundruð þúsunda eldislaxa eru fluttir í hverri lotu. Þetta er óásættanleg áhætta fyrir erfðafræðilega vernd og eignarrétt landeigenda.

Framkvæmdin er ranglega skilgreind sem lokað „landeldi“

Af samspili laga um fiskeldi, mengunarvarnir, vatnavernd og dýraheilbrigði leiðir að landeldi sem nýtur meðferðar sem lokað eldiskerfi verður að uppfylla eftirfarandi efnisleg skilyrði:

- á landi (fiskur er varanlega aðskilinn frá náttúrulegum viðtökum),
- utan náttúrulegs sjávar (engin reglubundin opnun kerfisins á sér stað, losun mengandi efna í vatnshlot er annaðhvort engin eða óveruleg),
- með aðskilnaði frá villtum stofnum (stroksáhætta er lágmörkuð með hönnun, ekki aðeins verklagi).

Notkun brunnbáta og tankbíla útilokar að flutningur fisks fari fram innan lokaðs eldiskerfis í skilningi umhverfis- og fiskeldisréttar. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu Aurora er gert ráð fyrir:

- reglubundnum flutningi lifandi fisks í brunnbátum og/eða tankbílum,
- dælingu fisks út úr stöðinni og yfir í brunnbáta á opnu hafi,
- flutningi fisks til áframeldis í sjókvíar (1.000-2.000 tonn).

Brunnbátar eru ekki hlutlaus flutningstæki heldur virkir hlutar eldisferlisins, þar sem fiskur:

- er lifandi,
- losar úrgang,
- ber sjúkdóma og sníkjudýr,

Framkvæmdaraðili viðurkennir sjálfur að mestar líkur á stroki séu við dælingu í brunnbáta. Framkvæmd sem krefst reglubundinnar opunar kerfisins til lifandi flutnings í sjó getur ekki talist lokað landeldi, heldur fellur undir opið eða blandað eldiskerfi.

Lokaorð

Fyrirhuguð framkvæmd Aurora Fiskeldis er ekki lítið landeldi, heldur stórfelld iðnaðarstarfsemi með losun sambærilega heilli borg, staðsett í viðkvæmum firði og innan friðunarsvæðis villtra laxastofna. Notkun brunnbáta og tankbíla við flutninga á

lífandi laxi er innan friðunar- og verndarsvæðis á Vesturlandi felur í sér óásættanlega áhættu. Í ljósi þess að áhrif á erfðasamsetningu villtra laxastofna eru óafturkræf verður að beita varúðarreglu af fullum þunga.

Að heimila slíka framkvæmd væri:

- í andstöðu við íslensk lög,
- í andstöðu við EES-rétt,
- og í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Því er þess krafist að Skipulagsstofnun hafni framkvæmdinni.

F.h Grettisstilla ehf

Reynir Þrastarson

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2026

Efni: Athugasemdir við matsskýrslu Aurora fiskeldis ehf. um 28.000 tonna landeldi í Hvalfirði

Við er til umhverfismatsskýrslu Aurora fiskeldis ehf. frá 20. nóvember 2025 um fyrirhugað 28.000 tonna landeldi á Grundartanga við Hvalfjörð. Eftirfarandi eru athugasemdir náttúruverndarsamtakanna Laxinn lifi við fyrirbyggjandi skýrslu sem samtökin hafa falið undirrituðum lögmanni að koma á framfæri fyrir sína hönd.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal í umhverfismati greina, lýsa og meta, með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti: (a) íbúa og heilbrigði manna, (b) líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar, (c) land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag, (d) efnisleg verðmæti og menningarminjar, (e) næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum og (f) samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.

Samkvæmt 22. gr. laganna skal umhverfismatsskýrsla innihalda a.m.k. (a) lýsingu á framkvæmdinni, svo sem um staðsetningu, hönnun og stærð, og aðra þætti framkvæmdarinnar sem máli skipta, (b) lýsingu og mat á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum, (c) lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar, (d) lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á, (e) samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli um upplýsingar í a–d-lið og (f) nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

Nánari ákvæði um efni umhverfismatsskýrslu framkvæmdar er að finna í 15. gr. reglugerðar nr. 1381/2021. Þar kemur fram að í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila samkvæmt 22. gr. laga nr. 111/2021 skuli eftirfarandi koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar:

1. Lýsing á framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir, einkum
 - a. upplýsingar um staðsetningu framkvæmdar og uppdráttur af staðsetningu framkvæmdar og áhrifasvæði,
 - b. upplýsingar um markmið framkvæmdar og hver er framkvæmdaraðili,

MAGNA

- c. lýsing á eiginleikum allrar framkvæmdarinnar, þ.m.t. nauðsynlegu niðurrifi ef við á, hönnun hennar, umfangi og áfangaskiptingu á framkvæmda- og rekstrartíma,
 - d. lýsing á helstu framleiðsluferlum framkvæmdarinnar (einkum öllum vinnsluferlum), t.d. orkuþörf og orkunotkun, eðli og magni hráefna og upplýsingar um nýtingu náttúruauðlinda, svo sem vatns, lands, jarðvegs og líffræðilegrar fjölbreytni, annarra hráefna og mannaflapörf á framkvæmda- og rekstrartíma,
 - e. áætlun um losun (mengun vatns, lofts og jarðvegs, hávaða, titring, ljós, hita o.s.frv.) og um tegund og magn úrgangs á framkvæmda- og rekstrartíma,
 - f. upplýsingar um framkvæmdir á vegum annarra aðila sem eru forsenda hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar,
 - g. upplýsingar um matsskyldu framkvæmdar, með vísan til viðeigandi liða í 1. viðauka laga nr. 111/2021,
 - h. upplýsingar um hvaða leyfum framkvæmd og starfsemi, sem henni fylgir er háð,
 - i. upplýsingar um áætlaðan framkvæmda- og rekstrartíma.
2. Lýsing og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað (t.d. í tengslum við hönnun framkvæmdarinnar, tækni, staðsetningu, stærð og umfang) og sem tengjast fyrirhugaðri framkvæmd og sérstökum eiginleikum hennar, ásamt upplýsingum um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem framkvæmdaraðili hefur valið, að teknu tilliti til samanburðar umhverfisáhrifa.
 3. Greining á núllkosti að því marki sem mögulegt er á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga og vísindabekkingar.
 4. Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af framkvæmdinni, meðal annars:
 - a. íbúar og heilbrigði manna,
 - b. líffræðileg fjölbreytni (t.d. í dýraríkinu og plönturíkinu), með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,
 - c. land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðvegur (t.d. lífrænt efni, rof, þjöppun, og lokun jarðvegs), vatn (t.d. vatnsformfræðilegar breytingar, magn og gæði), loft og loftslag (t.d. losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif sem tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum),
 - d. efnisleg verðmæti og menningarminjar (t.d. fornminjar, byggingararfur og staðir sem tengjast menningarsögu).
 5. Mat á líklegum umtalsverðum umhverfisáhrifum framkvæmdar sem meðal annars stafa af:
 - a. Mannvirkjum, mannvirkjagerð og raski sem fylgja framkvæmdum, þ.m.t. ef við á niðurrifi og framkvæmdum á vegum annarra aðila sem eru forsenda framkvæmdarinnar,
 - b. nýtingu á náttúruauðlindum, einkum landi, jarðvegi, jarðhita, vatni og líffræðilegri fjölbreytni, með tilliti til sjálfbærni þeirra,
 - c. losun mengunarefna, hávaða, titrings, ljóss, hita og geislunar, ónæðis og endurnýtingu og förgun úrgangs,
 - d. hættu fyrir heilbrigði manna, menningararfleifð eða umhverfið (t.d. vegna slysa eða náttúruhamfara),
 - e. samlegð áhrifa með öðrum núverandi og/eða fyrirhuguðum framkvæmdum, m.a. með tilliti til nýtingar náttúruauðlinda,

- f. áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag (t.d. eðli og magn losunar gróðurhúsalofttegunda) og næmi framkvæmdarinnar fyrir loftslagsbreytingum,
- g. þeirri tækni og þeim efnum sem notuð eru.

Mat á líklegum umtalsverðum áhrifum skal ná til beinna áhrifa og óbeinna áhrifa, samlegðaráhrifa, áhrifa yfir landamæri, áhrifa sem vara til skamms og langs tíma, varanlegra og tímabundinna áhrifa og jákvæðra og neikvæðra áhrifa af framkvæmdinni. Í umhverfismati skal leggja mat á vægi umhverfisáhrifa og taka tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda sem varða framkvæmdina.

6. Lýsing á aðferðum og gögnum sem byggt er á til að greina og meta umhverfisáhrif framkvæmdar, þ.m.t. upplýsingar um þá óvissuþætti sem snúa að matinu og erfiðleika (t.d. tæknilega annmarka eða skort á þekkingu) við öflun tilskilinna upplýsinga.
7. Lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á. Í þeirri lýsingu skal skýra út að hversu miklu leyti er komist hjá, komið í veg fyrir, dregið úr eða vegið upp á móti umtalsverðum skaðlegum umhverfisáhrifum á framkvæmda- og rekstrartíma.
8. Mat á skaðlegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem leiða af næmi framkvæmdarinnar fyrir stórslysum og/eða náttúruhamförum. Heimilt er að nota viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir og eru fengnar með áhættumati sem farið hefur fram á grundvelli reglugerðar um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna eða viðeigandi mats sem farið hefur fram á grundvelli annarra laga. Koma skulu fram upplýsingar um þær ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir eða draga úr umtalsverðum áhrifum slíkra atburða.
9. Upplýsingar um kynningu og samráð sem staðið hefur verið að við mat á umhverfisáhrifum og upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina eða umhverfismatið á vinnslustigi.
10. Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem unnu umhverfismatið og upplýsingar um sérfræðiþekkingu þeirra og réttindi.
11. Samantekt umhverfismats um upplýsingar samkvæmt 1.-9. lið.
12. Heimildaskrá.

Í umhverfismatsskýrslu skulu vera upplýsingar sem sanngjarnt má teljast að krafist sé svo að unnt sé að taka afstöðu til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar að teknu tilliti til fyrirbyggjandi þekkingar og aðferða, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021.

Af fyrirbyggjandi matsskýrslu verður ráðið að helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar lúti m.a. að röskun á votlendisvistgerðum og fuglalífi vegna framkvæmda við mannvirki og innviði á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, losun úrgangs og erfðablöndun við villta laxfiska af völdum mögulegra slysasleppinga. Að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021 gera náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi einkum eftirfarandi athugasemdir við efni skýrslunnar að svo stöddu:

1. Samkvæmt matsskýrslunni er gert ráð fyrir að losa lífrænan úrgang sem nemur 150.000 persónueiningum í hafið. Samkvæmt matsskýrslunni mun losunin leiða af sér verulega hnignun á ástandi vatnshlotsins á því svæði þar sem hún fer fram. Sú aðstaða að hnignunin sé staðbundin breytir því ekki að hún er veruleg. Þannig verður ráðið að ástand vatnshlotsins muni versna verulega á svæði allt að 800 metrum frá losunarpunkti.

Náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi benda á að ályktanir í matsskýrslu um eðli og vægi þessara umhverfisáhrifa virðast ekki vera á rökum reistar. Ljóst virðist að staðbundin umhverfisáhrif á hafsvæðið næst losunarpunkti verði veruleg og neikvæð þótt dragi úr þeim eftir því sem fjær dregur losunarpunkti. Samtökin benda jafnframt á að framkvæmd sem hefur slík umhverfisáhrif er auk annarra leyfa háð heimild Umhverfis- og orkustofnunar til breytingar á vatnshloti samkvæmt 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, enda uppfylli framkvæmdin skilyrði þeirrar lagagreinar. Þessa er ekki getið í matsskýrslu, sbr. h-lið 1. tölul. 15. gr. reglugerðar nr. 1381/2021. Þá benda samtökin á að það leiðir af dómi EFTA-dómstólsins 16. desember 2025 í máli E-7/2025 að áður en slík heimild verður veitt þarf að fara fram flokkun og mat á ástandi hlutaðeigandi vatnshlots samkvæmt viðmiðum vatnatilskipunar ESB, sbr. 71. mgr. dómsins.

2. Af skýrslunni verður ráðið að auk lífræns úrgangs, sem fyrirhugað er samkvæmt framansögðu að losa beint í hafið, sé gert ráð fyrir 3.000 tonnum af lífrænum úrgangi (fiskmykju) sem safnað verði í tanka. Í matsskýrslunni koma einungis fram óljós áform um meðhöndlun þessa úrgangs. Matsskýrslan hefur því ekki að geyma fullnægjandi lýsingu á framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar að þessu leyti. Að því marki sem framkvæmdin er háð forsendum um framkvæmdir á vegum annarra aðila, s.s. við framleiðslu á lífgasi eða áburði, sbr. f-lið 1. tölul. 15. gr. reglugerðar nr. 1381/2021, þarf að gera grein fyrir þeim í matsskýrslunni. Í öllu falli verður ekki séð að unnt sé að gera fullnægjandi grein fyrir framkvæmd og líklegum umhverfisáhrifum hennar, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021, án þess að gera skýra grein fyrir því hvernig fyrirhugað sé að meðhöndla 3.000 tonn af fiskmykju sem falla mun til vegna hennar. Náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi benda á að án fullnægjandi upplýsinga um fyrirhugaða meðhöndlun þessa úrgangs sé ekki unnt að taka afstöðu til íklegra umhverfisáhrifa þessa þáttar framkvæmdarinnar.
3. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsskýrslu er fyrirhugað að notast við svonefnda RAS-tækni í ferskvatnspætti framkvæmdarinnar (e. recirculating aquaculture system) en ekki í saltvatnspætti hennar. Í matsskýrslunni er fullyrt án rökstuðnings að líffilter fyrir saltvatn sé ekki nægilega tæknilega fullkominn og skorti rekstraröryggi. Skilja verður matsskýrsluna svo að framkvæmdaraðili telji þennan valkost, þ.e. notkun RAS í saltvatnspætti framkvæmdarinnar, óraunhæfan valkost og því óskilyt að lýsa honum og meta hann. Náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi draga þessa forsendu matsskýrslunnar í efa og benda á að ef hún er ekki rétt sé efni matsskýrslunnar ófullnægjandi að þessu leyti enda skortir þá á lýsingu og mat á raunhæfum valkosti framkvæmdarinnar. Samtökin benda á að við gerð álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar þarf stofnunin að kanna réttmæti framangreindrar forsendu matsskýrslunnar, eftir atvikum með því að kalla eftir frekari gögnum og rökstuðningi frá framkvæmdaraðila sem sýnt getur fram á það að notkun RAS-tækni í saltvatnspætti framkvæmdarinnar sé óraunhæf í skilningi c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021, en samtökin draga sem fyrr segir í efa að sú sé raunin. Hvað sem því líður er ófært að leggja órökstudda staðhæfingu framkvæmdaraðila um ætlaða annmarka líffilters fyrir saltvatn til grundvallar án frekari rannsókna.

4. Í matsskýrslu er lagt til grundvallar að slysasleppingar geti haft veruleg neikvæð áhrif á vistkerfi og að mestar líkur á slíkum slysasleppingum séu við flutning seiða/sláturfisks í brunnbát, verði sá valmöguleiki fyrir valinu, en í skýrslunni er ekki tekin afstaða til þess hvernig framkvæmdinni verði háttáð að þessu leyti, þ.e. hvernig fyrirhugað sé að flytja lifandi fisk frá stöðinni, en fyrir liggur að framkvæmdaraðili hefur áform um sölu allt að 2.000 tonna af lifandi fiski (stórseiðum) á ári. Í ljósi þess að vöð virðist á fleiri en einum raunhæfum valkosti varðandi flutning lifandi fisks frá stöðinni, og í ljósi þess að þessi þáttur framkvæmdarinnar er eftir atvikum til þess fallinn að hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, er nauðsynlegt að þessum valkostum sé lýst og þeir bornir saman með tilliti til umhverfisáhrifa þeirra, sbr. c-lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021. Náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi benda á að slíkan samanburð er ekki að finna í matsskýrslunni. Ekki er heldur að finna samanburð á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar m.t.t. til þess valkosta að öllum fiski verði slátrað í stöðinni þannig að ekki þurfi að flytja lifandi fisk frá henni.
5. Þrátt fyrir að í matsskýrslu sé gert ráð fyrir beinum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni af völdum mögulegra slysasleppinga er ekki fjallað um óbein áhrif af völdum slíkra slysasleppinga á efnisleg verðmæti í formi veiðiréttar í laxveiðiám á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, sbr. d-lið 4. gr. laga nr. 111/2021. Náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi benda á í því sambandi að fyrirhuguð staðsetning framkvæmdarinnar er innan svæðis þar sem bann er lagt við fiskeldi í sjó vegna nálægðar við laxveiðiár.
6. Samkvæmt e-lið 4. gr. laga nr. 111/2021 og 8. tölul. 15. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 skal umhverfismat framkvæmdar hafa að geyma m.a. mat á skaðlegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem leiða af næmi hennar fyrir stórslysum og/eða náttúruhamförum. Af þessum ákvæðum leiðir að í slíku mati þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdar af völdum raunhæfra stórslysa. Í matsskýrslu virðist lagt til grundvallar að raunhæft sé að slysaslepping geti átt sér stað. Í samræmi við það ber í skýrslunni að greina, lýsa og meta umhverfisáhrif af völdum slíks stórslyss ef til þess kæmi. Ekki verður séð að slíka umfjöllun sé að finna í fyrirliggjandi skýrslu.


Með vísan til þess sem rakið er hér að framan er það afstaða náttúruverndarsamtakanna Laxinn lifi að fyrirliggjandi matsskýrsla Aurora fiskeldis ehf. sé ekki í samræmi við fyrirmæli laga nr. 111/2021 og að nauðsynlegt sé að bætt verði úr annmörkum á henni til að hún geti uppfyllt kröfur laganna. Samtökin leggja jafnframt áherslu á að markmið umhverfismats framkvæmdar er að fyrir liggi réttar og fullnægjandi upplýsingar um þá þætti sem slíkt mat tekur til. Með slíku mati er hins vegar engin afstaða tekin til þess hvort fyrirhuguð framkvæmd, eins og henni og umhverfisáhrifum hennar hefur verið réttilega lýst í umhverfismati í samræmi við fyrirmæli laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021, sé samrýmanleg lögum að öðru leyti. Grundvallarforsenda þess að leyfisveitendur og almenningur geti tekið afstöðu til þess hvort svo sé er að fyrir liggi rétt mat á umhverfisáhrifum hennar. Náttúruverndarsamtökin Laxinn lifi telja þessu grundvallarskilyrði ekki fullnægt að svo stöddu hvað varðar fyrirhugaða framkvæmd. Samtökin áskilja sér allan rétt til frekari athugasemda við umhverfismat

MAGNA

framkvæmdarinnar og til að taka afstöðu til lögmætis hennar á síðari stigum þegar fyrir liggur fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum hennar.

Virðingarfyllt,

f.h. Laxinn lifi,



Flóki Ásgeirsson lögmaður

Frá Sól til framtíðar

Umsögn um umhverfismatsskýrslu um 28.000 tonna landeldi Aurora Fiskeldis í Hvalfirði.

Í umhverfismatsskýrslunni fyrir landeldi Aurora Fiskeldis í Hvalfirði kemur fram að landeldið sé aðeins fyrir uppeldið (þar til seiðin eru tilbúin til sjógöngu) og síðan verði laxseiðum dælt/flutt í brunnbáta og/eða í tankbúnað og siglt á aðrar eldisstöðvar. Þetta teljum við mjög áhættusamt þar sem margar af helstu laxveiðiám landsins eru í næsta nágrenni, bæði á suðvestur- og vesturlandi. Við metum að hættan á að seiðin sleppi t.d. vegna bilunar í búnaði eða mistaka sé alltaf fyrir hendi. Ef seiðin sleppa/strjúka við flutning þetta ung/lítill getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar. Í skýrslunni kemur fram að sjógönguseiði séu oft hæfari til að lifa af í náttúrunni heldur en eldislax sem sleppur úr kvíum. Erfitt getur síðan verið að aðgreina slíkan fullvaxinn lax frá villtum laxi sem aftur eykur hættuna á erfðablöndum með villtum laxi.

Þessi flutningur á laxaseiðum í nágrenni laxveiðiáa og við ósa þeirra er óásættanlegur og felur í sér mikla áhættu fyrir villta laxastofna vegna hættu á slysasleppingum og þá óafturkræfri erfðablöndun.

Sól til framtíðar fer því fram á að Skipulagsstofnun hafni skýrslunni í núverandi mynd og krefjist endurunnins umhverfismats. Ný skýrsla taki sérstaklega á lifandi flutningi sjógönguhæfra seiða/stórseiða, snemmbúnum strokum og þeirri áhættu sem þessu fylgir fyrir villta laxastofna. Umhverfismat verður að taka mið af rekstraráhættu við lifandi flutninga (dælingu, tengingar, brunnbát, veður og mannleg mistök) og óbeinum/afleiddum áhrifum (að framkvæmdin auðveldi aukið umfang sjókvíaeldis annars staðar).

Sól til framtíðar hafnar öllum aðferðum sem gætu falið í sér slysasleppingar og strok seiða/laxa.

Jafnframt gerum við alvarlegar athugasemdir við lífræn efni sem t.d. gætu nýst sem áburður á landi séu sett í fjörðinn.

Stjórn Veiðifélags Laxár í Leirársveit, kt. 430774-0269, gerir athugasemdir við eftirtalin atriði í umhverfismatsskýrslu Aurora fiskeldis ehf. vegna 28.000 tonna landeldis á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit.

Í upphafi var framkvæmdin kynnt sem hefðbundið landeldi á laxi sem hefur mun jákvæðari ímynd en eldi í opnum sjókvíum, nú kemur í ljós að til stendur að ala verulegt magn seiða (í um 500 gr. að stærð eftir því sem fram kom á kynningarfundinum) sem flytja á með brunnbátum (lýst í kafla 4.4.5).

Hér verða til aðstæður þar sem mannleg mistök eða bilun í búnaði geta orðið til þess að fiskur sleppi. Eins og NASF bendir á í sinni umsögn „*að snemmbúin stök eldislaxa eru sérstaklega varhugaverð, þar sem slíkir fiskar bera ekki alltaf sýnileg einkenni eldis uppruna. Erfitt er að aðgreina hann frá villtum laxi nema með erfðarannsóknum og því hætta á hrygningu með villtum laxi áður en gripið er til viðeigandi aðgerða. Skaði af slíku tagi er óafturkræfur.*“

Þá lýsir stjórn Veiðifélags Laxár í Leirársveit yfir áhyggjum af fráveitu og úrgangsmálum (kafla 2.3.7) og tekur undir álit Matvælastofnunar í umsögn stofnunarinnar. „*Í umhverfismatskýrslu kemur fram að til skoðunar sé að nota lífrænan úrgang í lífgasverksmiðju eða þurrka hann og nota efnið sem hráefni í áburð. Lagalegur grundvöllur fyrir því liggur ekki fyrir og hvorug leiðin hefur verið þróuð á þann hátt að vera líklegar og tilbúnar til notkunar í náinni framtíð. Sem valkost er líka lagt til að nota óunna fiskimykju í jarðvegsbæti á stöðum sem eru ekki notaðir til að framleiða fóður fyrir dýr eða sem beitiland. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að unnið verði með raunhæfar lausnir á notkun lífræns úrgangs frá eldinu þar til kostir um framleiðslu á lífgasi og áburðaframleiðslu raungerist.*“

Þá vakna upp spurningar um hvort fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram á aðstæðum í Hvalfirði? Eru líkur á að það magn úrgangs sem dælt verður í Hvalfjörð ef eldisstöðin rís og fer í fullan rekstur, valdi skaða á lífríki og fiskgengd í firðinum? Það þarf að tryggja að svo verði ekki.

F.h. stjórnar Veiðifélags Laxár í Leirársveit

Sigurður Sigurðsson, formaður

Umsögn birt **8.01.2026**

Hvalfjörður er eitt af verðmætari náttúrusvæðum landsins, bæði vegna sérstöðu sinnar og nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Fjörðurinn sameinar ósnortna náttúru, lífríki sjávar og lands, útivistargildi, búsetu sumarhúsaeigenda og mikilvægt menningar- og náttúruarfleifðarsvæði fyrir komandi kynslóðir. Því vekja áform um umfangsmikið landeldi lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit verulegar áhyggjur.

Samkvæmt kynntu umhverfismati hyggst Aurora fiskeldi ehf. byggja upp landeldistöð í þremur áföngum, með áætlaða framleiðslu allt að 28.000 tonnum af laxi á ári. Slík framkvæmd er fordæmalaus að stærð í þessu viðkvæma umhverfi og felur í sér gríðarlega vatnsnotkun, bæði á sjó og ferskvatni. Áætlað er að dæla allt að 27 rúmmetrum af sjó á sekúndu beint úr Hvalfirði inn í stöðina, auk ferskvatnsnotkunar. Þrátt fyrir endurnýtingu er ljóst að þessi starfsemi mun hafa veruleg áhrif á vistkerfi fjarðarins.

Mengunaráhrif af þessu tagi landeldis eru ekki aðeins bundin við sjálfa stöðina heldur hafa afleidd áhrif á sjó, botndýralíf, strandlengju og lífríki í heild. Úrgangur, næringarefni, möguleg efnamengun og hætta á slysum eða bilunum í kerfum geta haft langvarandi áhrif á viðkvæmt jafnvægi náttúrunnar. Hvalfjörður er ekki iðnaðarsvæði heldur lifandi náttúrusvæði sem á að njóta vafans.

Sérstök ástæða er til að nefna náttúrulegan lax og villta stofna á Íslandi. Þótt um landeldi sé að ræða er ekki hægt að útiloka áhættu sem tengist sjúkdómum, erfðablöndun eða áhrifum á villta fiskistofna, beint eða óbeint. Ísland hefur hingað til notið orðspors sem land hreinnar náttúru og heilnæmra fiskistofna — það orðspor er brothætt og auðvelt að glata.

Virðing við sumarhúsaeigendur og íbúa svæðisins er einnig lykilatriði. Margir hafa valið Hvalfjörð sem stað til hvíldar, náttúrunjóta og samvista við ósnortið landslag. Umfangsmikil iðnaðaruppbygging, aukin umferð, hávaði, sjónmengun og breyting á ásýnd svæðisins ganga gegn þessum gildum og skerða lífsgæði þeirra sem þar eiga rætur eða dvelja reglulega.

Þá ber einnig að horfa til framtíðar. Stækkun höfuðborgarsvæðisins í átt að Hvalfirði er raunhæfur og líklegur kostur til lengri tíma litið. Í því samhengi verður enn mikilvægara að vernda svæðið, tryggja hreina náttúru, ómengaða strönd og heilnæmt umhverfi fyrir komandi kynslóðir.

Skammtímahagsmunir mega ekki ráða för þegar um er að ræða óafturkræf inngrip í náttúru sem tilheyrir okkur öllum — og þeim sem koma á eftir.

Af þessum ástæðum er brýnt að staldra við. Frekar en að ganga freklega á náttúruauðlindir Hvalfjarðar, bæði í sjó og á landi, ætti að stefna að friðun, vernd og sjálfbærri nýtingu svæðisins. Hvalfjörður á skilið að vera áfram tákn hreinnar náttúru, virðingar fyrir umhverfi og ábyrgðar gagnvart framtíðinni.

Komandi kynslóðir eiga Hvalfjörð skilið hreinan, ómengaðan og lifandi. Það er okkar ábyrgð að tryggja að svo verði.

HVALFJARÐARSVEIT / SKIPULAGSSTOFNUN Skipulagsgátt

Dags: 8. janúar 2026

Efni: Athugasemdir og mótmæli vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfismats vegna fyrirhugaðs 28.000 tonna landeldis Aurora fiskeldis ehf. á Grundartanga.

Undirrituð lýsir hér með yfir harðri andstöðu við áform um uppbyggingu 28.000 tonna landeldis á Grundartanga. Eftirfarandi athugasemdir lúta að ófullnægjandi upplýsingum í umhverfismatsskýrslu, vanmati á umhverfisáhrifum, áhættu vegna mengunar í Hvalfirði, stórauðni álagi á innviði og neikvæðum áhrifum á ásýnd og náttúrufar.

Inngangur: Hér vil ég draga saman helstu helstu atriði sem að mínu mati eru illa unnin og ámælisverð varðandi Umhverfismatsskýrsluna og krefst þess að fá rökstuddar skýringar á þessum liðum og áskil mér réttar til andmæla.

- Ég er nágranni þessarar framkvæmdar ekki bara vegna þess að ég held heimili í firðinum heldur blasir þetta við heiman frá mér.
- Það vantar strau- og hitamælingar (lágmark fyrir 3-6 mánuði) fyrir Hvalfjörð eins og hann leggur sig til að mæla bæði uppdælingar- og frárennslisáhrifin á tilfærslu og upptöku efna í firðinum
- Það vantar þrívíddarmynd af botnlagi fjarðarins svo það sé með gagnsæum hætti hægt að meta áhrif starfseminnar á fjörðinn
- Að halda því fram að þröskuldur fjarðarins sé grynstur 38 mtr djúpur er fásinna því öllum er ljóst sem um fjörðin keyra að það eru sker í mynni fjarðarins
- Það vantar 3D líkan af heildarframkvæmdinni svo almenningur geti gert sér grein fyrir sjónrænum áhrifum hennar. Framkvæmdaraðili hefur þannig ekki sinnt grunnskyldum sínum sem á hann eru lagðar í lögum um umhverfismál.
- Á framkvæmdaraðila hvílir alfarið upplýsingarskylda og sönnunarskylda í þessu máli
- Það er sorglegra en tárur taki að vera vitni af því að eftirlitsstofnanir ríkisins skuli ekki sinna skyldum sínum við almenning og náttúru þessa lands betur en gagnaöflun þessa máls bera vitni um.
- Burðarþols- og áhættumat siglinga fyrir fjörðin og aðrar þær kröfur sem eru gerðar til sjókvíældis ættu að eiga við í þessari framkvæmd. Þeir taka sjó úr firðinum og ég spyr, er þetta þá ekki bara sjókvíældi frekar en landeldi sama hvað hreinsibúnaður á að vera fullkominn að þeirra sögn.
- Þetta mál er þvert á útgefna stefnu stjórnvalda sem er að auka vægi um endurheimt vistkerfa ásamt fleiru sjá tengil: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2026-01-07-endurheimt-vistkerfa-og-votlendis-forgangsadgerd-i-loftslagsmalum-ny-stefna-gefin-ut-463075>

Mikið fer fyrir því í umhverfismatsskýrslunni að gera lítið úr því að nokkuð geti farið úrskeiðis varðandi sleppingar og mengun frá eldisstöðinni þar sem varnir eru margfaldar og af því virðist nánast útilokað að slys geti orðið. Nú eru titlaðir þeir Helgi G Sigurðsson og Jóhannes S.

Sigurðsson verkefnastjórar/fulltrúar verkkaupa. Helgi og Jóhannes voru báðir lykilstarfsmenn hjá Löxum fiskeldi og ef rýnt er í rekstarsögu þar þá hefur félagið staðið fyrir áskorunum s.s. sjúkdómu í fiski sem hafa valdið mikilli dánartíðni. Þeir taka fram að þeir hafi áratugareynslu í uppbyggingu og rekstri fiskeldisstöðva og ættu því að vera meðvitaðir um að það er ekkert sem er svo fullkomið að slysin gerist ekki. Það er ekki hægt að útiloka strok og sjúkdóma, EKKI HÆGT.

Mengun, straumfræði og þröskuldsáhrif í Hvalfirði

Í leit minni að sjávarhitamælingum í Hvalfirði þá virðist vera mjög erfitt að finna neinar mælingar þar um, en það sem ég þó fann var að hiti sjávar við Hvammsvík fór allt niður í -1,1 gráðu í mars 1990. Þó það sé það kaldasta sem ég rakst á þá verður sjórinn kaldur og fiskur í eldi er alinn við 7-12 gráður að ég best veit og ég myndi vilja sjá betri skýringar á því hvernig þeir ætla að hita upp sjóinn inn í kerin þar sem magnið af sjó sem dælt er, er 25.000 lítrar á sekúndu. Vatn úr sjó er ekki borholuvatn, þrátt fyrir hreinsigræjur er ekki hægt að útiloka smit þannig að þetta hugnast ekki dýravernd. Þó hreinsun sé góð, er heildarmagnið af uppleystum næringarefnum sem fer í sjóinn sambærilegt við fráveitu frá stórrí borg. Þar sem takan á sjó er gríðarleg getur það þá ekki haft áhrif á staðbundna strauma og lífríki þar sem inntakið er? Ég kalla eftir rökstuddu svari við því með mælingum.

Ég krefst þess að óháður aðili reikni út vatnsskiptihraða (residence time) fyrir allan fjörðinn neðan 38 metra dýpis eða grynna, ekki bara þynningu við útrásina.

Hvalfjörður er svokallaður þröskuldsfjörður og er grunnur við mynnið, um 38 metrar ef ekki grynna. Eru til einhverjar mælingar um hvernig straumurinn er inn og út fjörðinn allt árið? Er hann ekki breytilegur eins og hiti sjávar sem er frá -1 til 12 gráður yfir árið? Er vitað hvort það eru fleiri en einn þröskuldur í firðinum, ég kalla eftir að það muni liggja fyrir nákvæmar dýptarmælingar á firðinum. Í þröskuldsfirði geta vatnaskipti í djúplögum verið hæg. Ef úrgangsvatn er þyngra eða blandast niður í dýpið, getur það safnast fyrir innan við þröskuldinn og valdið súrefnisþurrð eða þörungablóma, þrátt fyrir að líkönin sýni „hraða þynningu“ á yfirborði, er tekið tillit til þessa?

- **Þröskuldsáhrifin eru vanmetin:**
- Skýrslan frá Vatnaskilum reiknar út þynningu úr frá straumum við útrásina og gerir ráð fyrir að efni berist hratt burt. Hún tekur ekki nægilega mikið tillit til þess hvort næringarefnin lokist inni í firðinum vegna þröskuldsins við mynnið til lengri tíma. Ef innstreymi ferskvatns er lítið og vatnaskipti hæg yfir þröskuldinn, gæti líkanið verið of bjartsýnt.
- **Krafa um óháð mat:** Ég geri alvarlegar athugasemdir við að ekki liggi fyrir útreikningar á vatnsskiptihraða (*residence time*) fyrir allan fjörðinn neðan 38 metra dýpis. Ég krefst þess að óháður aðili reikni út þessi áhrif áður en lengra er haldið, þar sem núverandi forsendur virðast byggja á „best case scenario“.
- **Áhrif inntaks:** Dæling á 25.000 lítrum af sjó á sekúndu er inngríp sem getur haft áhrif á staðbundna strauma og lífríki. Kallað er eftir rökstuddum svörum og mælingum um áhrif þessa gríðarlega inntaks.

Ásýnd og sjónræn áhrif

Fullrísíð skilgreinir þetta Hvalfjörð upp á nýtt og ásýnd Hvalfjarðar verður spillt. Hæðin á byggingunum verður á við 4-5 hæða fjölbýlishús. Skýrslan er villandi og gefur ekki raunsanna mynd af svæðinu með byggingum í fullri stærð. Að fara að byggja manir aukalega utan um byggingarnar verður til þess að enn meira rask hlýst af framkvæmdinni. 6 metra háir hólur eru verulegt landmótunarrask og réttlæta ekki niðurstöðu skýrslunnar að áhrif séu aðeins „nokkuð neikvæð“. Ég kalla eftir að fá að sjá teikningu af stóriðjunni inn í landslaginu eins og þetta kemur til með að líta út. Mannvirkin eyðileggja votlendi sem hefur verndargildi.

- **Byggingar og hæð (Ásýnd) Skýrslan gerir ráð fyrir að húsin verði stór en reynir að gera lítið úr áhrifunum.**
 - a. Hæð: Hæstu byggingar verða allt að 14,5 metrar. Þetta er talsverð hæð (svarar til u.þ.b. 4-5 hæða íbúðarblokkar) á svæði sem er tiltölulega flatt.
 - b. Gagnrýni á skýrsluna (Myndvinnslu): Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að gert sé ráð fyrir jarðvegsmönnum (hólum) umhverfis stöðina til að fela hana. Hins vegar viðurkennir skýrslan að þessar manir eru ekki sýndar á tölvuteiknuðum ásýndarmyndum
 - c. Þú færð ekki raunsanna mynd af því hvernig svæðið mun líta út. Hólur sem eru 6 metra háir munu breyta landslaginu verulega, jafnvel þótt þeir feli húsin.
 - d. Niðurstaða: Áhrifin á landslag eru metin "nokkuð neikvæð" í skýrslunni, en það mat byggir á því að svæðið sé nú þegar "skemmt" af iðnaði. Það má deila um hvort það sé réttlæting fyrir því að bæta við fleiri stórum kumpum

Votlendi og náttúruvernd

- **Áhrif á land og votlendi (Stór ágreiningur). Hér er stærsta misræmið milli skýrslu framkvæmdaraðila og umsagnar Náttúruverndarstofnunar (Laxós skjal)**
 - a. Skýrsla framkvæmdaraðila (Efla): Segir að verndargildi votlendisins sé skert og áhrifin „óveruleg“ vegna þess að landið hefur áður verið ræst fram (skurðir grafnir). Þeir líta á þetta sem „skemmt“ land.
 - b. Gagnrýni Náttúruverndarstofnunar: Mótmælir þessu harðlega. Þeir benda á að vistgerðin á svæðinu (starungamýrarvist) er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar
 - c. Kjarni málsins: Þótt landið sé raskað, þá er vistgerðin sjálf mjög verðmæt og sjaldgæf. Að byggja ofan á hana er varanlegt tap. Náttúruverndarstofnun metur áhrifin því sem „talsverð neikvæð“ en ekki óveruleg.
 - d. Niðurstaða: Skýrslan vanmetur verðmæti landsins sem fer undir byggingarnar. Endurheimt votlendis er stefna stjórnvalda, en hér er verið að byggja ofan á votlendi sem mætti endurheimta.

Meðhöndlun úrgangs (Seyra)

Hvert fer seyran NÁKVÆMLEGA ef áburðarverksmiðjan verður ekki tilbúin?

Matvælastofnun bendir á að engin lögleg eða tilbúin lausn sé til staðar fyrir nýtingu á seyrinni (fiskiskítinum). Hugmyndir um áburð eða lífgas eru enn á tilraunarstigi. Það er hætta á að þetta endi í urðun eða verði vandamál sem sveitarfélagið situr uppi með, þvert á umhverfismarkmið, hefur sveitarfélagið velt fyrir sér þessum möguleika? Það er ámælisvert að hefja svo stóra framkvæmd án þess að tryggð sé að varanleg og lögleg leið sé til staðar fyrir þúsundir tonna af úrgangi.

Helgi G Sigurðsson titlaður verkefnastjóri/fulltrúi verkkaupa í umhverfismatsskýrslunni fullyrðir í viðtali á mbl.is þann 27.12.25 að þeir séu að gera nákvæmlega það sama og allir aðrir sem eru í landeldi sem er ekki rétt. Önnur landeldi hér við land eru að dæla sjó úr borholum ekki beint úr sjónum. Með því að taka sjó beint úr Hvalfirði eru þeir ekki með lokað kerfi og ekki hægt að líkja þessu saman við aðra rekstraraðila hér á landi að mér vitandi, sjá link á frétt, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/12/27/virdist_ekki_vera_haegt_ad_gera_theim_til_geds/

Er inntak á sjó ekki of nálægt affalli frá Norðuráli og Járblendinu? Hvað ef það er lignt er þá ekki verið að dæla inn menguðu vatni?

Nú hefur verið leitt að því líkum að með þeirri stóriðju sem þegar er á Grundartanga þá sé burðarþol Hvalfjarðar nánast fullnýtt. Er til burðarþolsmat á Hvalfirði og ef svo er hvernig lítur það út þegar tekið er tillit til núverandi starfsemi auk annarar starfsemi stóriðju sem er á teikniborðinu? Ef það liggur ekki fyrir þá kalla ég eftir að fá að sjá það.

Ég óska eftir upplýsingum/útreikningum á því hvaða áhrif það hafi að hita upp sjó úr -1 gráðu í 12 gráður í stóru landeldi og hvaða áhrif slík upphitun hefur á hefur á mettun og hvernig þeir hyggjast verjast slíkum áhrifum ef slík áhrif koma í ljós.

Varðandi flutninga til og frá eldisstöðinni þá spyr ég hvort það hafi farið fram athugun á því hvort Hvalfjarðargöng/vegakerfið taki við þessari aukningu? Mögulega geta einhverjir flutningar farið sjóleiðina og þá líklega helst til að koma með fóður. Ef við reiknum með að bæði fóður inn til stöðvarinnar og svo flutningur á fiski frá stöðinni komi landleiðina þá eru þetta gríðarlegir flutningar. Eru göngin að þola þetta aukaálag? Fyrir 28.000 fiskeldi má reikna með um 31.000 tonn af fóðri og 28.000 tonn af fiski. Ef við reiknum með að það komist 13 tonn af ferskum fiski í 40 feta gám þá erum við að tala um 2.154 40 feta gáma á ári eða 6 gáma á trailerum á dag alla daga ársins (sem hlýtur að vera enn meira í sláturtíð og minna aðra daga), og þetta er bara flutningur á fiski úr stöðinni og þá vantar flutning á fóðri til stöðvarinnar sem er líklega annað eins eða meira.

Gagnrýni á skýrslurnar:

- **Óvissa með seyrna:**
 - a. Umhverfismatið talar fjálglega um „hringrásarhagkerfið“ og áburðagerð. Í umsögn MAST (skjal 6) afhjúpar að þetta er óraunhæft í dag. Það vantar lagastoð til að nota þetta sem áburð og engin verksmiðja er tilbúin til að taka við þessu magni. Þetta er stór „gloppa“ í áætluninni
- **Uppsöfnunaráhrif:**
 - a. Skýrslan einblínir á áhrif þessarar einu stöðvar. Hún tekur ekki nægilega mikið tillit til samlegðaráhrifa með stóriðjunni sem fyrir er (álverinu, kísilverinu ofl.) Hvalfjörður er nú þegar undir miklu álagi.

- **Eru skýrslurnar réttar:**
 - a. Tæknilega: Líklega eru útreikningar tæknilega réttir miðað við forsendurnar sem gefnar eru.
 - b. Forsendurnar: Forsendurnar eru „best case scenario“. Þær gera ráð fyrir að straumar hreinsi fjörðinn fullkomlega og að seyru-vandamálið leysist af sjálfu sér. Þær gera lítið út áhættunni á því að „lokaði“ fjörðurinn nái ekki að hreinsa sig.
- **Niðurstaða: Er þetta góður staður fyrir laxeldi? Nei þetta er áhættusamur staður fyrir svona stóra framkvæmd. Ástæðan:**
 - a. Lokaður fjörður: Hvalfjörður er ekki opið haf. Hann er grunnur við mynnið (38m) en djúpur innar. Að dæla úrgangi frá 28.0000 tonna framleiðslu inn í svona kerfi er eins og að setja útblástursrör inn í lokaðan bílskúr og vona að loftræstingin dugi. Hætta á súrefnisþurrð í dýpinu er raunveruleg.
 - b. Nálægð við viðkvæma náttúru: Laxós (Náttúrvernd) bendir réttilega á að þetta raskar vernduðum vistgerðum og fuglalífi.
 - c. Óleyst úrgangsmál; Að byrja framkvæmd án þess að hafa trygga, löglega leið til að losna við þúsundir tonna af seyru er **ÁBYRGÐARLAUST**.
- **Er eitthvað „falið“ eða rangt gert? Já það eru atriði sem mætti kalla villandi eða vanmetin:**
 - a. Fuglalíf: Skýrslan segir fuglana á svæðinu vera „algenga“. Náttúrverndarstofnun bendir á að tegundir eins og Heiðlóa, Stelkur og Spói séu að fækka og séu undir álagi. Að eyðileggja búsvæði þeirra er alvarlegra en skýrslan lætur í veðri vaka.
 - b. Sjónræn áhrif: Að sleppa jarðvegsmönnum (hólunum) á teikningunum er villandi, það gefur til kynna minna rask á landmótun en raunin verður.
 - c. Seyra (fiskiskíturinn): Eins og nefnt var áður, þá er engin lausn til fyrir seyruna. Skýrslan talar um „áburðargerð“ sem er ekki til. Þetta er stærsta „hvíta lygin“ í gögnunum.
 - d. Eg legg áherslu á misræmið í mati á votlendi. Með vísan í Bernarsamninginn og umsögn Náttúrverndarstofnunar um að Efla sé að vanmeta verðmæti landsins. Eg krefst þess að sjá ásýndarmyndir með jarðvegsmönnum til að sjá raunverulegt umfang landmótunar.

Verði fallist á framkvæmdina þrátt fyrir þessi mótmæli, er þess krafist að leyfi verði aðeins veitt í áföngum. Rekstraraðili fái ekki stækkun nema sýnt sé fram á með óyggjandi hætti að ástand fjarðarins hafi ekki versnað.

Niðurstaða: Að mati undirritaðar er hér um að ræða hálfunna skýrslu sem getur ekki verið grundvöllur álits um umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Steinunn Guðmundsdóttir, Birkihlíð 16, Hvalfjarðarsveit.

[Þorbjörg Gísladóttir](#)

Umsögn birt **8.01.2026**

UMSÖGN OG MÓTMÆLI

Umhverfismatsskýrsla Aurora Fiskeldis ehf. vegna fyrirhugaðs 28.000 tonna „landeldis“ við Grundartanga í Hvalfirði

Til umsagnar í Skipulagsgátt stjórnvalda, mál nr. 75/2025

Umsagnaraðili: Sveitarstjórn Kjósarhrepps

Dagsetning: 7. janúar 2026

Framlögð umhverfismatsskýrsla er unnin af verkfræðistofunni Eflu fyrir Aurora fiskeldi ehf. og á þeirra kostnað. Skýrslan ber þess sterkega merki að hagsmunir Aurora fiskeldis séu í fyrirrúmi.

Vakin er athygli á því að einungis eru 2,8 km frá strönd að strönd þar sem framkvæmdin á að fara fram, og að fjöruborði Kjósarhrepps. Ekkert byrgir sýn né hljóð yfir fjörðinn. Framkvæmdir á Grundartanga eru á sveitarfélagamörkum og ber að skoða sem slíkar.

Sjónmengun

Í umhverfismatsskýrslunni er algjörlega skautað fram hjá þeirri ljósmengun sem þó má ætla að verði mikil þar sem hér er um ljóselði að ræða. Samkvæmt fyrirtækinu á að taka inn þrjár eldislotur á ári. Til að viðhalda vaxtahaða og halda niðri kynþroska þarf ljósaþyrpingu. Markmið hennar er að herma eftir árstíðabundnu dagsljósi. Því er ljóst að ljósamengun frá eldinu verður mikil og stöðug allan sólarhringinn og allt árið um kring.

Í kafla 4.5.4 er fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á landslag, ásýnd og sjónræna þætti. Þar er talað um að sjónræn áhrif bygginga landeldisins muni falla í skuggann af risabyggingum vegna fyrirhugaðrar rafeldsneytisframleiðslu á næstu lóð sem er í skipulagsferli en ekki búið að samþykkja. Hér má sjá einbeittan vilja til að hvítþvo verkefnið, við mótmælum því alfarið þessari staðhæfingu í skýrslunni, við teljum þvert á móti að samlegðaráhrif verði mjög mikil ef af verður. Það afsakar ekki hraðakstur að aðrir keyri hraðar, það ættu skýrsluhöfundar að vita. Skýrsluhöfundar telja að áhrif verksmiðjunnar verði „nokkuð neikvæð“, við teljum augljóst að áhrifin verði **verulega neikvæð**, a.m.k. sé litið til þess sjónarhorns sem íbúar í Kjósarhreppi búa við.

Mengun sjávar

Fyrirhuguðu fiskeldi mun fylgja gríðarlegt magn úrgangs, samkvæmt umhverfismatsskýrslu er gert ráð fyrir að við fullan rekstur muni skólphreinsivirki stöðvarinnar anna 150.000 persónueiningum (PE). Persónueining er staðlað hugtak í mengunarrétti og jafngildir skólpmagni eins íbúa. Þetta þýðir að úrgangur stöðvarinnar er sambærilegur heildarlosun Reykjavíkurborgar, en losunin er frá einum iðnaðarpunkti, ekki dreifðri borg. Það sem gerir málið enn alvarlegra er að landeldið er staðsett inni í firði en ekki við opið haf.

Í kafla 2.3.7 er fjallað um fráveitu og úrgang, þar kemur fram að framkvæmdaaðili geri ráð fyrir að nýta 75% úrgangs til framleiðslu lífgass annars vegar og hins vegar til framleiðslu íblöndunarefnis í áburð. Hvorug leiðin er fullþróuð og ekki er fyrirséð hvenær það verður né er lagalegur grundvöllur til staðar varðandi þessar aðferðir. Það er því ábyrgðarlaust að kasta þeim fram í skýrslu sem nota á til að meta umhverfisáhrif verkefnisins þar sem þetta er alls ekki í hendi en er þó eitt af meginskilyrðum starfsleyfis. Skýrsluhöfundar telja að viðtaki og lífríki í viðtaka verði fyrir „óverulegum áhrifum“, þá eru þeir að gefa sér rangar forsendur sem gagnast framkvæmdaaðila, þar sem eins og áður hefur komið fram sú leið sem þeir hyggjast fara til að endurvinna um 75% af þeim úrgangi sem fellur til er ekki fær. Þ.a.l. verður að gera ráð fyrir því að úrgangurinn fari allur í sjóinn.

Slyasleppingar

Laxá í Kjós er ein þekktasta og verðmætasta laxveiðiá Íslands með sterka náttúru-, menningar- og efnahagslega þýðingu fyrir Kjósarhrepp. Villtur lax gengur upp í ána, erfðablöndun eða sjúkdómasmit frá eldislaxi væri alvarlegt og óafturkræft. Framkvæmdaaðili leggur upp með að hér sé

um lokað landeldi að ræða, við nánari skoðun kemur í ljós að svo er ekki. Eins og hefur komið í ljós, þrátt fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir, er mikil hættu á slysasleppingum þegar fiski er dælt í skip eða kvíar. Ein slysaslepping er of mikið og mun hafa óafturkræf áhrif á villtan lax á svæðinu.

Faxaflói og tengdir firðir hafa í stjórnsluframkvæmd og stefnumörkun stjórnvalda verið meðhöndlaðir sem verndarsvæði gegn fiskeldi með framandi laxastofnum vegna verndar villtra lax- og silungsstofna. Með fyrirhugaðri framkvæmd Aurora verður fluttur frjór norskur eldislax inn á friðunarsvæði og flutningi á lifandi fiski í opnu kerfi.

Ef/þegar stök verður við dælingu eða flutning í Hvalfirði eða Faxaflóa er raunhæft að eldislax gangi í nærliggjandi ár s.s. Laxá í Kjós, Elliðaár, Leirvogsa, Korpu, Brynjudalsá, Botnsá auk annarra laxveiðiaá við Faxaflóa sem teljast meðal bestu laxveiðiaá heims. Villti íslenski laxastofninn í heild telur aðeins 50–70 þúsund laxa, á meðan hundruð þúsunda eldislaxa eru fluttir í hverri lotu. Þetta er óásættanleg áhætta fyrir erfðafræðilega vernd og eignarrétt landeigenda.

Áhrif á atvinnustarfsemi í Kjós.

Uppbygging á Grundartangasvæðinu er komin að þolmörkum og ógnar atvinnustarfsemi í Kjósarhreppi. Í Kjósarhreppi eru meginatvinnuvegir matvælaframleiðsla í formi landbúnaðar og ferðamennska sem er ört vaxandi. Ferðaþjónusta og landbúnaður byggja í ríkum mæli á ósnortinni náttúru, hreinu umhverfi og jákvæðri ímynd. Þessum atvinnugreinum báðum stendur veruleg ógn af mengandi iðnaði á Grundartanga. Stærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu er Sjóböðin í Hvammsvík, þar starfa í dag um 40 manns og innan tveggja ára er gert ráð fyrir að þar muni starfa um 80 manns. Sjóböðunum stendur veruleg ógn af mengun sjávarins í Hvalfirði, bæði raun og ýmindarlega.

Uppsöfnuð áhrif og viðkvæmni svæðisins

Við mat á framkvæmdinni virðist lögð áhersla á einstaka þætti en minna tillit tekið til uppsafnaðra áhrifa, nema þegar það hentar framgangi verkefnisins. Svæðið er þegar undir álagi af annarri starfsemi og mikilvægt er að horfa til heildarmyndar.

Landeldi af þessari stærðargráðu krefst mikillar orku, mikils vatnsmagns og losar verulegt magn úrgangsefna. Þótt einstakir mælikvarðar kunni að vera innan reglugerðarmarka er hættu á að samspil margra þátta leiði til hnignunar umhverfisgæða til lengri tíma.

Lokaorð

Umhverfismatsskýrslan er eins og áður segir unnin af Eflu fyrir framkvæmdaaðilann og er flókin 300 blaðsíðna upplýsingagjöf sem ekki er til þess fallin að almenningur geti lesið sér til gagns. Gerð er alvarleg athugasemd við fyrirkomulag kynningar á verkefninu, engin kynning hefur farið fram á vegum sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar sem ætla má að geti verið hlutlaus upplýsingagjöf til íbúa og annarra hagsmunaaðila.

Engin markviss kynning eða samráð hefur farið fram við þá aðila sem verða fyrir mestum áhrifum. Þetta brýtur gegn 8. og 14. gr. laga nr. 111/2021.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps leggst alfarið gegn framkvæmdinni eins og hún liggur fyrir og leggur áherslu á að ekki sé um lokað landeldi að ræða. Einnig setur sveitarstjórn stórt spurningamerki við þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við gerð umhverfismatsins og telur það vera hvítþvott í þágu framkvæmdaaðila.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps

Áki Ármann Jónsson

Umsögn birt **6.01.2026**

Hér með eru gerð formleg mótmæli og athugasemdir við umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar landeldisstöðvar Aurora fiskeldis ehf. á Grundartanga í Hvalfirði, með allt að 28.000 tonna ársframleiðslu .

1. Umfang framkvæmdar og úrgangsalag

Fyrirhuguð framkvæmd er af áður óþekktri stærðargráðu í íslensku samhengi. Til samanburðar var heildarframleiðsla lax í sjókvíum við Ísland um 50.000 tonn árið 2025. Umrædd framkvæmd nemur því rúmlega helmingi allrar núverandi laxeldisframleiðslu landsins.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu jafngildir úrgangsalag stöðvarinnar við fullan rekstur meira en 150.000 persónueiningum (PE), sem er sambærilegt eða meira en skólpmagn Reykjavíkurborgar. Hér er því um að ræða eina iðnaðarverksmiðju sem losar úrgang á pari við stórt sveitarfélag – staðsett við Hvalfjörð, viðkvæman og að hluta friðaðan fjörð sem þegar býr við mikið iðnaðarálag.

2. Kerfisbundin losun í Hvalfjörð

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila verður aðeins hreinsaður um tveir þriðju hlutar þess úrgangs sem til fellur. Um þriðjungur losunar fer beint í Hvalfjörð. Þetta er ekki slys, frávik eða neyðarráðstöfun, heldur meðvituð hönnun framkvæmdarinnar.

Losunin felst m.a. í uppleystum næringarefnum (köfnunarefni og fosfór), auk leifa hreinsiefna, sóttvarnarefna, maurasýru, lyfja og annarra lífvirkra efna, alls áætlað um 1.000 tonn á ári. Slík losun getur leitt til ofauðgunar, aukins þörungavaxtar, súrefnisskorts við botn, breytinga á botndýralífi og keðjuverkandi áhrifa á vistkerfi fjarðarins.

Hvalfjörður er ekki opið haf með ótakmarkaða burðargetu, heldur afmarkaður fjörður með hæga vatnsskipti, viðkvæm vistkerfi, mikilvægt fuglalíf og mikla útivistarnýtingu. Að leiða slíkt skólpmagn kerfisbundið í fjörðinn er í andstöðu við varúðarreglu og markmið um vernd strandsvæða.

3. Áhætta vegna stroks og erfðablöndunar

Þrátt fyrir að framkvæmdin sé kynnt sem „landeldi“ byggir reksturinn á sjóinntöku úr Hvalfirði og losun aftur í fjörðinn, auk flutnings lifandi fisks með brunnbátum til áframeldis í sjókvíum. Þar með er um að ræða blandað kerfi sem felur í sér raunverulega strokhættu.

Samkvæmt gögnum liggur fyrir að strokatilvik hafi orðið frá landeldisstöðvum hérlendis og að um 7% strokulaxa í Noregi eigi rætur að rekja til landeldisstöðva. Mesta áhættan skapast við dælingu og flutning fisks í brunnbátum – atriði sem ekki fá nægilega umfjöllun í umhverfismatsskýrslunni.

Faxaflóa og aðliggjandi svæði eru friðuð fyrir eldi á norskum laxi vegna nálægðar við verðmæta villta lax- og silungastofna. Margar af bestu laxveiðiám landsins og heimsins eru á þessu svæði. Ef strok verður í Hvalfirði eða Faxaflóa er raunhæf hættu á að eldislax berist í þessar ár, með verulegri ógn við erfðafræðilega heilleika stofnanna og lögbundinn eignarrétt fjölda landeigenda.

4. Vanmat á veðuráhættu og flóðahættu

Í umhverfismatsskýrslunni skortir umfjöllun um áhrif stórstreymis, óveðra og flóðahættu á búnað, lagnir og rekstur stöðvarinnar. Fyrirhuguð staðsetning liggur lágt við sjávarmál, og söguleg dæmi eru um að flóð hafi haft veruleg áhrif á byggð í nágrenninu. Slík vanræksla í áhættumati er alvarleg.

5. Áhrif á nærumhverfi, samfélag og aðra atvinnustarfsemi

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð áhrif á landslag, ásýnd, fuglalíf, vistgerðir og gróðurfar, auk varanlegs rask á fjöruvistgerðum. Reksturinn verður ljósastýrður

og veldur verulegri ljósmengun. Þungaflutningar á landi og sjó munu aukast stórlega, með tilheyrandi umferð um Hvalfjörð og Hvalfjarðargöng.

Þrátt fyrir þetta umfang er gert ráð fyrir einungis 30–40 beinum störfum. Engin raunveruleg greining er lögð fram á neikvæðum áhrifum á aðra atvinnustarfsemi, svo sem ferðaþjónustu, sem þegar er rótgróin í Hvalfirði og nágrenni.

6. Matvælaframleiðsla við hlið mengandi stóriðju

Athygli vekur að matvælaframleiðslu í formi laxeldis sé heimilað að rísa við hlið járnblendiverksmiðju á Grundartanga, á sama tíma og öðrum matvælaframleiðendum hefur verið synjað um leyfi á svæðinu vegna mengunarsjónarmiða. Fyrirhuguð nýting varma frá stóriðju til að hita sjó fyrir fiskeldi vekur upp alvarlegar spurningar um samræmi við markmið um heilnæma matvælaframleiðslu og sanngjarna orkunýtingu.

7. Skipulagsleg ábyrgð og sameiginleg auðlind

Hvalfjörður er ekki í einkaeigu eins sveitarfélags heldur sameiginleg náttúruauðlind sem tilheyrir fleiri sveitarfélögum og landsmönnum öllum. Mengun og sjónræn áhrif framkvæmdarinnar munu bitna hvað harðast á íbúum Kjósarhrepps og öðrum aðilum handan fjarðarins, án fullnægjandi samráðs.

8. Réttaróvissa og vatnatilskipun

Nýleg dómaframkvæmd, m.a. í tengslum við túlkun vatnatilskipunar ESB, vekur upp verulega réttaróvissu um hvort heimilt sé að veita leyfi fyrir framkvæmdum sem geta haft neikvæð áhrif á ástand vatnshlots. Fyrirhuguð losun í Hvalfjörð fellur undir þessa óvissu og ætti ein og sér að kalla á synjun eða endurskoðun framkvæmdarinnar.

Niðurstaða

Með vísan til framangreinds er það eindregin niðurstaða undirritaðs að fyrirhuguð framkvæmd Aurora fiskeldis ehf. í Hvalfirði sé:

- of umfangsmikil,
- illa staðsett,
- vanmetin hvað varðar heildaráhrif,
- og beri með sér óásættanlega áhættu fyrir náttúru, samfélag og lögvarða hagsmuni.

Skorað er á Skipulagsstofnun að hafna framkvæmdinni í núverandi mynd eða krefjast grundvallarbreytinga á umfangi, staðsetningu og forsendum hennar.

Áki Ármann Jónsson

Líffræðingur og íbúi í Kjósarhrepp

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Sent í gengum Skipulagsgátt.

Reykjavík, 6. janúar 2026.

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um Umhverfismatsskýrslu um 28.000 tonna landeldi Aurora Fiskeldis í Hvalfirði

Umsaganaraðili

Landssamband veiðifélaga (hér eftir „LV“ eða „Landssambandið“) fer með sameiginlega hagsmuni veiðifélaga og landeigenda lax- og silungsveiðiaá. Í og við Hvalfjörð og Faxaflóa eru fjölmargar sterkar laxveiðiár, m.a. Laxá í Kjós og Laxá í Leirársveit, auk smærri áa og stofna á borð við Brynjudalsá, Leirá og Botnsá.

Umsögn Landssambandsins

LV telur að umhverfismatsskýrslan vanmeti sérstaklega: (i) áhættu vegna slysasleppinga sjógönguhæfra seiða/stórseiða við dælingu og flutning í brunnbáta, (ii) áhrif og eðli slíks stroks sem snemmbúins stroks (fiskar < 1,5 kg) í skilningi áhættumats erfðablöndunar, og (iii) óbeina/afleidda þætti þar sem framkvæmdin er í reynd stórseiðaeldi fyrir opið sjókvíaeldi, með tilheyrandi áhættu og umhverfisáhrifum sem eiga að vera meginforsenda matsins.

LV telur að þetta vanmat á áhættu fyrir villta laxastofna geti haft í för með sér verulega röskun á þeim eignarréttartengdu hagsmunum landeigenda sem fylgja veiðihlunnindum og njóta verndar samkvæmt stjórnarskrá (m.a. 72. gr.), enda geta áhrif erfðablöndunar verið óafturkræf.

Umhverfismatsskýrslan og fylgigögn gera ráð fyrir að hluti framleiðslu fari sem sjógönguhæf seiði/stórseiði til þriðja aðila, þ.e. til áframeldis í sjókvíum. Þar sem framkvæmdin er lykilhlekkur í virðiskeðju sjókvíaeldis (lifandi flutningur sjógönguhæfs fisks af eldisuppruna) telur LV að ekki sé nægjanlegt að afmarka matið sem „landeldi með lokaðri hringrás“ í þröngum skilningi. Mat verður að taka mið af rekstraráhættu við lifandi flutninga (dælingu, tengingar, brunnbát, veður og mannleg mistök) og óbeinum/afleiddum áhrifum (að framkvæmdin auðveldi aukið umfang sjókvíaeldis annars staðar).

Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að mestar líkur á sleppingum séu við dælingu fisks úr stöð og yfir í brunnbát, þ.e. á því stigi þegar fiskur er sjógönguhæfur og fluttur lifandi yfir opið vatn. Þar kemur jafnframt fram að sjógönguseiði séu oft hæfari til lifunar í náttúrunni en eldislax sem sleppur fullvaxta úr kvíum. LV telur hins vegar að umhverfismatsskýrslan taki ekki með fullnægjandi hætti fyrir þessa lykiláhættu fyrir villta laxastofna.

Í tækniskýrslu Hafrannsóknastofnunar um drög að áhættumati erfðablöndunar (2025) er gerður skýr greinarmunur á snemmbúnum strokum (fiskar < 1,5 kg) og síðbúnum strokum, enda geti hegðun, dreifing og endurkoma í ár verið ólík eftir stærð/þroska. LV telur að strok sjógönguseiða/stórseiða við flutning í brunnbát falli undir snemmbúið strok (þar sem fiskurinn er < 1,5 kg og á sjógöngu) og því þurfi matið að leggja til grundvallar þá áhættu- og áhrifalýsingu sem á við um snemmbúin strok og meta sérstaklega líkur á að slíkur fiskur snúi aftur og gangi í ár á áhrifasvæði (m.t.t. aðdráttarafls vatnsmagns og nálægðar).

LV telur jafnframt að þetta þurfi að meta í ljósi þess að eldislax sem snýr til baka eftir dvöl í hafi getur orðið kynþroska og hrygnt í ám, með tilheyrandi hættu á erfðablöndun. Þá getur verið erfitt að greina eldisfisk frá villtum fiski án markvissra aðgerða (t.d. erfðagreininga), sem torveldar verulega hvers kyns hreinsunarstarf eða viðbrögð í ám.

Samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 er eldi laxfiska í sjókvíum óheimilt á friðunarsvæðum, m.a. í Faxaflóa (Garðskagi–Malarrið), „til verndunar villtum laxastofnum“. LV leggur áherslu á að þó um sé að ræða landeldi, þá felur rekstrarlíkanið í sér reglubundna meðhöndlun og lifandi flutning sjógönguhæfs eldisfisks um/innan sama hafsvæðis og er sérstaklega varið með ofangreindri friðun. Umhverfismatsskýrslan þarf því að svara, með skýrum og bindandi skilyrðum, hvernig tryggt sé að framkvæmdin grafi ekki undan markmiðum friðunar.

Niðurstaða og krafa Landssambandsins

Að öllu framangreindu virtu telur LV að umhverfismatsskýrslan sé ófullnægjandi þar sem hún vanmetur megináhættu framkvæmdarinnar: slysasleppingar sjógönguhæfra seiða/stórseiða við flutning í brunnbáta, og þar með snemmbúin strok og óafturkræf erfðaáhrif á villta laxastofna. Landssambandið fer því fram á að Skipulagsstofnun hafni skýrslunni í núverandi mynd og krefjist endurunnins umhverfismats sem uppfyllir kröfur laga nr. 111/2021 og tekur sérstaklega á lifandi flutningi sjógönguhæfra seiða/stórseiða, snemmbúnum strokum og stofnmíðaðri áhættu fyrir villta laxastofna.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands veiðifélaga



Jóhann Helgi Stefánsson,
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Bt. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

Dags. 5. janúar 2026
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0197

Með erindi dags. 20. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um umhverfismatsskýrslu vegna áforma Aurora fiskeldis ehf. að byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu þessa.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Heimildir

Orkustofnun (2023). Eftirlitsskýrsla Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar Tunga, 18. október 2023.

Frá Veiðifélagi Norðurár, Borgarfirði

Umsögn um umhverfismatsskýrslu um 28.000 tonna landeldi Aurora Fiskeldis í Hvalfirði.

Veiðifélag Norðurár hefur iðulega fjallað um sjókvíaeldismál á sínum fundum og ályktað einróma um hættuna sem okkar atvinnugrein, laxveiðum, stafar af eldinu. Hingað til höfum við litið öðrum augum til landeldis og talið að minni hættu stafi af því fyrir villta laxinn. Vert er þó að benda á að slysasleppingar úr landeldi eru vel þekktar hérlendis sem segir okkur að það sé aldrei of varlega farið. Slíkar sleppingar eru alltaf hættulegar náttúrulegu lífríki.

Í umhverfismatsskýrslunni fyrir landeldi Aurora Fiskeldis í Hvalfirði kemur hins vegar fram að landeldið sé aðeins fyrir uppeldið (þar til seiðin eru tilbúin til sjógöngu) og síðan verði laxseiðum dælt/flutt í brunnbáta og/eða í tankbúnað og siglt á aðrar eldisstöðvar. Þetta teljum við mjög áhættusamt þar sem margar af helstu laxveiðiám landsins eru í næsta nágrenni, bæði á suðvestur- og vesturlandi. Við metum að hættan á að seiðin sleppi t.d. vegna bilunar í búnaði eða mistaka sé alltaf fyrir hendi. Ef seiðin sleppa/strjúka við flutning þetta ung/lítill getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar. Í skýrslunni kemur fram að sjógönguseiði séu oft hæfari til að lifa af í náttúrunni heldur en eldislax sem sleppur úr kvíum. Erfitt getur síðan verið að aðgreina slíkan fullvaxinn lax frá villtum laxi sem aftur eykur hættuna á erfðablöndum með villtum laxi.

Þessi flutningur á laxaseiðum í nágrenni laxveiðiáa og við ósa þeirra er óásættanlegur og felur í sér mikla áhættu fyrir villta laxastofna vegna hættu á slysasleppingum og þá óafturkræfri erfðablöndun.

Við teljum að umhverfismatsskýrslan vanmeti þessi atriði (slysasleppingar og erfðablöndun) en þau eru gríðarlega stór og óafturkræf og eiga að vera aðalatriðið í skýrslunni. Umhverfismatsskýrslan og fylgigögn gera ráð fyrir að hluti framleiðslu fari sem sjógönguhæf seiði/stórseiði til þriðja aðila, þ.e. til áframeldis í sjókvíum. Þar sem framkvæmdin er lykilhlekkur í virðiskeðju sjókvíaeldis (lifandi flutningur sjógönguhæfs fisks af eldisuppruna) teljum við að ekki sé nægjanlegt að afmarka matið sem „landeldi með lokaðri hringrás“ í þröngum skilningi. Mat verður að taka mið af rekstraráhættu við lifandi flutninga (dælingu, tengingar, brunnbát, veður og mannleg mistök) og óbeinum/afleiddum áhrifum (að framkvæmdin auðveldi aukið umfang sjókvíaeldis annars staðar).

Veiðifélag Norðurár fer því fram á að Skipulagsstofnun hafni skýrslunni í núverandi mynd og krefjist endurunnins umhverfismats sem uppfyllir kröfur laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og tekur sérstaklega á lifandi flutningi sjógönguhæfra seiða/stórseiða, snemmbúnum strokum og stofnmiðaðri áhættu fyrir villta laxastofna.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

ATHUGASEMDIR / MÓTMÆLI vegna fyrirhugaðs 28.000 tonna landeldis á Grundartanga í Hvalfirði

Undirrituð eru landeigendur á Eyri í Kjósarhreppi, með land og lögvarða hagsmuni gegnt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði handan Hvalfjarðar. Við gerum hér með athugasemdir og setjum fram mótmæli við fyrirhuguðu 28.000 tonna landeldi Aurora fiskeldis ehf., með vísan til laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Sé horft yfir fjörðinn frá Eyri blasir við iðnaðarsvæðið á Grundartanga og verðum við fyrir beinum áhrifum sjón-, ljós- og hljóðmengunar. Fyrirhuguð frekari iðnaðaruppbygging mun samkvæmt gögnum málsins auka þessi áhrif verulega og hafa raunveruleg og varanleg áhrif á lífsgæði, náttúruupplifun og lífríki í og við Hvalfjörð.

Þrátt fyrir að fjörðurinn sé sameiginlegt vistkerfi og náttúruauðlind beggja sveitarfélaga hafa íbúar Kjósarhrepps í reynd enga aðkomu að ákvörðunum um framkvæmdir í Hvalfjarðarsveit. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að umhverfismat taki fullt tillit til áhrifa handan sveitarfélagamarka, í samræmi við markmið laga nr. 111/2021.

Samkvæmt gögnum málsins er losun frá fyrirhugaðri starfsemi sambærileg allt að 150.000 persónueiningum, sem felur í sér verulegt iðnaðarálag á Hvalfjörð. Umhverfismatsskýrsluna skortir heildstæða og trúverðuga greiningu á þölmörkum fjarðarins og ekki er sýnt fram á að hann þoli frekara álag, sérstaklega í ljósi þeirrar stóriðju sem þegar er til staðar.

Í gögnum málsins er jafnframt vísað til annarra fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Grundartanga, þar á meðal rafeldsneytisverksmiðju, án þess að samlegðaráhrif séu metin með heildstæðum hætti. Að fjalla um framkvæmdir sem „einstakar“, en nota jafnframt tilvist annarrar stóriðju til að draga úr vægi áhrifa, teljum við vera verulegan annmarka á umhverfismatinu.

Hvalfjörður er mikilvægt náttúru- og útivistarsvæði og er ferðaþjónusta þar í örum vexti. Samanlögð áhrif frekari stóriðjuuppbyggingar fara að okkar mati gegn markmiðum um sjálfbæra þróun og fjölbreytta nýtingu svæðisins.

Við teljum því ekki forsvaranlegt að veita framkvæmdinni áframhaldandi málsmeðferð og gerum skýra kröfu um að Skipulagsstofnun hafni framkvæmdinni.

Virðingarfyllst,

Ólöf Birna Garðarsdóttir
Sverrir Pétur Pétursson
landeigendur á Eyri í Kjós



Skipulagsgátt,
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. janúar 2026

Efni: Umsögn NASF á Íslandi um Umhverfismatsskýrslu um 28.000 tonna landeldi Aurora Fiskeldis í Hvalfirði

Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Síðumúla 34, 108 Reykjavík, er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og framkvæmdastjóri er Elvar Friðriksson kt. 111189-2349.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna kt. 550692-2449, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

Umsögn

North Atlantic Salmon Fund (NASF) gerir alvarlegar athugasemdir við þá niðurstöðu umhverfismatsskýrslunnar að áhrif fyrirhugaðs landeldis Aurora Fiskeldis í Hvalfirði á strok og erfðablöndun villtra laxastofna séu metin „óveruleg“. Að mati NASF byggir sú niðurstaða á ófullnægjandi forsendum, takmarkaðri greiningu og skorti á varúðarnálgun, einkum í ljósi staðsetningar framkvæmdarinnar í nágrenni við fjölda laxgengra áa á Suðvestur- og Vesturlandi.

Í opinberri kynningu hefur framkvæmdin verið kynnt sem hefðbundið landeldi á laxi, með þeirri ímynd sem slíkt eldi hefur öðlast hér á landi sem umhverfisvænni kostur en opið sjókvíaldi¹. Í umhverfismatsskýrslu kemur hins vegar fram að um verulegt magn laxaseiða verði að ræða

1. <https://www.bbl.is/frettir/frettaskyring/horfur-afar-godar-i-islensku-landeldi>
<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/12/10/28-thusund-tonn-af-laxi-a-grundartanga/>
<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/09/30/tvo-stor-verkefni-aformud-a-grundartanga/>

sem flutt verði lifandi í brunnbátum og/eða tankbúnaði yfir opnum sjó til áframeldis annars staðar. Slík starfsemi, einkum þegar hún fer fram í næsta nágrenni við laxgengar ár, felur í sér verulega áhættu sem ekki hefur verið metin með fullnægjandi hætti. Einnig ber að nefna að áhættumat erfðablöndunar, unnið af Hafrannsóknarstofnun tekur ekki tillit til þessa, þar sem að umrætt svæði á að vera með öllu friðað fyrir eldislaxi af erlendum uppruna.

1. Strok og erfðablöndun – vanmat á óafturkræfri áhættu

Í skýrslunni er viðurkennt að hætta á slysasleppingum sé fyrir hendi, einkum við flutning seiða og fisks, sem og vegna bilana í búnaði eða mannglegra mistaka. Þrátt fyrir það vantar ítarlega, tölulega eða sviðsmyndagreinda greiningu á líkum og afleiðingum slíkra atvika. Þá skortir stofnmíðaða greiningu á því hvernig jafnvel takmarkaðar sleppingar geti haft óafturkræf erfðafræðileg áhrif á viðkvæma villta laxastofna.

NASF bendir á að snemmbúin strok eldislaxa eru sérstaklega varhugaverð, þar sem slíkir fiskar bera ekki alltaf sýnileg einkenni eldis uppruna. Erfitt er að aðgreina hann frá villtum laxi nema með erfðarannsóknum og því hætta á hrygningu með villtum laxi áður en gripið er til viðeigandi aðgerða. Skaði af slíku tagi er óafturkræfur.

2. Flutningur seiða – lykiláhættuþáttur án fullnægjandi mats

NASF telur sérstaklega ámælisvert að flutningur seiða, sem skýrslan sjálf viðurkennir sem helsta áhættuþátt slysasleppinga, hafi ekki verið metinn með tilliti til tíðni, tímasetningar eða samspils við viðkvæm tímabil í lífsferli villts lax. Flutningar lifandi eldisseiða í brunnbáta í nágrenni við ósa þekktra laxveiðiaá fela í sér áhættu sem að mati NASF verður ekki talin ásættanleg.

3. Skólþrosun og álag á viðtaka

NASF vísar til umsagnar Haraldar Eiríkssonar f.h. Hökla ehf, er birtist í skipulagsgátt þann 30.12.25. Þar er ítarlega fjallað um umfang skólþrosunar frá fyrirhugaðri starfsemi og að áætlað úrgangsalag stöðvarinnar, metið í persónueiningum, sé sambærilegt losun frá stórrí þéttbýliseiningu frá einum iðnaðarpunkti í viðkvæmum firði. NASF telur að þessi atriði undirstrika þörf fyrir varfærnara og gagnsærra mat á áhrifum losunar á lífríki og vistkerfi viðtakans.

4. Vatnatilskipunin og EFTA-dómstóllinn

NASF bendir á nýlegan dóm EFTA-dómstólsins frá 16. desember 2025 í máli E-7/2025, þar sem staðfest er að samkvæmt vatnatilskipun ESB sé óheimilt að veita leyfi til framkvæmda sem kunna að hafa áhrif á ástand vatnshlots nema flokkun og mat á ástandi þess hafi farið fram

1. <https://www.bbl.is/frettir/frettaskyring/horfur-afar-godar-i-islensku-landeldi>
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/12/10/28_thusund_tonn_af_laxi_a_grundartanga/
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/09/30/tvo_stor_verkefni_aformud_a_grundartanga/

fyrirfram og í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Af dóminum leiðir jafnframt að óheimilt er að heimila framkvæmd sem leiðir til versnunarástands nema mjög þröng skilyrði séu uppfyllt. Í ljósi þess að ástand flestra strandsjávarhlota hér á landi er enn skráð sem óþekkt, telur NASF að beita verði varúðarreglu af fullum þunga við mat á þessari framkvæmd.

5. Niðurstaða


Að mati NASF eru verulegir annmarkar á umhverfismatsskýrslunni hvað varðar mat á áhættu slysasleppinga og erfðablöndunar, greiningu á flutningi seiða sem lykiláhættuþætti, mat á áhrifum umfangsmikillar skólplosunar á viðtaka og samræmi matsins við kröfur vatnatilskipunar ESB eins og þær hafa verið skýrðar í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins.

NASF telur að fyrirhuguð framkvæmd, í þeirri mynd sem henni er lýst í umhverfismatsskýrslu, feli í sér óásættanlega áhættu fyrir villta Atlantshafslaxastofna, einkum vegna hættu á slysasleppingum og óafturkræfri erfðablöndun í nágrenni laxgengra áa. Slík áhætta verður ekki réttlætt með almennum mótvægisáðgerðum eða óskilgreindum verklagsreglum, þegar um er að ræða áhrif sem eru að eðli sínu varanleg og óafturkræf.

Að mati NASF veitir umhverfismatsskýrslan ekki fullnægjandi lagalegan eða vísindalegan grundvöll til að halda málsmeðferð framkvæmdarinnar áfram í núverandi mynd. NASF leggst því gegn því að framkvæmdin fari áfram í núverandi mynd til næstu stjórnarsýslustiga.

NASF óskar eftir því að umsögn þessi verði tekin efnislega fyrir og stuðst verði við hana á næstu stigum málsins.

Virðingarfyllst,



f.h. NASF á Íslandi
Elvar Örn Friðriksson

1. <https://www.bbl.is/frettir/frettaskyring/horfur-afar-godar-i-islensku-landeldi>
<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/12/10/28-thusund-tonn-af-laxi-a-grundartanga/>
<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/09/30/tvo-stor-verkefni-aformud-a-grundartanga/>

Sent í Skipulagsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 2 .janúar 2026

Efni: Umsögn Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) – landeldi í Hvalfirði (Aurora fiskeldi ehf.), 28.000 tonn á ári

Mál nr.: 75/2025

Stangaveiðifélag Reykjavíkur (SVFR) hefur kynnt sér umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðs 28.000 tonna landeldis á laxi á Grundartanga í Hvalfirði.

SVFR vill taka skýrt fram að félagið hefur lengi stutt landeldi í lokuðum kerfum. Það er leið sem getur dregið úr áhættu fyrir villta laxastofna og umhverfi, ef hún er raunverulega lokuð og úrgangur fer ekki út í náttúruna. Það sem liggur fyrir í þessu máli virðist hins vegar ekki vera þannig framkvæmd. Okkur sýnist að sjór verði tekinn inn og affall leitt aftur út í fjörðinn og að flutningar/dæling lifandi fisks geti orðið hluti af rekstrinum. Það breytir áhættumyndinni verulega.

SVFR leggur áherslu á að þetta landsvæði skiptir gríðarlegu máli fyrir laxgengd og verðmæti veiðihlunninda. Þar byggja fjölmargar bújarðir og nærsamfélög afkomu sína að hluta á þessum verðmætum. Því þarf að stíga varlega til jarðar.

Atriði sem SVFR telur að verði að endurskoða áður en leyfi er íhugað

Stærsta áhyggjuefnið er strok og erfðablöndun villtra laxastofna. Slysasleppingar eru að mati **SVFR** líklegastar við dælingu/flutning lifandi fisks frá stöðinni út í brunnbáta, og því þarf sá þáttur að sæta sérstöku, tölulegu áhættumati og skýrum, bindandi öryggiskröfum.

SVFR telur að skýrslan þurfi að svara einfaldlega og skýrt:

Hvað fer út í Hvalfjörð (hvaða efni, magn og á hvaða forsendum)?

Hversu mikið er hreinsað og hvernig?

Hver eru losunarmörk og hvernig verður óháð vöktun?

Það sem þarf að liggja fyrir:

Er raunhæf og lögleg leið til að meðhöndla lífrænan úrgang frá fyrsta degi (ekki “kannski síðar”),

skýr lausn og burðargeta kerfa ef upp kemur óvenjulegur dauði/massadauði,

varaleiðir ef fyrirhuguð nýting úrgangs gengur ekki eftir.

SVFR telur nauðsynlegt að setja skýrar kröfur um:

frágang og varnir gegn slysum og leka, meðferð efna og sótthreinsiefna, lykt, hávaða og almennt umgengni á svæðinu, gagnsæi og reglulegt óháð eftirlit með rekstri og frávikum.

SVFR tekur undir að framkvæmd af þessari stærð getur haft varanleg áhrif á vistkerfin, fuglalíf og strandlínu. Ef af framkvæmd verður þarf að liggja fyrir:

skýrar mótvægisáðgerðir og uppbót, vöktun og eftirfylgni, takmarkanir á raski á viðkvæmum tímum (t.d. varptíma).

Grundartangi er þegar iðnaðarsvæði. **SVFR** telur að heildarálag á fjörðinn verði að meta, ekki hverja framkvæmd fyrir sig.

Niðurstaða SVFR

SVFR telur að umhverfismatsskýrslan, eins og hún liggur fyrir, sé ekki nægjanlegur grundvöllur til leyfisveitingar. Áður en lengra er haldið þarf að endurskoða framangreind atriði og setja skýr, bindandi skilyrði sem vernda villta laxastofna og tryggja að úrgangur og losun verði ekki vandamál fyrir Hvalfjörð og nærliggjandi svæði.

SVFR telur að áhætta vegna stroks og erfðablöndunar sé ekki „óveruleg“ heldur lykilatriði í mati og leyfisveitingu.

Flutningur/dæling lifandi fisks frá stöðinni í brunnbáta felur í sér verulega áhættu á slysum og sleppingum og verður að sæta ítarlegu, tölulegu áhættumati og bindandi mótvægisáðgerðum áður en leyfi er íhugað.

Virðingarfyllt,

Stangaveiðifélag Reykjavíkur (SVFR)

Ragnheiður Thorsteinsson

Kalastaðakot 1. Janúar 2026

Undirrituð, eigendur jarðarinnar Kalastaðakots gerum eftirfarandi athugasemdir við umhverfismatsskýrslu Aurora fiskeldis ehf.

Samlegðaráhrif.

Á Grundartanga eru starfrækt mörg fyrirtæki í þungaiðnaði og þjónustu og eru núverandi samlegðaráhrif þeirra mikil.

Ásýnd:

Skýrsluhöfundum er tíðrætt um landslag og ásýnd viðkomandi svæðis og birta í því samhengi myndir af völdum stöðum.

Við krefjumst þess að myndir af ásýnd fyrirhugaðra framkvæmda sýni rétta afstöðu við nærliggjandi umhverfi. Að mynd 4.14 sýni rétta staðsetningu eldisstöðvarinnar.

Einnig ætti að skeyta saman myndir af fyrirhuguðu landeldi og rafeldneitisverksmiðu þar sem umfang hennar er notað sem rök fyrir litlum sem engum breytingum á ásýnd og umhverfi til verri vegar.

Nauðsynlegt að sýndar verði myndir frá þéttbýlisstaðnum á Hagamel og ferðapjónustuhúss okkar í Kalastaðakoti sem er í um 900 metra fjarlægð frá fyrirhuguðum byggingum. Ekkert er minnst á hvoruga þessa staði og áhrif á þá í skýrslunni.

Hávaðamengun:

Ekkert er minnst á hávaðamengun frá þessari framkvæmd og er það með ólýkindum þar sem fyrirhugað er að dæla um 90.000m³ á klst af sjó uppá land. Hávaðinn sem af þessu hlýst bætist þá við þann hávaða sem fyrir er og þann hávaða sem fyrirhugað er að komi frá væntanlegri rafeldsneytisverksmiðju. Bæði á framkvæmdartíma þar sem mikið verður um sprengingar á jarðvegi, bílaumferð og varanlegum hávaða frá starfseminni. En engin tilraun er gerð til að taka það saman. Við höfum oft vakið athygli á hávaða frá núverandi starfsemi. Við krefjumst þess að hávaðamengun og samlegðaráhrif þess verði hluti af umhverfismatsskýrslunni.

Úrgangur frá fiskeldinu:

Í kafla 2.3.7 fráveita og úrgangur, er talað um 75% hreinsun á úrgangi í föstu formi. Ef töflur 2.7 og 2.8 eru skoðaðar gefa þær til kynna að hreinsunin sé nærri því að vera 70%. Tekið skal fram að í aðalskipulagi fyrir Grundartangasvæðið skuli alltaf velja bestu fánlegu hreinsiaðferðir. Er ætlunin að nota bestu fánlegu tækni?

Ferðapjónusta:

Í drögum að nýju aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar fyrir árin 2020-2032 er fjallað um matsspurningar fyrir umhverfismatsskýrslu og ein af þeim spurningum er: “hefur stefnan áhrif á ferðapjónustu”? Þessari spurning hefur ekki verið svarað í þessari

skýrslu. Við bendum á að við rekum ferðapjónustu í einungis 900 metra fjarlægð frá tilvonandi iðnaðarsvæði. Við förum fram á að þessari spurning verði einnig svarað.

f.h. Kalman ehf

Karl Ingi Sveinsson

Sigrún Vigdís Gylfadóttir

Kalastaðakoti

UMSÖGN OG MÓTMÆLI

Umhverfismatsskýrsla Aurora Fiskeldis ehf. vegna fyrirhugaðs 28.000 tonna „landeldis“ við Grundartanga í Hvalfirði

Til: Skipulagsstofnunar - í Skipulagsgátt stjórnvalda
Umsagnaraðili: Haraldur Eiríksson, leigutaki í Laxá í Kjós og Bugðu
Dagsetning: 1. janúar 2026

1. Inngangur og hagsmunir umsagnaraðila

Undirritaður er leigutaki Laxár í Kjós og Bugðu og hefur þar beina, verulega og lögvarða hagsmuni af vernd villtra lax- og silungsstofna á áhrifasvæði Faxaflóa og Hvalfjarðar.

Umsögn þessi er sett fram á grundvelli:

- laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum,
- vatnatilskipunar ESB 2000/60/EB,
- laga nr. 36/2011 um Árósasamninginn,
- og almennra meginreglna um varúð, meðalhóf og lögmæti stjórnsýslu.

Undirritaður mótmælir harðlega fyrirhugaðri framkvæmd Aurora Fiskeldis ehf. og krefst þess að Skipulagsstofnun hafni umhverfismatsskýrslunni og þar með framkvæmdinni í heild sinni.

2. Framkvæmdin er ranglega skilgreind sem lokað „landeldi“

2.1. Tæknileg og lagaleg skilgreining lokaðs eldiskerfis

Af samspili laga um fiskeldi, mengunarvarnir, vatnavernd og dýraheilbrigði leiðir að landeldi sem nýtur meðferðar sem lokað eldiskerfi verður að uppfylla eftirfarandi efnisleg skilyrði:

- á landi (fiskur er varanlega aðskilinn frá náttúrulegum viðtökum),
- utan náttúrulegs sjávar (engin reglubundin opnun kerfisins á sér stað, losun mengandi efna í vatnshlot er annaðhvort engin eða óveruleg),
- með aðskilnaði frá villtum stofnum (stroksáhætta er lágörkuð með hönnun, ekki aðeins verklagi).

2.2. Notkun brunnbáta og tankbíla útilokar að flutningur fisks fari fram innan lokaðs eldiskerfis í skilningi umhverfis- og fiskeldisréttar¹

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu Aurora er gert ráð fyrir:

- reglubundnum flutningi lifandi fisks í brunnbátum og/eða tankbílum,
- dælingu fisks út úr stöðinni og yfir í brunnbáta á opnu hafi,
- flutningi fisks til áframeldis í sjókvíar (1.000-2.000 tonn).

Brunnbátar eru ekki hlutlaus flutningstæki heldur virkir hlutar eldisferlisins, þar sem fiskur:

- er lifandi,
- losar úrgang,
- ber sjúkdóma og sníkjudýr,

¹ Síða 46 – „Við allan flutning á fiski eru notaðar sérhæfðar fiskidælur og allur flutningur á fiski fer í gegnum lokað miðlægt flutningskerfi.“

- og getur strokið.

Framkvæmdaraðili viðurkennir sjálfur að mestar líkur á stroki séu við dælingu í brunnbáta.

Framkvæmd sem krefst reglubundinnar opunar kerfisins til lifandi flutnings í sjó getur ekki talist lokað landeldi, heldur fellur undir opið eða blandað eldiskerfi.

3. Úrgangsalag sambærilegt heilli borg – Hvalfjörður sem móttakandi iðnaðarskólps

150.000 persónueiningar (PE – lögbundin eining, byggð á BOD₅)

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu er úrgangsalag stöðvarinnar við fullan rekstur metið á meira en 150.000 persónueiningar (PE).

Persónueining er staðlað hugtak í mengunarrétti og jafngildir skólp magni eins íbúa. Þetta þýðir að:

- úrgangur stöðvarinnar er sambærilegur heildarlosun Reykjavíkurborgar,
- en losunin er frá einum iðnaðarpunkti, ekki dreifri borg.

4. Brot gegn vernd Faxaflóa fyrir framandi laxastofna

Faxaflói og tengdir firðir hafa í stjórnsýsluframkvæmd og stefnumörkun stjórnvalda verið meðhöndlaðir sem verndarsvæði gegn fiskeldi með framandi laxastofnum vegna verndar villtra lax- og silungsstofna. Með fyrirhugaðri framkvæmd Aurora er í reynd:

- fluttur frjór norskur eldislax inn á friðunarsvæði,
- með eldiskerfi sem byggir á opnum flutningum lifandi fisks.

Ef stök verður við dælingu eða flutning í Hvalfirði eða Faxaflóa er raunhæft að eldislax gangi í nærliggjandi ár s.s. Laxá í Kjós, Elliðaár, Leirvogsa, Korpu, Brynjudalsá, Botnsá auk annarra laxveiðiáa við Faxaflóa sem teljast meðal bestu laxveiðiáa heims. Villti íslenski laxastofninn í heild telur aðeins 50–70 þúsund laxa, á meðan hundruð þúsunda eldislaxa eru fluttir í hverri lotu. Þetta er óásættanleg áhætta fyrir erfðafræðilega vernd og eignarrétt landeigenda.

5. Hætta af sjávarflóðum – alvarlegur annmarki á umhverfismati

Fyrirhuguð framkvæmd Aurora Fiskeldis er staðsett á láglendu strandsvæði við Hvalfjörð, sem er berskjaldað fyrir samverkandi áhrifum stórstraumsfjöru, stormflóða, mikillar ölduhæðar og hækkandi sjávarstöðu. Umhverfismatsskýrslan fjallar ekki með fullnægjandi hætti um þessa samverkandi áhættu né um verstu hugsanlegu atburðarásir, heldur virðist byggja á meðaltalsforsendum fremur en varúðarnálgun.

Íslensk saga sýnir að slík samverkandi atvik geta haft stórfelldar afleiðingar.

Básendaflóðið árið 1799, sem varð í miklu óveðri samhliða stórstraumsfjöru, lagði heila byggð í eyði og olli víðtæku tjóni á Suðvesturlandi. Flóð náðu þá langt inn á láglendi og höfðu m.a. veruleg áhrif á byggð á Akranesi.

Þá liggur einnig fyrir nýrri reynsla frá um 1990, þegar sambærilegar aðstæður sköpuðust við Hvalfjörð og Grundartanga í miklu óveðri. Í það skiptið bar flóð upp að landi, en þar sem atburðurinn átti sér stað á fjöru urðu áhrif hans ekki teljandi hvað varðar tjón. Þessi atburður sýnir þó með skýrum hætti að forsendur fyrir alvarlegt sjávarflóð eru fyrir hendi

á svæðinu, og að það var tilviljun ein – lágt sjávarborð á þeim tíma – sem kom í veg fyrir tjón. Hefði slíkt óveður fallið saman við stórstraumsfjöru, eða við þær aðstæður sem nú eru fyrirsjáanlegar vegna hækkandi sjávarstöðu, hefði flóðhætta verið veruleg.

Með hliðsjón af alþjóðlegum verkfræðilegum viðmiðum og varúðarreglu umhverfisréttar verður að leggja mat á verstu hugsanlegu samverkandi aðstæður, ekki aðeins söguleg dæmi þar sem tilviljanir komu í veg fyrir tjón. Varfærnislegt mat sýnir að samverkandi áhrif stórstraums (≈ 3 m), stormflóða (≈ 2 m), öldurun-ups (≈ 3 m) og væntrar hækkunar sjávarstöðu (≥ 1 m) geta leitt til sjávarhæðar sem nemur allt að 9 metrum yfir meðal sjávarmáli.

Af þessu leiðir að að lágmarki verði að gera kröfu um flóðheldan varnarvegg umhverfis stöðina sem nái a.m.k. 10 metra hæð yfir stórstraumsfjöru, auk ítarlegrar greiningar á öryggi mannvirkja gagnvart sjávarflóðum og sjávarágangi. Án slíkra varna er ekki unnt að telja að framkvæmdin uppfylli kröfur um varúð, öryggi og langtímaábyrgð gagnvart umhverfi, samfélagi og eignarréttindum.

6. Erlend fordæmi sem styðja mótmælin

Meðfylgjandi er tekin dæmi frá Noregi, Færeyjum og Kanada sem eru notuð sem stuðningsrök en teljast ekki bindandi réttur;

6.1. Noregur – brunnbátar skilgreindir sem hááhættustig

Norska Mattilsynet og Umhverfisstofnun Noregs hafa ítrekað bent á að brunnbátar eru hááhættuþáttur og að:

- brunnbátar séu einn helsti stroks- og sjúkdómavegur laxeldis,
- í viðkvæmum fjörðum hafa verið sett svæðisbundin bönn og strangar takmarkanir,
- landeldisstöðvar sem treysta á brunnbáta eru ekki flokkaðar sem fullkomlega lokaðar.

Heimildir:

- *Norwegian Environment Agency (Miljødirektoratet), Risk assessment of well boat operations, 2019*
- *Mattilsynet, Rømming av fisk – årsaker og tiltak, 2020*

6.2. Færeyjar – bann (háð mjög þröngum skilyrðum) við losun í viðkvæma firði

Í Færeyjum:

- landeldi með beinni losun næringarefna í fjörð fellur undir sömu kröfur og sjókvíaeldi,
- í friðuðum fjörðum er slíkt eldi ekki heimilað,
- áhersla lögð á fullkomlega lokað kerfi eða núll-losun.

Heimildir:

- *Umhvervisstovan, Regulation of land-based aquaculture, 2018*
- *Føroya Løgting, Aquaculture Act – amendments, 2020*

6.3. Kanada (British Columbia) – vernd villtra laxastofna

Í British Columbia:

- lifandi flutningur eldislaxa um svæði með villta laxastofna er bannaður (telst óásættanlega áhætta) eða mjög takmarkaður,
- sérstaklega þegar eldislax er framandi stofn,

- áhersla á að jafnvel lítil stroksáhætta sé óásættanleg.

Heimildir:

- *Government of British Columbia, Wild Salmon Policy, 2005*
- *Cohen Commission, Final Report on the Decline of Sockeye Salmon, 2012*

7. Skortur á samráði – brot gegn Árósasamningnum

Umsagnarferli hefur farið fram yfir hátíðartíma með takmörkuðu raunhæfu aðgengi almennings. Engin markviss kynning eða samráð hefur farið fram við þá aðila sem verða fyrir mestum áhrifum. Þetta brýtur gegn 8. og 14. gr. laga nr. 111/2021 og er að mati undirritaðs og með hliðsjón af markmiðum Árósasamningsins ekki í samræmi við 6. gr. Árósasamningsins, um meginreglur um gagnsæi og lýðræðislega þátttöku.

8. Fordæmismál

Að neðan eru tvö nýleg mál sem geta haf áhrif á að framkvæmdaleyfi Aurora:

1.1. Dómur EFTA-dómstólsins 16. desember 2025 í máli E-7/2025

Málið varðar túlkun vatnatilskipunar ESB. Fyrir liggur að Evrópudómstóllinn hefur áður túlkað tilskipunina svo að hún girði fyrir að leyfi til framkvæmdar, sem til greina kemur að áhrif geti haft á ástand vatnshlots, sé veitt áður en flokkun og mat á ástandi vatnshlotsins hefur farið fram í samræmi við viðmið tilskipunarinnar.

Með dómi EFTA-dómstólsins er staðfest að sama regla gildir í EES-rétti. Með dóminum er því slegið föstu að flokkun og mat á ástandi vatnshlots verði að vera lokið áður en leyfi til framkvæmdar, sem haft getur áhrif á ástand þess, er veitt. Þá er því slegið föstu í dóminum að fullnægjandi upplýsingar um flokkun og mat á ástandi vatns, í samræmi við viðmið vatnatilskipunarinnar, skuli koma fram í umhverfismati framkvæmdar.

Í dóminum kemur jafnframt fram að til að hlíta skyldunni til að gera mat fyrir fram verði EES-ríki að hlíta skyldunni til að flokka öll vatnshlot. Í dóminum segir að hafi ríki, andstætt kröfum vatnatilskipunarinnar, látið undir höfuð leggjast að flokka vatnshlot verði fyrst að bæta úr þeirri yfirsjón áður en mat getur farið fram og veita megi framkvæmdaleyfi. Dómurinn hefur fordæmisgildi fyrir allar framkvæmdir sem haft geta áhrif á ástand vatnshlota hér á landi. Af dóminum leiðir að áður en leyfi líkt og Aurora óskar eftir er veitt þarf að fara fram flokkun og mat á ástandi hlutaðeigandi strandsjavarhlots í samræmi við kröfur vatnatilskipunarinnar. Þá verður jafnframt ráðið af dóminum að ef framkvæmd leiðir til hnignunar á ástandi vatnshlots sé óheimilt að veita leyfi til hennar nema að uppfylltum skilyrðum 7. mgr. 4. gr. vatnatilskipunainnar. Samkvæmt skýrslu Eftirlitsstofnunar EFTA frá apríl 2025 hefur Ísland enn ekki framkvæmt flokkun og mat á ástandi vatnshlota hér á landi í samræmi við viðmið vatnatilskipunarinnar. Í skýrslunni kemur fram að ástand vatnshlota á Íslandi sé að mestu leyti óþekkt.

https://eftacourt.int/wp-content/uploads/2025/12/7_25_Judgment_IS.pdf?x45686

1.2 Kornax synjað um hveitimölun á sama svæði

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hafnaði fyrst umsókn Kornax árið 2020 og vísaði þá í reglugerð sem bannar að matvælaframleiðsla fari fram nálægt mengandi atvinnustarfsemi. Öllum umleitunum fyrirtækisins vegna starfsleyfis var hafnað og endanleg niðurstaða féll í upphafi árs 2025.

9. Kröfur umsagnaraðila

Undirritaður gerir eftirfarandi kröfur til Skipulagsstofnunar:

1. **Hafna skýrslu/framkvæmd:**

Að umhverfismatsskýrslu Aurora Fiskeldis verði **hafnað** og framkvæmdinni ekki veitt áframhaldandi málsmeðferð

2. **Rétt flokkun framkvæmdar (ekki lokað landeldi):**

Að framkvæmdin verði **ekki skilgreind sem lokað landeldi**, heldur metin sem **opið eða blandað eldiskerfi**, m.a. vegna reglubundinna flutninga á lifandi fiski (brunnbátar/tankbílar) og þeirrar opunar sem slík framkvæmd felur í sér.

3. **Vatnatilskipun – non-deterioration + bindandi vöktun og mörk:**

Að Skipulagsstofnun taki mið af því að losun upp á 150.000 PE og 1/3 losun í Hvalfjörð sé **ósamrýmanleg vatnatilskipun ESB** og **meginreglu hennar um að vatnshlot megi ekki sæta versnun** (non-deterioration).

4. **Mat á flóðahættu + Árósasamningur:**

Gert verði ítarlegt áhættumat vegna sjávarflóða/sjávarágangs; og að Skipulagsstofnun tryggji **fullt og raunhæft samráð** í samræmi við Árósasamninginn áður en ákvörðun er tekin.

Lokaorð

Fyrirhuguð framkvæmd Aurora Fiskeldis er ekki lítið landeldi, heldur stórfelld iðnaðarstarfsemi með losun sambærilega heilli borg, staðsett í viðkvæmum firði og innan friðunarsvæðis villtra laxastofna. Notkun brunnbáta og tankbíla við flutninga á lifandi laxi er innan friðunar- og verndarsvæðis Faxaflóa felur í sér óásættanlega áhættu. Í ljósi þess að áhrif á erfðasamsetningu villtra laxastofna eru óafturkræf verður að beita varúðarreglu af fullum þunga.“

Að heimila slíka framkvæmd væri:

- í andstöðu við íslensk lög,
- í andstöðu við EES-rétt,
- og í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Því er þess krafist að Skipulagsstofnun hafni framkvæmdinni.

Virðingarfyllst,

Haraldur Eiríksson
Leigutaki í Laxá í Kjós og Bugðu

Skipulagsgátt

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Efni: Umsögn Sporðabliks ehf um Umhverfismatsskýrslu vegna 28.000 tonna landeldi

Aurora Fiskeldis í Hvalfirði.

Umsagnaraðili:

Sporðablik ehf kt. 450106-0970, sem er leigutaki á öllu vatnasvæði Laxár í Leirársveit

Umsögn

Sporðablik ehf. gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna:

- 1) Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að eldið þurfi 7,1 l/s af fersku vatni. Við munum mótmæla því ef að til standi að að taka ferskt vatn fyrir eldið á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Vatnasvæðið leyfir ekki slíkt og við teljum að það muni aldrei fást leyfi fyrir vatnstöku þar.
- 2) Fyrirliggur að mikil mengun mun verða í Hvalfirði við slíkt eldi enda er talað um iðnaðarskólp upp á 150.000 persónueiningar sem er svipað allt skolp frá Reykjavíkurborg. Þó að grófhreinsa eigi 2/3 af öllu iðnaðarskolpinu sem kemur frá eldinu eru miklar líkur á að að bilanir og þess háttar munu verða til þess að það markmið náist ekki. Ýmiskonar efni úr eldinu s.s. vegna bólusetningar og sótthreinsunar munu renna út í fjörðinn. Hvalfjörður er fyrsti viðkomustaður margra laxa- og sjóbirtingsseiða og því mikilvægt að lífríkið þar sé í góðu lagi.
- 3) Hugmynd um eldi á þessum stað, nálægt mörgum af þektustu laxveiðiám á Íslandi, hefur siglt undir fölsku flaggi. Framleiðsla á 28.000 tonna af laxi og laxaseiðum þarna er fátanleg ákvörðun sem Sporðablik mótmælir harðlega. Það eru mjög miklar líkur á því að laxaseiði komi til með að sleppa í miklu magni við dælingu á laxaseiðum í og úr svokölluðum brunnbátum í alls konar veðrum. Dæmi hér á landi og í Noregi hafa sýnt og sannað hvað hættan er mikil. Áhætta á erfðablöndun í laxveiðiár á vesturlandi verður gífurleg þar sem um er að ræða frjóan norskan eldislax. Íslenski vilti laxastofninn telur í heild á milli 50-70 þúsund laxa á meðan fleirri hundrað eldislaxar eru fluttir í hverri lotu. Áhætta er alltof mikil til að vera ásættanleg. Þá má benda á að ekki er um að ræða lokað landeldi eins og það er skilgreint.

Sporðablik óskar eftir að umhverfismatsskýrslu Aurora Fiskeldis verði hafnað og framkvæmdinni ekki veitt áframhaldandi málsmeðferð

Reykjavík, 30.12.2025

Virðingarfyllst,

Fh. Sporðabliks ehf.

Haukur Geir Garðarsson

Ólafur Ó Johnson

Skipulagsstofnun,
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík.
skipulag@skipulag.is

Reykjavík, 30. desember 2025.

Landeldi í Hvalfirði – 28.000 tonna eldi á ári.

Veiðifélag Kjósarhrepps hefur falið undirrituðum lögmanni að færa fram athugasemdir við Skipulagsstofnun vegna umhverfismatsskýrslu Aurora fiskeldis ehf., dags. 20. nóvember 2025, sem áformar að byggja eldistöð fyrir lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 28.000 tonn á ári. Umbj. minn telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli með engu móti kröfur laga og auk þess sé fyrirhuguð framkvæmd í andstöðu við gildandi lög og grenndarréttindi umbj. míns. Umbj. minn gerir nú svofelldar athugasemdir við skýrsluna:

- Til Hvalfjarðar renna laxveiðiár og er Laxá í Kjós ein þeirra. Hún er ein þekktasta laxveiðiá landsins. Umbj. minn leigir réttindi til laxveiða til leigutaka, sem endurleigir stangveiðirétt til veiðimanna. Um umtalsverða atvinnustarfsemi er að ræða, sem stendur ógn af fyrirætlun skýrsluhöfundar og telur umbj. minn að ef af fyrirhugaðri starfsemi verði muni hún hafa neikvæð áhrif á sölu veiðileyfa vegna þess að veiðimenn munu ekki hafa áhuga á að kaupa veiðileyfi í á, sem liggur svo nærri eldisstöð. Fyrirhuguð starfsemi skýrsluhöfundar er því veruleg ógn við atvinnustarfsemi umbj. míns sem vernduð er af atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Hvergi er að finna í skýrslunni nokkra umfjöllun um þessa hagsmuni umbj. míns og hvernig skýrsluhöfundur telur að fyrirhuguð starfsemi hans geti samrýmst þeim.
- Ekki er að sjá að í umhverfismatsskýrslunni sé gerð grein fyrir því hvernig fyrirhuguð starfsemi komi til með að samræmast lögbundnu burðarþolsmati skv. 4. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. Samkvæmt ákvæðinu er það á hendi ráðherra að ákveða hvaða firði eða hafsvæði skuli meta til burðarþols og hvenær það skuli gert. Umbj. mínum er ekki kunnugt um að ráðherra hafi í hyggju að láta slíkt mat fara fram á Hvalfirði enda yfirlýst stefna stjórnvalda að fiskeldi eigi ekki heima í firðinum. Í þessu sambandi skiptir engu máli hvort um sé að tefla sjókvíaeldi eða svokallað landeldi sem skýrsluhöfundur greinir frá að hann fyrirhugi að stofna til enda er með burðarþolsmati, skv. 3. gr. reglugerðarinnar, átt við:

Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Sérstaklega er í þessu sambandi bent á að skýrsluhöfundur greinir frá því að hann hyggist leggja gríðarlegt magn af skólpi með fráveitu sinni til fjarðarins og er því þegar af þeirri ástæðu skylt að burðarþolsmat fari fram. Umbj. minn bendir jafnframt á, að ef talinn er vera vafi á því að skylt sé að burðarþolsmæla Hvalfjörð, skv. framansögðu

Þá sé til þess að líta að fyrirhuguð starfsemi skýrsluhöfundar er ekki hreint landeldi, heldur einhverskonar blanda af landeldi og sjókvíaelði. Til þess að um hreint landeldi geti verið að ræða þarf eldið að vera algerlega lokað eldiskerfi á landi þannig að fiskur sé varanlega aðskilinn frá náttúrulegum viðtökum, það sé utan náttúrulegs sjávar, þannig að engin reglubundin opnun kerfisins eigi sér stað, algjör aðskilnaður sé frá frá villtum fiskistofnum og engin losun mengandi efna fari í grunnvatnshlot sjávar. Þessu er ekki til að dreifa með fyrirhugaða starfsemi skýrsluhöfundar. Hann hyggst stunda reglubundinn flutningi lifandi fisks í brunnbátum og/eða tankbílum og dæla til þess fiski út úr stöðinni og yfir í brunnbáta á opnu hafi og flytja þá þannig til áframeldis í sjókvíar. Brunnbátar eru því virkir hlutar eldisferlisins, þar sem fiskur er fluttur lifandi, hann losar úrgang, ber sjúkdóma og sníkjudýr og og getur strokið.

3. Umbj. minn bendir sérstaklega á að ekki er að finna í umhverfismatsskýrslunni hvernig fyrirhuguð starfsemi skýrsluhöfundar kemur til með að samræmast þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fyrir vatnshlotið Hvalfjörð, skv. lögum nr. 36/2011, sbr. og vatnatilskipun ESB 2000/60/EB. Sérstaklega er bent á ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, í dómi í máli nr. E-7/25, sem upp var kveðinn 16. desember s.l., sbr. https://eftacourt.int/wp-content/uploads/2025/12/7_25_Judgment_IS.pdf?x45686. Ekki verður annað séð af þeirri úrlausn en að áður en til þess kemur að skýrsluhöfundur geti lagt fram umhverfismatsskýrslu þá verði hann að hafa látið meta þau áhrif, sem framkvæmd og starfsemi geti haft á ástand grunnvatnshlots í skilningi tilskipunarinnar.
4. Ekki er að sjá að í umhverfismatsskýrslunni sé gerð grein fyrir því hvernig fyrirhuguð starfsemi kunni að uppfylla kröfur 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi um fjarlægðarmörk frá Laxá í Kjós ef svo ólíklega myndi vilja til að ráðherra myndi láta meta Hvalfjörð til burðarþols og Hafrannsóknarstofnun myndi ákveða skiptingu fjarðarins í eldissvæði skv. 6. gr. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði eru fjarlægðarmörkin 5 km en ósasvæði Laxár í Kjós liggur langt innan þeirra marka að mati umbj. míns. Teljist vera vafi þar á er nauðsynlegt að fram fari vísindalegt mat um þennan þátt en skýrsluhöfundur hefur ekki látið slíkt mat fara fram.
5. Í kafla 4.4 í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um stök og erfðablöndun eldislaxa við náttúrulega laxastofna. Umfjöllunin er algerlega óviðunandi að mati umbj. míns, sem bendir sérstaklega á að við blasi, að ef af fyrirhugaðri eldistöð skýrsluhöfundar verður, sé ljóst að eldislax úr stöðinni muni leita upp í Laxá í Kjós og valda þar óafturkræfri erfðamengun. Ekki er annað að sjá en að skýrsluhöfundar gerir ráð fyrir að til slíkra slysasleppinga muni koma. Þrátt fyrir það er enga sjálfstæða greiningu að finna í skýrslunni á þessari óhjákvæmilegu afleiðingu og til hvers hún muni leiða. Einungis eru tekin upp í skýrsluna, sbr. bls. 80-85, tilvísanir til annarra skýrslna um slysasleppinga á Íslandi og norskrar rannsóknar og vísað til þeirra óæskilegu áhrifa sem slíkar sleppingar hafi óhjákvæmilega á náttúrulega laxastofna. Umbj. minn bendir á, í þessu sambandi, að mjög skortir á að greint sé frá því í skýrslunni hvernig skýrsluhöfundur hyggst standa að færslu frjórna laxa frá stöðinni yfir í báta þá sem ætlað er að flytja laxinn til annarra stöðva.
6. Umbj. minn mótmælir öllum hugleiðingum skýrsluhöfundar um að fyrirhuguð starfsemi hans hafi óveruleg eða lítil áhrif á vistkerfi Hvalfjarðar. Hvort sem um er að ræða skoðanir skýrsluhöfundar á áhrifum hennar til skemmri eða lengri tíma. Telur umbj. minn jafnframt að skýrsluhöfundur hafi með engu móti fært fram sannfærandi vísindaleg rök fyrir máli sínu. Þegar virt eru bannákvæði 8. gr. laga nr. 33/2024, um varnir gegn mengun hafs og stranda, verður að telja að skýrsluhöfundur hafi fullkomna sönnunarbyrði fyrir því að engin umhverfisáhrif leiði af fyrirætlan hans.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni verður aðeins um tveir þriðju hlutar ($\frac{2}{3}$) þess úrgangs sem til fellur hreinsaðir, en um þriðjungur ($\frac{1}{3}$) losunar fer í Hvalfjörð. Slík losun jafngildir skólpmagni stórs bæjarfélags og leggst inn í lokaðan fjörð. Um er að ræða köfnunarefni og fosfór með miklu lífrænu álagi auk þess kemur þar til með að gæta leifar efna sem koma til með að verða notuð í starfseminni svo sem sótthreinsiefni, sýrur og lyf. Þetta leiðir til svokallaðrar ofauðgunar og tilheyrandi súrefnisskortis og að endingu til varanlegra breytinga á vistkerfinu. Engin tilraun er gerð í umhverfismatsskýrslunni til að greina þessi áhrif með sannfærandi hætti.

7. Umbj. minn vill benda á að viðkvæmu lífríki Hvalfjarðar stafar veruleg ógn af fyrirætlunum skýrsluhöfundar en stjórnvöldum er skylt að vernda slíkt lífríki til frambúðar, sbr. 1. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, 1. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, 12. gr. og 14. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Þá vísar umbj. minn til alþjólegra skuldbindinga Íslenska ríkisins svo sem alþjóðasamþykktar um fuglavernd (Stj.tíð C 14/1956), Ramsarsamninginn, um verndun viltra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu (Stj.tíð C 17/1993), samning um líffræðilega fjölbreytni (Stj.tíð C 3/1995), samning um verndun NA-Atlantshafsins frá 1992 og Árósasamninginn frá 1998.
8. Varðandi skyldur stjórnvalda til náttúruverndar vill umbj. minn benda á að Kjósarhrepp og Hvalfjörð má finna á C-hluta náttúru-minjaskrár sbr. 3. tl. 2. mgr. 33. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sem kveður á um svæði sem ástæða þykir til að friðlýsa (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>). Einnig hefur Náttúrufræðistofnun Íslands lagt fram tillögur að svæðum sem ættu að heyra til B-hluta náttúru-minjaskrár þar sem finna má Hvalfjörð sem er tilnefndur vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>). Þá segir í 3. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga að forðast beri að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúru-minjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að sýna skuli sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúru-minjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni. Í matsskýrslunni er hvergi að finna umfjöllun um þessi mikilsverðu lagafyrirmæli og hvernig fyrirhuguð starfsemi skýrsluhöfundar samræmist þeim.
9. Í 8. gr. laga um náttúruvernd segir að ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Krafan um þekkingu skal vera í samræmi við eðli ákvörðunar og væntanleg áhrif hennar á náttúruna. Ennfremur segir í 9. gr. sömu laga að þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laganna, án þess að fyrir liggji með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Umbj. minn telur að í umhverfismatsskýrslu sé hvergi að finna upplýsingar um það hvernig skýrsluhöfundur hyggst koma í veg fyrir að fyrirhuguð starfsemi hans muni ekki brjóta í bága við ofangreind ákvæði náttúruverndarlaga og bendir umbj. minn á að ótækt sé að stofna vistkerfum og náttúru í hættu vegna skorts á vísindalegri þekkingu.
10. Umbj. minn bendir á að mjög skortir á að í umhverfismatsskýrslunni sé greint frá því með fullnægjandi hætti hvernig fyrirhuguð starfsemi skýrsluhöfundar komi til með hafa áhrif á ferðir náttúrulegra laxa og silungs sem heimkynni sín eiga í Laxá í Kjós. Um Hvalfjörð liggur leið allra laxa sem vitja heimaár sinnar, Laxár í Kjós, til hrygningar eftir

sjávardvöl. Hvergi er greint frá því hvort skýrsluhöfundar telja að fyrirhuguð starfsemi hafi áhrif á göngur laxa eða ekki en þekkt er að laxar nota lyktarskyn sitt til að rata aftur í heimaá. Sjóbirtingur og sjóbleikja, sem ganga til Laxár í Kjós eiga heimkynni sín að hluta í Hvalfirði og sækja þangað fæðu sína. Fiskar þessir ganga síðan í ferskvatn Laxár til hrygningar. Öldungis er óvíst hvernig frárennsli frá fyrirhugaðri eldisstöð skýrsluhöfundar komi til með að hafa áhrif þar á og skortir slíka umfjöllun algerlega í skýrsluna.

11. Umbj. minn vekur athygli á að fyrirhuguð starfsemi skýrsluhöfundar er ætlaður staður við sjávarsíðuna örfáum metrum frá fjöruborði. Fram kemur í skýrslunni að gert er ráð fyrir að eldisker verði staðsett sem næst sjó til þess að hafa þá leið sem dæla þarf sjó til eldiskeranna sem stysta. Hvergi er hins vegar að sjá í skýrslunni nokkurt áhættumat vegna ágangs sjávar og hugsanlegra sjávarflóða. Gefur augaleið að nauðsynlegt er að krefjast þess að ítarleg greining fari fram á hættum þessu samfara enda ljóst að veruleg hætta er á eldislax sleppi úr kerum ef sjór gengur á land.

Af öllum framangreindum ástæðum er það krafa umbj. míns að skipulagsstofnun hafna umhverfismatsskýrslunni alfarið en til vara að lagt verði fyrir skýrsluhöfund að standa nákvæmar að gerð hennar í samræmi við þau atriði sem að framan er bent á.

Virðingarfyllt,
f.h. Veiðifélags Kjósarhrepps,



Ásgeir Þór Arnason, hrl.

[Guðrún Jónsdóttir](#)

Umsögn birt 26.12.2025

Ég mótmæli eindregið þessari risavöxnu fiskeldisframkvæmd sem fara á í við Hvalfjörðinn.

Ennfremur átta ég mig ekki á hvers vegna það eru aðstandendur og þar með hagsmunaaðilar fyrir hönd viðkomandi félags sem hafa umboð til að ráða sjálfir aðila til gerðar umhverfismats og kynna það svo sjálfir fyrir íbúum. Slíkt er fjarri því að vera trúverðugt.

Ég vil í lokin taka undir hvert orð Haraldar Eiríkssonar í grein hans á Vísi frá 26. desember 2025 og gera þau að mínum:

https://www.visir.is/g/20252821726d?fbclid=IwdGRjcAO7UV1jbGNrA7tRUMV4dG4DYWVtAjExAHNydGMGYXBwX2lkDDM1MDY4NTUzMTcyOAABHoaku7eWGCKWxHLdbAbEKir6bDr6UTzZXkLkqCwWCeiVoTt4okPSnkMzyjl6_aem_lk0SSew0Jpjt7mp20-VT3Q

Fiskeldisverksmiðja í Hvalfirði er galin hugmynd sem hafa mun alvarlegar afleiðingar í för með sér til framtíðar, bæði fyrir fólk og náttúru á Íslandi. Við eigum ekki að taka þetta í mál.

Skipulagsstofnun
bt. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

23. desember 2025, Reykjavík
UOS2511166/E.S.F.

Umsögn – Umhverfismatsskýrsla – Landeldi í Hvalfirði – 28.000 tonna eldi á ári

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 20. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

Umhverfis- og orkustofnun veitti umsögn um matsáætlun vegna sömu framkvæmdar þann 18. febrúar 2025.¹

Framkvæmdarlýsing

Aurora fiskeldi ehf. áformar að byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit og er fyrirhuguð framleiðsla um 28.000 tonn á ári, með 18.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Sjó verður dælt beint inn í stöðina úr Hvalfirði en áætluð vatnspörf er um 25,0 m³/sek og gert er ráð fyrir um 70% endurnýtingu á sjó. Áætluð ferskvatnspörf er að meðaltali um 7 l/s en við ferskvatnsframleiðslu verður notuð svokölluð RAS tækni en þá er um 99% af vatninu endurnýtt. Framkvæmdaraðili áformar að stöðin verði byggð upp í þremur áföngum en áætlað er að uppbygging hvers áfanga taki tvö ár og að fullri framleiðslu verði náð árið 2032.

Valkostir

Aðalvalkostur felst í því að Aurora fiskeldi byggi 28.000 tonna landeldistöð fyrir lax. Núllkosturinn felur í sér að ekki verði ráðist í framkvæmdina. Áhrifaþættir eru bornir saman við núllkost.

Framkvæmdaraðili áformar að stöðin verði byggð upp í þremur áföngum en áætlað er að uppbygging hvers áfanga taki tvö ár. Í umhverfismatskýrslunni eru umhverfisáhrif áfanga 2 og áfanga 3 metin og borin saman. Ekki þótti raunhæft að bera saman valkosti fyrir fyrsta og þriðja áfanga þar sem stærðarhagkvæmni næst ekki fyrr en í öðrum til þriðja áfanga. Valkostur 1 felur í sér áætlaða ársframleiðslu upp á 18.300 tonn af laxi og valkostur 2 áætlaða ársframleiðslu upp á 28.000 tonn af laxi. Umhverfis- og orkustofnun gerir ekki athugasemd við val á valkostum framkvæmdarinnar.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Umsogn_UOS_um_matsaaetlun-landeldi_i_Hvalfirdi.pdf

Leyfismál

Í kaflanum 2.3.15 *Leyfismál* er fjallað um leyfi sem framkvæmdin getur eftir atvikum verið háð. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki stofnunarinnar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Hafa ber í huga að gera þarf ráð fyrir lögnum í uppfærðu skipulagi.

Einnig kemur fram í kaflanum 2.3.16 *Samræmi við skipulag* að unnið sé að skipulagsbreytingu til þess að breyta skipulagi lóðarinnar úr athafnasvæði yfir í iðnaðarsvæði og aðliggjandi landnotkunarflokkum vegna útrásarinnar frá fiskeldinu og vatnstökunni úr sjó.

Fiskeldi er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. viðauka II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnunin getur aðeins gefið út starfsleyfi fyrir starfsemi sé hún í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og minnir á að málshraðviðmið fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar.

Viðmið umhverfisáhrifa

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í kaflanum 4.1.1 *Viðmið umhverfisáhrifa* hefði þurft að telja upp [Vatnaáætlun 2022-2027](#).

Áhrif á vatn

Stofnunin telur jákvætt að allt ferskvatn fyrir starfsemina verði unnið úr sjó og stuðst við RAS 99% endurnýtingarkerfi þannig að ekki sé þörf á nýtingu grunnvatns á svæðinu.

Í umhverfismatsskýrslunni eru áhrif losunar á strandsjárhlottin metin og talið að losun starfseminnar muni ekki hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlottanna. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að álag vegna starfseminnar sé ekki það mikið að vatnshlotti nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í starfsleyfi fyrir fiskeldið verður gerð krafa um vöktun á áhrifum starfseminnar á vatnshlotti sem verða fyrir áhrifum. Vöktunin skal vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og útgefna [leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar fyrir gerð vöktunaráætlunar fyrir yfirborðsvatnshlot](#).

Úrgangur

Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt að lífrænn úrgangur frá fiskeldinu verði meðhöndlaður með hliðsjón af 57. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í samræmi við forgangsöröðun við meðhöndlun úrgangs.

Fram kemur í skýrslunni að framkvæmdaraðili hafi haft tvær aðferðir til skoðunar varðandi möguleika á nýtingu úrgangsins, þ.e. framleiðslu lífgass og þurrkun úrgangsins sem

íblöndunarefni fyrir áburð. Stofnunin telur mikilvægt fram komi hvaða fyrirkomulag varðandi meðhöndlun úrgangsins rekstraraðili telji raunhæft að nota þangað til hægt er að fara þær leiðir sem nefndar eru í skýrslunni. Jafnframt bendir stofnunin á að ekki er hægt að heimila losun frárennslis frá fiskeldinu án hreinsunar og því nauðsynlegt að hafa farveg fyrir meðhöndlun úrgangsins strax í upphafi starfseminnar. Í starfsleyfi verður gerð krafa um áætlun um meðhöndlun úrgangs.

Annað

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að tilvísanir í heimildaskrá hafa hliðrast til í textanum í umhverfismatsskýrslunni, sem dæmi er tilvísun nr. 13 í textanum, heimild nr. 14 í heimildaskrá.

Samantekt

- Strandsjávarhlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum um að minnsta kosti gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand.
- Tryggja þarf að vatnshlotin nái umhverfismarkmiðum sínum og að ástand þeirra rýrni ekki.
- Gerð er krafa um vöktunaráætlun í starfsleyfi fyrir fiskeldi.
- Gera þarf grein fyrir raunhæfum kostum varðandi meðhöndlun úrgangs sem hægt er að notast við strax í upphafi starfseminnar.
- Í starfsleyfi fyrir fiskeldi er gerð krafa um áætlun um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Rakel Sæmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Skipulagsstofnun

b.t. Sigurður Ásbjörnsson

Hvalfjarðarsveit
Innrímel 3
301 Akranes
Sími 433 8500
Kt. 630606-1950

Hvalfjarðarsveit, 18. desember 2025

Efni: Landeldi í Hvalfirði – 28.000 tonna eldi á ári. Mál nr. 75/2025

Umsögn Hvalfjarðarsveitar dags. 10. desember 2025

„Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Hvalfjarðarsveitar við mál nr. 0075/2025 í Skipulagsgátt er varðar landeldi í Hvalfirði, en um er að ræða kynningu á umhverfismatsskýrslu (mati á umhverfisáhrifum) og er kynningartími frá 20.11.2025 til 2.1.2026. Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla sem Efla verkfræðistofa hefur unnið fyrir Aurora fiskeldi ehf. vegna umhverfismats landeldis á Grundartanga, þar sem fyrirhugað er að framleiða 28.000 tonn af laxi á ári.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar, dags. 27.2.2025, um matsáætlun vegna framkvæmdarinnar var lögð áhersla á að í umhverfismatsskýrslu þyrfti að koma skýrt fram hver væri heildarfervatnspörf framleiðslunnar og hversu margir sekúndulítrar þar af þyrftu að koma frá vatnsveitu (eða úr sjó), ásamt nákvæmri lýsingu á því hvernig þess vatns yrði aflað.

Einnig væri ástæða til að skýra hvernig komið yrði í veg fyrir slysasleppingar við flutning sláturfisks, svo sem frá kerjum til skips. Þá var bent á að eins og fram kæmi í matsáætlun væri framkvæmdasvæðið í jaðri svæða á Náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi.

Gera þyrfti skýra grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á þessi svæði og hvernig reynt yrði að lágmarka þau.

Um öll þessi atriði er fjallað í umhverfismatsskýrslunni. Þar kemur m.a. fram að horfið hafi verið frá því að fá ferskvatn úr grunnvatnsgeymi og að í þess stað verði vatnið unnið úr sjó. Eins og ráða má af umhverfismatsskýrslunni er um allstóra framkvæmd að ræða, sem óhjákvæmilega hefur áhrif á umhverfið. Áhrif á flesta þætti eru þó talin óveruleg, nema hvað áhrif á vistgerðir og gróðurfar annars vegar og landslag og ásynd hins vegar eru metin nokkuð neikvæð. Sama á við um áhrif á fuglalíf á meðan á framkvæmdum stendur. Hvað vistgerðir og gróðurfar varðar kemur fram í skýrslunni að framkvæmdin muni valda varanlegu raski á vistgerðum svæðisins. Að einhverju leyti er þar þó um að ræða svæði sem þegar hefur verið raskað og auk þess eru áhrifin talin staðbundin. Fuglalíf á svæðinu verður fyrir beinu varanlegu raski skv. umhverfismatsskýrslunni. Truflun verður þó mest á framkvæmdatíma. Á rekstrartíma eru áhrifin fyrst og fremst sögð felast í búsvæðatapi þar sem að land fer undir mannvirki. Erfitt sé að segja til um hvort fuglar muni alfarið hörfa af framkvæmdarsvæðinu en líklegt sé að þeir færi sig um set yfir á nærliggjandi landssvæði. Þarna virðist því nokkur óvissa til staðar.

Í umhverfismatsskýrslunni er rakið hvernig lágmarka eigi hættu á slysasleppingum, m.a. út frá þeirri reyngu sem fengist hefur eftir óhöpp í landeldi á síðustu árum. Stuðst verður við tvöfalda eða þrefalda vörn við slysasleppingum frá stöðinni með ristum, síum, fiskigildrum, skynjurum, myndavélum o.fl. Varnaraðgerðum við flutning seiða er lýst og fjallað um vöktun, eftirlit og viðbragð.

Framkvæmdaraðili kveðst meðvitaður um hættu á erfðablöndun vegna slysasleppinga, en telur að með þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar eru í skýrslunni séu „áhrif framkvæmdarinnar á umhverfispáttinn óveruleg“, eða með öðrum orðum að líkur á slysasleppingum verði mjög litlar.“

Virðingarfyllt,
f.h. Hvalfjarðarsveitar
Umhverfis- og skipulagsdeild

Fiskistofa

[Guðni Magnús Eiríksson](#)

Umsögn birt 17.12.2025

Fiskistofa vísar til umsagnar sinnar vegna matsáætlunar fyrir 28.000 tonna landeldi í Hvalfirði, dags. 12. febrúar 2025. Í þeirri umsögn bendir Fiskistofa á að fjallað verði sérstaklega um varnir gegn stoki og áhrif stroks vegna hugsanlegrar erfðablöndunar. Ágæt umfjöllun er um þá þætti í fram lagðri umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslunni koma fram skýringar á því hvernig koma á í veg fyrir stök fiska úr eldisstöðinni. Það verði gert með tvöfalda/þrefalda vörn gegn slyasleppingum frá stöðinni, annars vegar stárlistar í eldiskörum/tromlu eða diskasíur og hins vegar fiskilgildru í frárennsli stöðvar. Síur/grindur með nógu litlum möskva á viðeigandi stöðum. Skynjarar og myndavélar verða til staðar sem nema hættuástand og loka kerfum þegar hætta er á að kerfi farið á yfirfall.

Fiskistofa telur að með ofangreindum búnaði verði líkur á stoki fiska frá stöðinni litlar.

Í kafla 4.4.1. mætti vísa til laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 16. desember 2025
Tilvísun: 2511999

Umsögn um umhverfismatsskýrslu Aurora fiskeldis ehf. vegna 28.000 tonna landeldis í Hvalfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 20. nóvember sl, þar sem óskað er umsagnar Matvælastofnunar um umhverfismatsskýrslu Aurora fiskeldis ehf. vegna 28.000 tonna landeldis á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit.

Aurora fiskeldi ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) hyggst byggja landeldisstöð fyrir áframeldi á laxi á lóð nr. 34 á Grundartanga. Hámarkslífmassi verður 18.000 tonn og framleiðslugetan 28.000 tonn á ári. Framkvæmdaraðili áformar að áfangaskipta uppbyggingunni og verði hún byggð upp í þremur áföngum. Gert er ráð fyrir að uppbygging hvers áfanga taki tvö ár og nái fullum afköstum 2032. Þannig er gert ráð fyrir að í fyrsta áfanga verði um 6.000 tonna hámarkslífmassi, í öðrum áfanga verði um 11.000 tonn og í þriðja og síðasta áfanga verði standandi lífmassi um 18.000 tonn.

Matvælastofnun veitti umsögn um matsáætlun þann 17. janúar 2025. Matvælastofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu Aurora fiskeldis ehf.. Að mati stofnunarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum að mestu í umhverfismatsskýrslu með fullnægjandi hætti. Í umsögn um matsáætlun kom fram athugasemd varðandi smit- og sjúkdómsvarnir og efnainnihald eldisvatns og vil stofnunin ítreka þá athugasemd. Í umhverfismatsskýrslu í kafla 2.2.5 er fjallað um þá vöktun sem er á svæðinu er varðar efni eins og flúor og þungmálma. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að vakta sérstaklega flúor í eldisvatni og afurðum þar sem það er ekki gert í hefðbundnum mælingum á heilnæmi afurða.

Í kafla 2.3.7 er fjallað um fráveitu og úrgang. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að til skoðunar sé að nota lífrænan úrgang í lífgasverksmiðju eða þurrka hann og nota efnið sem hráefni í áburð. Lagalegur grundvöllur fyrir því liggur ekki fyrir og hvorug leiðin hefur verið þróuð á þann hátt að vera líklegar og tilbúnar til notkunar í náninni framtíð. Sem valkost er líka lagt til að nota óunna fiskimykju í jarðvegsbæti á stöðum sem eru ekki notaðir til að framleiða fóður fyrir dýr eða sem beutiland. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að unnið verði með raunhæfar lausnir á notkun lífræns úrgangs frá eldinu þar til kostir um framleiðslu á lífgasi og áburðaframleiðslu raungerist.

Í kafla 2.3.8 er umfjöllun um meðhöndlun á dauðfiski. Lýsing í þeim kafla er að mati Matvælastofnunar ekki mjög ítarleg og mætti gera frekari grein fyrir þeim þætti m.a út frá getu meltu tanks til að taka við miklu magni fisks ef upp kemur massadauði.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

A handwritten signature in blue ink that reads "Steinar Rafn Beck".

Steinar Rafn Beck Baldursson
Fagsviðsstjóri leyfamála

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

16. desember 2025
202511-0070/A.B.

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Landeldi í Hvalfirði - 28.000 tonna eldi á ári

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um ofangreinda matskýrslu fyrir landeldi í Hvalfirði.

Framkvæmdarlýsing

Í erindinu kemur fram að Aurora fiskeldi ehf. áformar að byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 28.000 tonn á ári. Framkvæmdaraðili áformar að stöðin verði byggð upp í þremur áföngum en áætlað er að uppbygging hvers áfanga taki tvö ár. Lífmassi verður aukinn línulega á framkvæmdatímanum. Sjó verður dælt beint inn í stöðina úr Hvalfirði en áætluð vatnspörf er um 27,0 m³ /sek og gert er ráð fyrir um 75% endurnýtingu á sjóvatni. Áætluð ferskvatnspörf er um 7,2 l/s en gert er ráð fyrir 99% endurnýtingu á ferskvatnshluta framleiðslunnar.

Vistgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Framkvæmdarsvæðið samanstendur að mestu af endurheimtu votlendi; starungsmýravist, brokflóavist og língresi/vingulsvist eru ríkjandi og hafa hátt til mjög hátt verndargildi. RORUM framkvæmdi vettvangsathuganir árið 2025 og fann 71 tegund æðplantna sem allar voru algengar. Framkvæmd mun valda varanlegu raski á vistgerðum, m.a. vegna mannvirkja, vegagerðar og lagna. Þar sem verndargildi votlendisins er talið skert vegna fyrri framræslu metur framkvæmdaraðili það svo að áhrif á verndargildi verði staðbundin og óveruleg; vægi áhrifa eru nokkuð neikvæð.

Í greinargerð er vísað í að votlendisvistgerðir hafi minna verndargildi vegna þess að svæðið er í endurheimt og hefur verið framræst, en Náttúruverndarstofnun bendir á að verndargildi samkvæmt lögum fer fyrst og fremst eftir vistgerðaheiti, flokkun og sjaldgæfni.

Votlendi á framkvæmdarsvæðinu nær yfir starungsmýravist sem er á lista Bernarsamningsins um vistgerð sem þarfnast verndar. Náttúruverndarstofnun tekur undir að áhrif á vistgerðir eru varanleg. Það þarf að leggja fram nákvæma áætlun um hvernig raski verði komið til móts (t.d. með endurheimt sambærilegra vistgerða eða verndun svæða annars staðar).

Þar sem innan framkvæmdasvæðis eru vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt alþjóðasamningum telur stofnunin áhrifin vera talsverð neikvæð.

Mótvægisáðgerðir

Til að mæta varanlegu raski á votlendisvistgerðum er nauðsynlegt að endurheimt fari fram á sambærilegum vistgerðum innan framkvæmdasvæðis eða í næsta nágrenni, þannig að tap á vistgerða verði bætt upp. Endurheimt þarf að byggjast á staðbundnum vistgerðaeinkennum og henni þarf að fylgja eftir með vöktun til að tryggja árangur.

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi hefðu ofangreind lög þurft að vera sem viðmið í umhverfismati.

Í greinargerð kemur fram að vettvangsathuganir á vori, varptíma og hausti 2025 leiddu í ljós að 31 tegund fugla nýtir svæðið; níu tegundir verpa þar og nokkrar eru farfuglar eða í fæðuleit. Svæðið er hluti mikilvægs fuglasvæðis, en framkvæmdin mun fela í sér varanlegt búsvæðatap og tímabundna truflun á framkvæmdatíma. Framkvæmdaraðili metur truflun á framkvæmdartíma sem nokkuð neikvæða, en á rekstrartíma verður landnotkunin varanleg, áhrifin verða óveruleg neikvæð og fuglar gætu flust á nærliggjandi svæði.

Í greinargerð segir að allar þær fuglategundir sem sáust í rannsókn RORUM eru algengar í sama kjörlendi víða um land. Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar.¹

Varðandi fuglategundir sem finnast víða um land þá bendir Náttúruverndarstofnun á að fjölmargar fuglategundir eru undir álagi.

Sem dæmi þá sýna talningar af suðurlandi marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings.² Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun gætu þetta verið

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

merki um svæðisbundin neikvæð áhrif manlegra umsvifa á þéttleika mófugla.³ Náttúruverndarstofnun bendir á að lóuþræll, spói, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands⁴ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofni þeirra verpir hér á landi. Heiðlóa og lóuþræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði valista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025⁵, en síðasti valisti hafði verið birtur árið 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu valistans. Heiðlóa, spói og lóuþræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeýðing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því erað draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.

Í greinargerð framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir að fuglar á svæðinu færi sig á nærliggjandi svæði og að áhrif á stofna verði því óverulega neikvæð. Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að fara varlega í slíkar atferlistúlkanir án gagna; bestu búsvæðin eru jafnan fyrst nýtt og mikil samkeppni ríkir um þau. Það að hrekja fugla af búsvæðum sínum felur í sér raunverulega skerðingu á líffræðilegri fjölbreytni, jafnvel þótt svæðið sé umkringtt sambærilegum vistgerðum. Aðrir einstaklingar hafa líklega markað sér óðöl á nærliggjandi svæðum og því er ólíklegt að þau sé ónýtt. Sömuleiðis hafa fuglafræðingar velt því fyrir sér hvort atferlissvörum mófugla sé nægilega sveigjanleg til þess að færa sig yfir á ný búsvæði þegar þeirra svæðum er raskað. Fullorðnir einstaklingar eru því líklegir til þess að koma aftur á sama svæði þó varpárangur sé enginn, en líklegra er að landnám nýrra búsvæða eigi sér stað í gegnum dreifingu ungfugla frekar en að fullorðnir fuglar færi sig um set.⁶

Náttúruverndarstofnun bendir á að óljóst er hvort að fjallað hafi verið um jaðaráhrif á fuglalíf og hvort að mannvirki hindri farleiðir fugla t.d. frá tjörnum og votlendi að strönd.

Í greinargerð segir að lagnir munu liggja frá lóð framkvæmdaraðila og til sjávar og mun framkvæmdaraðili fleygja eða sprengja rásir í og við strandlengjuna til þess að koma þeim fyrir. Framkvæmdin mun því valda beinu og varanlegu raski á fjöruvistgerðum svæðisins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að eins og kemur fram í greinargerð að framkvæmdin nær til svæðis sem er á náttúruminjaskrár vegna fuglalífs, nr. 235 og nefnist það Hvalfjarðarströnd. Því er lýst sem „fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.“

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að svæði á náttúruminjaskrá sé sér umhverfisþáttur í umhverfismati og að framkvæmdin hafi ekki neikvæði áhrif á svæðið og rýri verndargildi þess. Því þarf m.a. fjalla ýtarlega um fráveitulagnir og frágang þeirra og áhrif þeirra á ströndina.

Fráveita

³ Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar

⁴ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

⁵ Náttúrufræðistofnun – Valisti fugla 2025

⁶ Tómas G. Gunnarsson – Íslenskir mófuglar og skógrækt

Í umhverfismatsskýrslu er ekki gerð bein grein fyrir áhrifum fráveitu á fuglalíf. Umfjöllun um fráveitu snýr fyrst og fremst að áhrifum hennar á gæðapætti strandsjávarhlots samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, en tenging þess mats við áhrif á fuglalíf og annað lífríki er ekki útskýrð.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um hvort og með hvaða hætti fráveita geti haft áhrif á fuglalíf. Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er innan mikilvægs fuglasvæðis og við kjörvistgerðir fyrir fugla sem eru ábyrgðartegundir Íslands og hefur fækkað mikið á síðustu árum er mikilvægt að hvorki fráveita né úrgangsmeðhöndlun geti laðað að afræningja, hræ- eða alætur líkt og máfugla sem hafa mikil áhrif á varp, fæðukeðju og vistkerfi í heild. Telji framkvæmdaraðili að niðurstöður mats á vatnshlotinu nýtist jafnframt sem grundvöllur fyrir mat á áhrifum á fuglalíf og annað lífríki í sjó, þarf slíkur rökstuðningur að koma skýrt fram í greinargerð.

Þá er jafnframt óljóst hvort vöktun sem gert er ráð fyrir í starfsleyfi fiskeldisins nái til mögulegra áhrifa fráveitu á fuglalíf, eða hvort hún takmarkist við hefðbundna vöktun vatnsgæða.

Þar sem framkvæmdin mun valda álagi á fugla sem eru ábyrgðartegundir, eru á valista og mikilvægt fuglasvæði telur að umhverfisáhrif á fuglalíf sé talsvert neikvæð.

Því er mikilvægt er að leita allra leiða til mótvægisáðgerða. Þar sem framkvæmdasvæðið er kjörið búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda framkvæmdum — ef af þeim verður — í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.⁷

Tjarnir og votlendi

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan svæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðisvæðis, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun telur það óljóst hvort að vegagerð og umferð umhverfis tjörnina muni valda þurrkáhreifum og einhverskonar álagi á fuglalíf, en í greinargerð er lögð áhersla á að raska ekki tjörninni frekar og reyna frekar að endurheimta hana. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Framkvæmdarleyfi

⁷ Tómas Gréтар Gunnarsson, 7. maí 2025. Að taka tillit til mófugla á varptíma, Þoka. Sótt 28. ágúst

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Samlegðaráhrif

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þau samlegðaráhrif sem geta orðið vegna annarrar uppbyggingar og starfsemi í nágrenni fyrirhugaðrar framkvæmdar. Á það bæði við á rekstrar og framkvæmdatíma.

Náttúruverndarstofnun telur að fjalla hefði átt mun nánar um þá þætti sem undir þennan lið falla í umhverfimat.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur